FRÉTTABLAÐIÐ
FRÍTT
111. TÖLUBLAÐ 17. ÁRGANGUR — MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI* — FÖSTUDAGUR 12. MAÍ 2017

# Ákvörðun HB Granda kallar á gjaldtöku

**Sjávarútvegsráðherra segir það sitt stærsta viðfangsefni að ná sátt um gjaldtöku af sjávarauðlindinni. Mál HB Granda á Akranesi þrýsti á að hún sé tekin föstum tökum. Að flytja störf frá Akranesi til Reykjavíkur gengur gegn kröfunni um byggðafestu.**

**ATVINNUMÁL** „Þetta eru vondar fréttir en ég bind vonir við að forsvarsmenn HB Granda og Akranesbæjar eru að tala saman. Ég vona að eitthvað jákvætt komi út úr því enda eru 86 einstaklingar, mest konur, að missa vinnuna sem hafa byggt upp mikinn mannauð,“ segir Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir, sjávarútvegsráðherra, um þær fréttir að HB Grandi mun leggja niður botnfiskvinnslu sína á Akranesi og flytja starfsemina til Reykjavíkur.

Þá niðurstöðu tilkynnti Vilhjálmur Vilhjálmsson, forstjóri HB Granda, starfsfólki í gær en ástæðan er fyrirsjáanlegt tap fyrirtækisins af vinnslunni. Hjá HB Granda og dótturfélögum á Akranesi starfa 270 manns, en allt að 150 störf, að afleiddum störfum meðtöldum, munu tapast í byggðarlaginu.

„Ég vona að Akranesbær spýti í lófana, þeir hafa gert góða hluti á síðustu árum og fái Faxaflóahafnir til að fjárfesta í höfninni, og ekkert sleppa þeim við það, og þá koma fyrirtækin og nýta þennan mikla mannauð.“

Þorgerður segir að eðlileg hagræðing innan sjávarútvegsins sé mjög mikilvæg og hafi skipt máli fyrir fjárfestingu í greininni, „en hagræðing verður að fara saman við kröfuna um byggðafestu og atvinnuöryggi. Það er ekki gert með því að flytja störfin til Reykjavíkur – það er ekki samhengi þarna á milli,“ segir Þorgerður og bætir við að málið sé angi af öðru stærra – og hennar stærsta viðfangsefni sem sjávarútvegsráðherra.

„Það er sátt um gjaldtöku af auðlindinni. Þetta mál ýtir á að gjaldtakan verði tekin föstum tökum núna. Á meðan samfélagið telur að útgerðin hafi ekki borgað sanngjarna greiðslu fyrir sjávarauðlindina þá er þolinmæðin minni gagnvart svona stórtækum aðgerðum,“ segir Þorgerður. – shá / sjá síðu 8

> ... hagræðing verður að fara saman við kröfuna um byggðafestu og atvinnuöryggi.



Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir sjávarútvegsráðherra

## Starfsfólk vonsvikið með ákvörðunina

„Auðvitað héldum við öll í vonina um að að þessu kæmi ekki. Þetta er það sem er að rústa litlu bæjarfélögunum, þegar stóru fyrirtækin koma og haga sér eins og einhverjir kóngar. Þetta er náttúrulega ömurlegt,“ segir Elsa Hrönn Gísladóttir, starfsmaður HB Granda.

Starfsmenn HB Granda sem Fréttablaðið ræddi við voru vonsviknir með ákvörðunina en hún kom þeim þó ekki á óvart.

Jafnframt sjá þeir ekki fyrir sér að þeir muni þiggja nokkuð boð um að vinna áfram fyrir fyrirtækið suður í Reykjavík. Það gangi einfaldlega ekki upp. „Ekki nema að hann ætli persónulega að passa fyrir okkur börnin, sem ég stórefast um,“ segir Elsa enn fremur og vísar til Vilhjálms Vilhjálmssonar forstjóra.



HB Grandi mun senda 86 starfsmönnum sínum í botnfiskvinnslu á Akranesi uppsagnarbréf fyrir mánaðamót. Vinnslan verður færð til Reykjavíkur í hagræðingarskyni, en þar sem tap er fyrirsjáanlegt af vinnslunni hættir fyrirtækið starfseminni. Þau voru þung skrefin hjá starfsfólkinu eftir að ákvörðun forsvarsmanna fyrirtækisins var kynnt í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON



Um 50 mótmælendur mættu fyrir utan Grand Hótel. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

## Mótmæltu meintum rasista

**SAMFÉLAG** Nokkur hópur mótmælti Robert Spencer sem hélt fyrirlestur á Grand Hóteli í gærkvöldi. Spencer hefur verið sakaður um íslamófóbíu og rasisma. Að sögn Semu Erlu Serdar kom til nokkurra orðaskipta á milli skipuleggjanda fyrirlesturins og mótmæland. - þea

## Fréttablaðið í dag

**SKOÐUN** Bergur Ebbi skrifar um hroka 21. aldarinnar. 17

**SPORT** Gunnar Nelson verður aðalatriðið í Glasgow. 18

**MENNING** Á laugardagskvöldið verða sýnd fjögur ný örleikrit eftir jafn mörg skáld frá fjórum Norðurlandanna. 30

**LÍFIÐ** Robin Bengtsson, sem keppir fyrir hönd Svíþjóðar í Eurovision, er ekkert að stressa sig á lífinu. 42



**PLÚS 2 SÉRBLÖÐ ● FÓLK ● SUMAR OG BÖRN**

*Samkvæmt prentmiðlakönnun Gallup apríl-júní 2015









## Veður




Áfram hvöss norðaustanátt, stormur og hvassir vindstrengir undir Eyjafjöllum og í Öræfum, en annars hægari vindur. Sums staðar dálítil él fyrir norðan, en þurrt að mestu vestanlands. Talsverð eða mikil rigning eða slydda austan til á landinu upp úr hádegi, einkum á Austfjörðum og á Suðausturlandi austan Öræfa. SJÁ SÍÐU 26

# Leikur bæjarlistir sínar



Margrét Örnólfsdóttir er heiðurslistamaður Kópavogs í ár og Sigtryggur Baldursson bæjarlistamaður. Tilkynnt var um valið á þeim í gær. Eins og sjá má var Sigtryggur afar kátur með þennan heiður og lék á svokallaðar parabólur fyrir utan Gerðarsafn. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK



**Benedikt Jóhannesson segir að tryggingagjaldið verði tekið til skoðunar síðar á kjörtímabilinu.** FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Tryggingagjaldið ekki lækkað í bráð

**EFNAHAGSMÁL** Á næstunni er ekki útlit fyrir að tryggingagjald verði lækkað, þrátt fyrir að atvinnuleysi hafi minnkað verulega og verið einungis 1,7 prósent í mars, samkvæmt mælingum Hagstofunnar.

„Nei, við höfum boðað það að við munum taka það til skoðunar síðar á kjörtímabilinu en það er ekki akkúrat núna. Það er fleira sem fellur þarna undir. Til dæmis almannatryggingaframlag og þar hafa útgjöldin aukist,“ segir Benedikt Jóhannesson fjármálaráðherra.

Tryggingagjald er samkvæmt Ríkisskattstjóra sérstakt gjald sem launagreiðendum ber að greiða af heildarlaunum launamanna sinna á tekjuári og eftir atvikum af eigin reiknuðu endurgjaldi. Tryggingagjaldið er nú 6,85 prósent og lækkaði um 0,5 prósent á síðastliðnu ári. **– sg**

> Við munum taka það til skoðunar síðar á kjörtímabilinu ...
>
> Benedikt Jóhannesson fjármálaráðherra

## Andlát

# Jóhanna Kristjónsdóttir

Jóhanna Kristjónsdóttir, rithöfundur og þýðandi, lést í fyrrinótt á heimili sínu eftir langvarandi erfið veikindi.

Jóhanna, sem fæddist árið 1940, fór snemma að fást við skriftir og gerðist blaðamaður á Morgunblaðinu. Hún vann að ýmsum félagsmálum og var fyrsti formaður Félags einstæðra foreldra.

Þegar Jóhanna lét af störfum á Morgunblaðinu 1995 hóf hún arabískunám í Sýrlandi, Egyptalandi og Jemen. Árið 2005 stofnaði hún Fatímusjóðinn sem í fyrstu beitti sér fyrir menntun stúlkna í Jemen og síðan fyrir margvíslegri neyðaraðstoð í Afríku og Miðausturlöndum.

Jóhanna lætur eftir sig fjögur uppkomin börn, sem og barnabörn og barnabarnabörn.

# Allt að mánaðarbið eftir nýjum bílum

**Langt skráningarferli, óvenjumargir frídagar og árstíðabundin sala til bílaleiga veldur því að mikill fjöldi bíla situr nú fastur hjá flutningafyrirtækjum landsins. Fyrirtækin hafa brugðið á það ráð að stafla bílum upp í gámum.**

**BÍLAR** Mikill fjöldi bíla er nú við bílastæði og í gámum hjá stærstu flutningafyrirtækjum landsins. Allt að mánaðarbið er eftir bílum sem fara í forskráningu hjá Samgöngustofu.

„Forskráningar hjá Samgöngustofu hafa gengið ótrúlega hægt og hafa valdið okkur hjá bílaumboðunum og þeim sem eru að flytja inn bíla gríðarlegum töfum. Það hefur valdið því að í sumum tilvikum er forskráning bíla sem jafnan hefur tekið tvo daga að taka allt að fjórum vikum. Þetta er þó misjafnt eftir bíltegundum,“ segir Jón Trausti Ólafsson, framkvæmdastjóri Öskju og formaður Bílgreinasambandsins.

„Það eru nokkrir þættir sem skýra þetta, í fyrsta lagi er mikill innflutningur í apríl og maí vegna bílaleigubíla. Einnig voru óvenju margir frídagar í apríl og maí sem hægðu á öllu. Samgöngustofa er á fjárlögum og hefur ekki náð að bæta við sig mannskap í takti við þessar auknu skráningar og umsýslu.“

„Svo það sem gerist í ofanálag er að það myndast ákveðinn tappi hjá flutningafyrirtækjum, þau hafa ekki pláss fyrir bílana sem safnast upp út af þessu og þá er verið að stafla bílum upp í gámum. Þetta er mjög vond staða fyrir mjög marga. Þetta hefur gríðarleg áhrif á bílaumboðin og bílaleigur og viðskiptavinir eru ekki sáttir við þennan tíma sem þetta tekur,“ segir Jón Trausti.

Hann segir óskiljanlegt að ekki sé brugðist betur við hjá Samgöngustofu eða samgönguráðuneytinu. „Við höfum rætt við ráðherra og höfum bent á leiðir til að flýta fyrir þannig að skráningum verði komið meira í hendur umboðanna eins og er til dæmis með tollamálin.

Undanfarna 18 mánuði hafa verið töluverð samskipti við Samgöngustofu en þeir skýla sér alltaf á bak við það að þeir hafi ekki fjárheimildir til að takast á við þessi auknu verkefni og þetta er að kosta þessi fyrirtæki fullt af peningum.

Samfélagslegur kostnaður er mun hærri en sparnaðurinn fyrir ríkið. Við erum mjög ósátt með hvernig að þessum málum er staðið,“ segir Jón Trausti. Hann segir starfsmenn Samgöngustofu vera að gera sitt besta en ljóst sé að þörf sé á aukinni fjárveitingu í þennan málaflokk.

**saeunn@frettabladid.is**



**Að sögn Jón Þórs hafa flutningafyrirtæki tekið upp á því að stafla bílum upp í gámum vegna skorts á plássi.** FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

> Forskráningar hjá Samgöngustofu hafa gengið ótrúlega hægt og hafa valdið okkur hjá bílaumboðunum og þeim sem eru að flytja inn bíla gríðarlegum töfum.
>
> Jón Trausti Ólafsson, framkvæmdastjóri bílaumboðsins Öskju






NISSAN
Innovation that excites
TÖFFARINN Í FJÖLSKYLDUNNI
NISSAN
JUKE
NISSAN JUKE 4X4
SJÁLFSKIPTUR / 190 HESTÖFL / EYÐSLA 6,5 L/100 KM*
4.190.000 KR.
STAÐALBÚNAÐUR Í NISSAN JUKE ACENTA ER MEÐAL ANNARS:
Íslenskur leiðsögubúnaður, bakkmyndavél, 6 öryggisloftpúðar, ABS með EBD, ESP skriðvörn, ISOFIX barnabílstólafestingar, Bluetooth handfrjáls símabúnaður, útvarp með geislaspilara, AUX og USB tengi fyrir MP3 spilara, 17" álfelgur, 60/40 skipting á aftursætum, samlitir speglar og hurðarhúnar, krómaðir hurðaopnarar, hæðarstilling á bílstjórasæti, hiti í sætum, aðgerðahnappar í stýri, sjálfvirk loftkæling, hraðastillir (Cruise Control), aksturstölva, rafdrifnir útispeglar, rafdrifnar rúður, þokuljós, varadekk, fjarstýrðar samlæsingar, hraðanæmt vökvastýri.
ENNEMM / SÍA / NM81975 *Miðað við uppgefnar tölur framleiðanda um eldsneytisnotkun í blönduðum akstri.
GE bílar
Reykjanesbæ
www.gebilar.is
420 0400
Bílasalan Bílás
Akranesi
www.bilas.is
431 2622
Bílasala Akureyrar
Akureyri
www.bilak.is
461 2533
Bílaverkstæði Austurlands
Egilsstöðum
www.bva.is
470 5070
IB ehf.
Selfossi
www.ib.is
480 8080
BL söluumboð
Vestmannaeyjum
481 1313
862 2516
BL ehf
Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík
525 8000 / www.bl.is
B|L

# Sigmundur einungis mætt einu sinni

**Þingmenn stjórnarandstöðunnar skipa öll sæti þeirra þingmanna sem verst mæta til atkvæðagreiðslu á Alþingi. Aðeins einn þingmaður hefur aldrei verið fjarverandi af óútskýrðum ástæðum. Sigmundur Davíð mætir illa í atkvæðagreiðslur.**



Þátttaka þingmanna í atkvæðagreiðslum segir ekkert um framlag þeirra á fundum hjá nefndum Alþingis. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

**STJÓRNMÁL** Sigmundur Davíð Gunnlaugsson, fyrrverandi forsætisráðherra, hefur mætt einu sinni til atkvæðagreiðslu á Alþingi frá þingsetningu, eða þann 22. desember 2016. Þá greiddi hann atkvæði í 28 skipti við afgreiðslu á svokölluðum bandormi. Alls hefur hann verið fjarverandi í 87,2 prósent tilfella frá því að þing kom saman síðastliðið haust.

Sex þingfundadagar eru eftir fram að þingfrestun og sumarfríum í lok mánaðarins.

Þátttaka alþingismanna í atkvæðagreiðslum er skrásett á heimasíðu Alþingis. Þingmenn mæta mjög misjafnlega vel til atkvæðagreiðslu en alla jafna eru ráðherrar mest fjarverandi við atkvæðagreiðslur. Þó eru á því undantekningar en sá þingmaður sem minnst hefur mætt, að Sigmundi undanskildum, er Ásta Guðrún Helgadóttir, þingmaður Pírata. Ásta hefur verið fjarverandi við 88 atkvæðagreiðslur á tímabilinu eða í 38,8 prósent tilfella. Þar með hefur hún verið meira fjarverandi en allir ráðherrar ríkisstjórnarinnar.

Þó munar aðeins einni atkvæðagreiðslu á Ástu og Kristjáni Þór Júlíussyni menntamálaráðherra, sem hefur verið fjarverandi 87 sinnum.

Það eru þingmenn stjórnarandstöðunnar sem mæta verst, ef frá er talinn menntamálaráðherra. Á eftir Sigmundi og Ástu Guðrúnu kemur Oddný G. Harðardóttir, þingmaður Samfylkingarinnar, sem hefur verið fjarverandi í þriðjungi atkvæðagreiðslna. Gunnar Bragi Sveinsson, þingmaður Framsóknarflokksins hefur verið fjarverandi í 31 prósenti tilfella.

Til eru þó þeir þingmenn sem varla láta sig vanta. Steinunn Þóra Árnadóttir, þingmaður Vinstri grænna, hefur aldrei verið fjarverandi frá því að þing hófst. Hún hefur einu sinni tilkynnt fjarvist. Flokksbræðurnir Birgir Ármannsson og Óli Björn Kárason, þingmenn Sjálfstæðisflokksins, hafa hvor um sig verið fjarverandi frá einni atkvæðagreiðslu.

## Fjarvistir ráðherra frá atkvæðagreiðslum


**Bjarni Benediktsson**
forsætisráðherra
**23,3%**


**Jón Gunnarsson**
samgönguráðherra
**20,7%**


**Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir**
sjávarútvegs- og landbúnaðarráðh.
**24,8%**


**Benedikt Jóhannesson**
fjármálaráðherra
**5,3%**


**Kristján Þór Júlíusson**
menntamálaráðherra
**38,3%**


**Þorsteinn Víglundsson**
félagsmálaráðherra
**6,6%**


**Björt Ólafsdóttir**
umhverfisráðherra
**23,3%**


**Óttarr Proppé**
heilbrigðisráðherra
**6,2%**


**Þórdís Kolbrún Gylfadóttir**
iðnaðarráðherra
**5,7%**


**Guðlaugur Þór Þórðarson**
utanríkisráðherra
**25,6%**


**Sigríður Á. Andersen**
dómsmálaráðherra
**21,9%**

## Mestu fjarvistir óbreyttra þingmanna í atkvæðagreiðslum:


**Sigmundur D. Gunnlaugs.**
Framsóknarfl.
**87,2%**


**Ásta Guðrún Helgadóttir**
Pírötum
**38,8%**


**Oddný G. Harðardóttir**
Samfylkingu
**33,5%**


**Gunnar Bragi Sveinsson**
Framsóknarfl.
**31,3%**

## Þessir mæta best í atkvæðagreiðslur:

| Nafn | Flokkur | Fjarvistir |
|---|---|---|
| **Steinunn Þ. Árnadóttir** | Vinstri græn | **Aldrei óútskýrð fjarvera** |
| **Birgir Ármannsson** | Sjálfstæðisflokki | **1 fjarvera** |
| **Guðjón S. Brjánsson** | Samfylkingu | **1 fjarvera** |
| **Logi Einarsson** | Samfylkingu | **1 fjarvera** |
| **Óli Björn Kárason** | Sjálfstæðisflokki | **1 fjarvera** |

**» Steinunn Þóra Árnadóttir er eini þingmaðurinn sem hefur aldrei tilkynnt fjarvist.**

Þá hafa Samfylkingarmennirnir Logi Einarsson og Guðjón S. Brjánsson einnig aðeins verið fjarverandi einu sinni hvor um sig.

Fréttablaðið óskaði eftir viðtali við Sigmund Davíð Gunnlaugsson um téðar fjarvistir með smáskilaboðum. Þeim svaraði Sigmundur skömmu síðar með sama hætti: „Sæl og blessuð. Nei takk. Ég er löngu hættur að svara svona rugli frá sérstökum áhugamönnum um mig. Ég er í vinnu sem þingmaður á hverjum einasta degi. Á þessu ári eru páskadagur og annar í páskum einu undantekningarnar. Það heyrir til undantekninga að ég mæti ekki í þinghúsið eða á skrifstofuna þegar eru þingfundardagar nema ég sé á fundum annars staðar á landinu. Hins vegar er ég iðulega að hitta fólk víðar en í þinghúsinu. Enn hafa ekki verið greidd atkvæði um tvísýnt mál á árinu. Mér sýnist fljótt á litið að það hafi verið þrír atkvæðagreiðsludagar á þinginu á þessu ári (fyrir utan tilfallandi atkvæðagreiðslur). Þar af var um helmingur allra atkvæðagreiðslna ársins sl. fimmtudag. Þann dag þurfti ég að fara á fundi í kjördæminu.“

Samkvæmt heimasíðu Alþingis hafa atkvæði verið greidd á níu mismunandi dögum frá áramótum.

snaeros@frettabladid.is






# Skólum gert að greiða fyrir efni frá RÚV

**MENNTUN** „Það kæmi sér afar vel í íslenskukennslu að hafa aðgang að efni eins og Kiljunni, Landanum, Orðbragði og þessum þáttum,“ segir Berglind Rúnarsdóttir, íslenskukennari við Borgarholtsskóla. Hún er ósátt við það að Ríkisútvarpið, sem er útvarp í almannaþágu, láti framhaldsskólunum ekki sjónvarpsefni í té endurgjaldslaust.

„Þetta myndi nýtast í kennslu en þetta þarf að kaupa alltaf sérstaklega af RÚV. Jafnvel þótt þú sért bara að kaupa hluta úr þætti þá er það selt í hverju tilfelli fyrir sig,“ segir Berglind. Hún segir fleiri íslenskukennara taka undir með sér. „Okkur íslenskukennurunum þykir þetta svolítið gamaldags. Og okkur vantar öll vopn í baráttunni fyrir því að halda þessu tungumáli á lífi – bara aðeins til að lífga upp á kennsluna,“ segir Berglind.




Ríkisútvarpið býður einstaklingum, fyrirtækjum og samtökum að kaupa efni. Skólar geta ekki fengið það endurgjaldslaust. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Berglind segir að íslenskukennarar í Borgarholtsskóla hafi skrifað menntamálaráðuneytinu bréf vegna þessa. Þar hafi þau svör fengist að ráðuneytið myndi ekki hlutast til vegna þessa. Kennararnir þyrftu að eiga um þetta mál við Ríkisútvarpið. Berglind segir engan vafa leika á því að kennarar myndu nýta sér efni frá RÚV meira við kennslu ef þeir fengju það endurgjaldslaust. „Ekki nokkur spurning.“ Á vef RÚV kemur fram að einstaklingar geta fengið mynd- eða hljóðbrot til einkanota fyrir 2.500 til 4.500 krónur. Fyrirtæki eða samtök geta fengið mynd- eða hljóðbrot til sýningar fyrir 20 þúsund krónur. jonhakon@frettabladid.is

# FRÍHAFNARDAGAR

# TAX FREE

# SNYRTIVÖRU DAGAR

DAGANA 11.-15. MAÍ
AFNEMUM VIÐ VIRÐISAUKASKATT*
AF ÖLLUM **SNYRTIVÖRUM**

*Að sjálfsögðu fær ríkissjóður 24% virðisaukaskatt af þessari sölu. Verðlækkunin 19,35% er alfarið á kostnað Hagkaups.

HAGKAUP
Skemmtilegast að versla

## Lítil klifurmús



Krakkar á leikskólanum Urðarhól í Kópavogi í gær vígðu þennan gríðarlega fína klifurvegg. Mikilvægt er að einbeita sér þegar maður klifur slíkan vegg og er ekki að sjá að einbeitingu skorti hjá þessum unga klifrara. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

## Fleiri Panamamál rannsökuð

**SKATTUR** Af þeim 34 málum sem tekin hafa verið til formlegrar rannsóknar hjá skattrannsóknarstjóra vegna gruns um skattalagabrot sem tengjast Panamaskjölunum hefur rannsókn verið lokið í fimm málum.

Í skriflegu svari skattrannsóknarstjóra til Fréttablaðsins kemur fram að tveimur málanna hafi verið vísað til héraðssaksóknara auk þess sem krafa hafi verið sett fram um sekt hjá yfirskattanefnd í þriðja málinu. Rannsókn í sjö málum er á lokastigi.

Rannsókn á átta málum hefur verið felld niður, meðal annars vegna þess að grunur hefur ekki reynst á rökum reistur eða vegna þess að ekki hefur reynst unnt að upplýsa mál með fullnægjandi hætti. Rannsóknir í 14 málum standa yfir.

Að sögn Bryndísar Kristjánsdóttur skattrannsóknarstjóra er fyrirséð að fleiri mál verði tekin til rannsóknar á næstu mánuðum þar sem grunur liggur nú fyrir um brot.

Vanframtalinn skattstofn nemur frá tugum milljóna króna til hundraða milljóna króna, að því er Bryndís greinir frá. **– ibs**

## Farga 1,6 tonnum af hreindýrakjöti

**STJÓRNSÝSLA** Fyrirtækinu Esju Gæðafæði var óheimilt að flytja inn ríflega 1,6 tonn af grænlensku hreindýrakjöti í nóvember síðastliðnum. Esja Gæðafæði kærði úrskurð Matvælastofnunar til atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytisins en úrskurðurinn féll á miðvikudag, 162 dögum eftir að Matvælastofnun hafnaði innflutningnum. Ráðuneytið hefur ákveðið að staðfesta úrskurð Matvælastofnunar. Esju Gæðafæði ber að farga kjötinu umsvifalaust í ljósi þess að meira en 60 dagar eru liðnir síðan kjötið var flutt inn til landsins.

Ástæða höfnunarinnar er að vörurnar voru ekki merktar með sams þykkisnúmeri og uppruni kjötsins þess vegna óljós. **– snæ**

# Myglan eyðilagði starfsmóralinn í velferðarráðuneytinu

**Velferðarráðuneytið kemur verst allra ráðuneyta út í mælingu á Stofnun ársins. Ástandið er betra í utanríkisráðuneytinu. Sýslumaðurinn á höfuðborgarsvæðinu og lögreglan eru á botninum. Laun eru sögð stór orsakaþáttur.**

**ATVINNULÍF** Þriðja árið í röð er Sýslumaðurinn á höfuðborgarsvæðinu í neðsta sæti á lista yfir Stofnun ársins 2017. Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu hefur á þessum sömu árum alltaf verið í næstneðsta sæti. Báðar stofnanirnar eru á lista yfir fyrirtæki með 50 starfsmenn eða meira.

Stofnun ársins 2017 var valin með þeim hætti að spurningalisti var lagður fyrir starfsfólk um 200 stofnana þar sem það var innt eftir mati á innra starfsumhverfi stofnunar sinnar. Í valinu er spurt út í þætti er varða stjórnun, starfsanda, launakjör, vinnuskilyrði, sveigjanleika í vinnu, sjálfstæði í starfi, ímynd stofnunar, ánægju og stolt og jafnrétti.

Stofnanir ársins eru þrjár: Reykjalundur er sigurvegari í flokki stofnana með 50 starfsmenn eða fleiri. Menntaskólinn á Tröllaskaga er stofnun ársins í flokki með starfsmenn á bilinu 20-49 talsins. Í flokki stofnana þar sem starfsmenn eru færri en 20 bar Persónuvernd sigur úr býtum.

Ekki náðist tal af sýslumanninum í Reykjavík, en Sigríður Björk Guðjónsdóttir, lögreglustjóri á höfuðborgarsvæðinu, segir laun helsta óánægjuþáttinn hjá stofnuninni. „Ef þú tekur það út og berð það saman við önnur lögreglulið þá sérðu að það er mun meiri óánægja með laun hjá okkur. Það dregur okkur niður,“ segir Sigríður Björk. Hún segir hins vegar hægt að vinna í mjög mörgum þáttum til að bæta aðstæður starfsmanna lögreglunnar. „Við ætlum að fara í mælingar, annaðhvort á mánaðar fresti eða tveggja mánaða fresti,“ segir Sigríður og leggur áherslu á að það verði unnið betur með mannauðsþáttinn. Hún segir líka unnið í því að styrkja stjórnendur enda hafi komið fram óánægja með stjórnendur, ekki bara með yfirstjórn heldur líka millistjórnendur.

Utanríkisráðuneytið kom verst allra ráðuneyta út úr mælingunni fyrir ári. Ráðuneytið fer hins vegar núna úr sæti 72 upp í sæti 59 á lista yfir stofnanir með 50 starfsmenn eða fleiri. Lilja Alfreðsdóttir, fyrrverandi utanríkisráðherra, segir að þegar niðurstöðurnar voru birtar í fyrra hafi strax verið settur upp hópur innan ráðuneytisins. „Þeir skiluðu nokkrum niðurstöðum,“ segir Lilja og bætir við að ein þeirra hafi verið sú að það hafi skort á gagnsæi varðandi stöðuveitingar. „Ég brást við því með því að allir póstar sem voru lausir voru auglýstir fyrr en venjulega hefur verið gert,“ segir Lilja. Þetta hafi verið nýtt. Fólki hafi síðan verið gert að rökstyðja af hverju það ætti að fá þær stöður sem það sóttist eftir.

Í mælingunni í ár kemur velferðarráðuneytið út verst allra ráðuneyta. Það er í sæti 81 af 86 stofnunum. Eygló Harðardóttir, fyrrverandi félagsmálaráðherra, skýrir þessa niðurstöðu með því að upp hafi komið mygla í húsnæði ráðuneytisins. Það hafi því þurft að flytja starfsemi ráðuneytisins úr Hafnarhúsinu í mun þrengra húsnæði. „Þetta var mjög mikið álag,“ segir Eygló og bætir við að það sé mikilvægt að búa vel að starfsfólkinu og hún vonist til þess að hægt verði að finna varanlegt húsnæði. **jonhakon@frettabladid.is**




Sigríður Björk segir starfsmenn lögreglunnar óánægða með kaup og kjör. En ýmislegt sé hægt að gera til að bæta starfsaðstöðu. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

| Tíu efstu stofnanirnar | Tíu neðstu stofnanirnar |
|---|---|
| 1. Reykjalundur | 1. Hrafnista |
| 2. Ríkisskattstjóri | 2. Landbúnaðarháskóli Íslands |
| 3. Fjölbrautaskóli Suðurnesja | 3. Útlendingastofnun |
| 4. ÁTVR | 4. Vinnueftirlit ríkisins |
| 5. Heilsustofnun NLFÍ | 5. Velferðarráðuneytið |
| 6. Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins | 6. Landspítali |
| 7. Skógrækt ríkisins | 7. Lögreglan á Suðurnesjum |
| 8. Fjölbrautaskólinn við Ármúla | 8. Fjölbrautaskóli Vesturlands |
| 9. Lyfjastofnun | 9. Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu |
| 10. Fjölbrautaskólinn í Garðabæ | 10. Sýslumaðurinn á höfuðborgarsvæðinu |

**Það er mun meiri óánægja með laun hjá okkur. Það dregur okkur niður.**

Sigríður Björk Guðjónsdóttir, lögreglustjóri á höfuðborgarsvæðinu











# MÆÐRADAGSVENDIR

HLUTI BLÓMASÖLU RENNUR TIL RAUÐA KROSSINS




LOKUM KL 19.00
Á LAUGARDAG
VEGNA EUROVISION

GARÐHEIMAR

Garðheimar • Stekkjarbakka 6 • 540 3300 • gardheimar.is

## Högg fyrir bæjarfélagið

**ATVINNUMÁL** „Þetta er rosalegt högg fyrir bæjarfélagið þar sem þetta eru ekki bara þessir hátt í níutíu starfsmenn. Það eru búðir sem þjóna og rafvirkjar og fleira. Þetta eru svo mörg önnur störf en bara þau sem eru í fiskvinnslunni þannig að þetta hefur áhrif á allt samfélagið,“ segir Jónína Björg Magnúsdóttir, starfsmaður HB Granda.

Hún segir að einstæð móðir með börn muni ekki geta nýtt sér tilboð um að vinna fyrir HB Granda í Reykjavík. „Það færi allur þeirra aur í barnapössun. Þetta er ekki sniðugt. Ég mun ekki nýta mér þetta.“

Hún segir þó atvinnuhorfur á Akranesi betri en oft áður. „Það eru stöður innan Akraneskaupstaðar. Það er verið að opna nýja deild á sjúkrahúsinu og þar skapast störf. Ég geri mér samt ekki alveg grein fyrir því hversu mörg.“ **– þea**

## Þyngra en tárum taki

**ATVINNUMÁL** „Þetta eru gríðarleg vonbrigði í ljósi þess að hér hefur verið landvinnsla á bolfiski í rúm hundrað ár,“ segir Vilhjálmur Birgisson, formaður Verkalýðsfélags Akraness.

Vilhjálmur segir að mikilvægt sé að fólk átti sig á því að árið 2002 hafi verið 350 manns í vinnu hjá Haraldi Böðvarssyni, sem rann síðar inn í Granda. Greiddir hafi verið út tveir milljarðar á ári í laun hjá HB og fyrirtækið hafi verið stærsti launagreiðandi í Norðvesturkjördæmi. „Núna er þetta allt farið.“

Þá segir Vilhjálmur að mikill mannauður sé fólginn í þeim starfsmönnum sem sagt verður upp. **- þea**



**Vilhjálmur Birgisson, formaður VLFA**

## Segir tilboðið kjánalegt

**ATVINNUMÁL** „Auðvitað héldum við öll í vonina um að að þessu kæmi ekki. Þetta er það sem er að rústa litlu bæjarfélögunum, þegar stóru fyrirtækin koma og haga sér eins og einhverjir kóngar. Þetta er náttúrulega ömurlegt,“ segir Elsa Hrönn Gísladóttir, starfsmaður HB Granda.

Hún segir starfsmenn hafa fengið það á tilfinninguna að þetta yrði raunin strax á fyrsta fundi þegar áformin voru tilkynnt. Fundur gærdagsins hafi einfaldlega staðfest þann grun.

Sjálf segist Elsa ekki geta hugsað sér að vinna fyrir HB Granda í Reykjavík. „Skólarnir opna ekki 6.30 á morgnana sem ég þyrfti til þess að koma mér niður á Granda í traffíkinni,“ segir hún.

„Þetta er voðalega kjánalega sett upp hjá honum að kasta þessu fram að þetta sé möguleiki. Ekki nema að hann ætli persónulega að passa fyrir okkur börnin, sem ég stórefast um,“ segir Elsa enn fremur.

# Vænta þess að Grandi standi við tilboðið

**ATVINNUMÁL** „Væntingar okkar eru þær að HB Grandi standi við það sem kemur fram í þeirra yfirlýsingu og bjóði þessu fólki alvöru valkost í vinnu. Við munum fylgja því vel eftir,“ segir Sævar Freyr Þráinsson, bæjarstjóri Akraness, um ákvörðun HB Granda um að hætta botnfiskvinnslu í bænum.

Sævar segir ákvörðunina vonbrigði. Hann sé þó sannfærður um að það séu tækifæri fólgin í áframhaldandi viðræðum við HB Granda. Þá væntir hann þess að það takist að tryggja þeim 86 starfsmönnum, sem sagt verður upp, störf, vonandi sem flestum á Akranesi.

Sævar óttast þó ekki fólksflótta úr bænum. „Ég held að tækifæri fyrir okkur í atvinnuuppbyggingu séu töluverð. Við trúum því að við getum verið með öfluga starfsemi hér í sjávarútvegi og sömuleiðis í annarri vinnu.“

> **Ég held að tækifæri fyrir okkur í atvinnuuppbyggingu séu töluverð. Við trúum því að við getum verið með öfluga starfsemi hér í sjávarútvegi og sömuleiðis í annarri vinnu.**
>
> Sævar Freyr Þráinsson, bæjarstjóri Akraness



Bærinn ætlar þó ekki að láta staðar numið í uppbyggingu á Akraneshöfn. Ætla bæjaryfirvöld að tryggja að það verði ráðist í hafnarframkvæmdir og þær kláraðar á næstu tveimur árum.



Vilhjálmur Vilhjálmsson, forstjóri HB Granda. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Vilhjálmur Vilhjálmsson, forstjóri HB Granda, segir hugmyndir um að bjóða starfsfólki að starfa áfram innan fyrirtækisins ekki fullmótaðar. Kanna þurfi möguleika og afstöðu starfsfólksins. „Við eigum núna eftir að taka þessar viðræður við trúnaðarmenn og stéttarfélagið og fara yfir möguleikana. Við eigum eftir að kanna vilja þeirra til að starfa hjá okkur áfram, skipta um störf og taka þau sem eru í boði.“ **– þea**

# Umdeild ákvörðun HB Granda áfall fyrir Skagamenn

**Skagamönnum tókst ekki að telja eigendum HB Granda hughvarf og botnfiskvinnsla fyrirtækisins verður lögð niður og flutt til Reykjavíkur. Ljóst er að 86 starfsmenn, mest konur, fá uppsagnarbréf fyrir mánaðamót. Forsvarsmenn HB Granda segja að hluta starfsfólks verði boðin vinna við fiskvinnslu í Reykjavík.**

**ATVINNUMÁL** Forsvarsmenn HB Granda standa við áform sín um að hætta botnfiskvinnslu á Akranesi og verður hún sameinuð starfsstöð fyrirtækisins í Reykjavík. Hjá HB Granda og dótturfélögum á Akranesi starfa 270 manns, þar af vinna 86 við botnfiskvinnsluna sem fá uppsagnarbréf fyrir næstu mánaðamót, en allt að 150 störf, að afleiddum störfum meðtöldum, munu tapast í byggðarlaginu.

Þessa niðurstöðu tilkynnti Vilhjálmur Vilhjálmsson, forstjóri HB Granda, starfsfólki í gær en ástæðan er fyrirsjáanlegt tap fyrirtækisins af vinnslunni. Starfsfólkinu, sem er að stofni til konur, verður boðið að sækja um önnur störf hjá HB Granda og dótturfélögum, en þau störf eru flest öll í Reykjavík. Það tilboð féll í grýttan jarðveg þess starfsfólks sem nú horfir fram á atvinnumissi, enda þýðir vinna í Reykjavík tveggja klukkutíma ferðalög fyrir starfsfólk.

Þegar málið kom fyrst upp voru viðbrögð sveitarfélagsins að bjóða til viðræðna um bætta hafnaraðstöðu og hvaðeina annað sem gæti orðið til þess að forsvarsmenn og eigendur HB Granda myndu endurhugsa ákvörðun sína. Faxaflóahafnir gáfu grænt ljós á þær hugmyndir, en kostnaður við uppbyggingu hafnarmannvirkja hefði verið þeirra. Þegar allt er talið hefði sá kostnaður getað orðið upp á þrjá milljarða króna. Mitt í þessari málaleitan sveitarfélagsins tilkynnti stjórn fyrirtækisins, og samþykkti, um 1,8 milljarða arðgreiðslu til hluthafa.

Í tilkynningu HB Granda segir: „Forráðamenn Akraneskaupstaðar og HB Granda munu halda áfram viðræðum um að standa að frekari uppbyggingu atvinnulífs á Akranesi.



**Þriðji hver starfsmaður HB Granda á Akranesi missir vinnuna.** FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

> **150**
>
> **störf, að afleiddum störfum meðtöldum, tapast á Akranesi.**

Einn liður í því er að fulltrúar Akraneskaupstaðar í Faxaflóahöfnum beiti sér fyrir því að ráðist verði í nauðsynlegar viðhaldsaðgerðir á Akraneshöfn.“

Eins og Fréttablaðið hefur greint frá hafa áform HB Granda orðið til þess að viss ákvæði laga um stjórn fiskveiða eru til skoðunar innan stjórnkerfisins. Undir er fyrsta grein fiskveiðistjórnunarlaganna, en þar segir meðal annars að lögin eigi að tryggja trausta atvinnu og byggð í landinu. Undir liggur að andi fiskveiðistjórnunarlaganna er byggðafesta og því var einnig sett ákvæði um forkaupsrétt sveitarfélaga.

Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra hefur skipað þverpólitíska nefnd sem á að finna fyrirkomulag varðandi gjaldtöku í sjávarútvegi, en ráðherra útilokar ekki að nefndin horfi til álitamála er varða fiskveiðistjórnunarlögin einnig.

**svavar@frettabladid.is**

# Læknir segir heilbrigðisyfirvöld ekki segja satt um veip

**HEILBRIGÐISMÁL** „Það er alvarlegt mál þegar heilbrigðisyfirvöld eru ekki að segja fólki satt,“ segir Guðmundur Karl Snæbjörnsson læknir um það sem hann segir rangfærslur um veipur, eða rafrettur.

Guðmundur Karl er einn þeirra sem standa fyrir ráðstefnu í Háskólabíói klukkan tvö á morgun um málefnið. Segir hann að ráðstefnan sé einn mesti tóbaksvarnaraktívismi í Íslandssögunni. Annars vegar verður sýnd heimildarmyndin A Billion Lives og svo taka við erindi frá fræðimönnum og umræður.

„Þetta er hluti af höfundum tveggja tímamótaskýrsla frá Lýðheilsustofnun Englands og Royal College of Physicians, sem er 500 ára læknafélag,“ segir Guðmundur Karl og bætir því við að skýrslurnar byggist á hundruðum vandaðra rannsókna.

„Þar ráðleggja þeir sterklega veipur sem leið til að hætta reykingum og halda því fram að þær geti lækkað dánartölur, ekki bara um hundruð eða þúsund heldur milljarða samkvæmt mati WHO fyrir næstu öld,“ segir hann enn fremur.

Guðmundur Karl segir umræðuna hér á landi, sem og víðar, ekki byggjast á vísindum og staðreyndum. „Hér virðast allir vera á móti veipum án þess að hafa skoðað þetta nægilega vel að mínu mati og líka að mati RCP og PHE. Flestir viðurkenna í dag að þetta sé 95 til 99,9 prósent skaðminna. Þetta er bara no-brainer.“



**Guðmundur Karl Snæbjörnsson læknir.** FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Hann segir ráðstefnuna þó ekki vera neinn fögnuð. Ef einhver sé á öndverðum meiði þá sé honum velkomið að lesa fyrirlesurum pistilinn. **– þea**


RENAULT
Passion for life
RENAULT KADJAR
HÆTTU AÐ BÍÐA, BYRJAÐU AÐ LIFA
KADJAR
Nýi glæsilegi Renault Kadjar hefur fengið frábærar viðtökur fyrir glæsilegt útlit og einstaka aksturseiginleika auk ríkulegs búnaðar. Rúsínan í pylsuendanum er síðan sparneytnin sem einkennir nýju gerðirnar frá Renault.
Komdu og reynsluaktu nýjum Renault KADJAR – hættu að horfa, farðu að upplifa!
RENAULT KADJAR ZEN
Sjálfskiptur, dísil.
Verð frá: 3.790.000 kr.
E
F
„ÞÚ TANKAR SJALDNAR Á RENAULT“
*Viðmiðunartölur framleiðanda um eldsneytisnotkun í blönduðum akstri.
ENNEMM / SÍA / NM80654
GE bílar
Reykjanesbæ
www.gebilar.is
420 0400
Bílasalan Bílás
Akranesi
www.bilas.is
431 2622
Bílasala Akureyrar
Akureyri
www.bilak.is
461 2533
Bílaverkstæði Austurlands
Egilsstöðum
www.bva.is
470 5070
IB ehf.
Selfossi
www.ib.is
480 8080
BL söluumboð
Vestmannaeyjum
481 1313
862 2516
BL ehf
Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík
525 8000 / www.bl.is
B|L




**Á síðasta fjárhagsári hagnaðist Emirates um rúma 7 milljarða dollara.** FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

## Hagnaður Emirates tók mikla dýfu

**VIÐSKIPTI** Á síðastliðnu viðskiptaári lækkaði hagnaður flugfélagsins Emirates um 82 prósent. Ástæður þess voru meðal annars minni eftirspurn eftir ferðalögum og atvik sem ollu óstöðugleika, meðal annars áform Trumps Bandaríkjaforseta.

CNN greinir frá því að arðgreiðslur voru afturkallaðar hjá félaginu í fyrsta skipti síðan árið 1996. Til samanburðar greiddi félagið ríkisstjórn Dubai 681 milljón dollara í arð á síðasta ári, en þá nam hagnaður félagsins 7,1 milljarði dollara.

Stjórnarformaður Emirates, Sheikh Ahmed bin Saeed Al Maktoum, segir síðasta árið hafa verið eitt það erfiðasta í sögu félagsins og sér hann fram á annað erfitt ár fram undan. Hann segir það meðal annars skýrast af aukinni samkeppni og óstöðugleika á mörkuðum sem hafa áhrif á eftirspurn eftir flugi.

Í síðasta mánuði var tilkynnt að Emirates væru að draga úr flugferðum til Bandaríkjanna vegna neikvæðra áhrifa af stefnu Trumps. – sg

## Þynnka eykur hættuna á misnotkun

**DANMÖRK** Þeir sem hafa tilhneigingu til að fá slæma timburmenn eins og til dæmis höfuðverk, þreytu, ógleði og uppköst eru í meiri hættu á að misnota áfengi en aðrir þegar til lengri tíma er litið. Þetta er niðurstaða könnunar dönsku lýðheilsustofnunarinnar sem byggir á úttekt á alþjóðlegum rannsóknum.

Danska fréttaveitan Ritzau hefur það eftir prófessornum Janne Tolstrup að ekki sé vitað hvers vegna sumir fá mikla timburmenn en aðrir sem drukkið hafa jafn mikið sleppi. Hún bendir á að ekkert bendi til að slæm þynnka komi í veg fyrir frekari drykkju. Til dæmis drekki þeir sem fá slæma timburmenn áfengi daginn eftir í því skyni að draga úr óþægindunum. – ibs



**Frá Nuuk á Grænlandi.** FRÉTTABLAÐIÐ/FRIÐRIK

## Steinefni gætu nýst í áburð

**GRÆNLAND** Steinefni í innlandsísnum á Grænlandi kunna að geta unnið bug á matvælaskorti í heiminum. Á vef grænlenska útvarpsins er vitnað í fyrirlestur Miniks Rosing, grænlensks jarðfræðiprófessors við Kaupmannahafnarháskóla, sem hann hélt á ráðstefnunni Future Greenland.

Að sögn prófessorsins er mikið magn steinefna í ísnum sem geta komið að gagni sem áburður. Skortur sé á þessum steinefnum víða um heim.

Vonast er til að framleiðsla á áburði geti hafist innan tveggja ára. – ibs

## Enn óeirðir í Venesúela




Mótmælandi í Karakas, höfuðborg Venesúela, skýlir sér á bak við skjöld sem á stendur „réttlæti“. Mótmælendur kljáðust í gær við óeirðalögreglu en átök hafa staðið yfir frá upphafi aprílmánaðar. Talið er að 36 hafi farist og hundruð særst en mótmælendur eru að mótmæla ríkisstjórn sósíalistans Nicolas Maduro. Upptökin eru meðal annars sú ákvörðun ríkisstjórnarinnar að slíta þingi og svipta þingmenn friðhelgi. NORDICPHOTOS/AFP

# Loftbrú ef stórt hópslys verður

**Vegna skorts á sjúkrarúmum gera viðbragðsáætlanir ráð fyrir að mynduð verði loftbrú úr landi ef stórt hópslys verður. Tveir týndir „farþegar“ voru ófundnir er flugslysaæfingu á Akureyri lauk um liðna helgi.**

**ÖRYGGISMÁL** Friðfinnur Freyr Guðmundsson, verkefnisstjóri neyðarviðbúnaðar hjá Isavia, segir getu Íslendinga til að takast á við stór hópslys líkast til ekki nógu góða.

Friðfinnur, sem stýrði stórri flugslysaæfingu á Akureyrarflugvelli um síðustu helgi, bendir á að hugsanleg hópslys hérlendis séu alls ekki bundin við flug. Þau geti orðið í ferjum, skemmtiferðaskipum og hópferðabílum.

„Þessar sviðsmyndir eru allar þekktar og hafa meðal annars verið tíundaðar í áhættuskoðun sem Almannavarnir gerðu,“ segir Friðfinnur sem kveður Isavia hafa styrkt viðbragðsaðila heima í héraði til þess að geta betur brugðist við hópslysum.

„Við höfum til dæmis styrkt björgunarsveitirnar um 38 milljónir undanfarin ár til þess að þær verði betur í stakk búnar til að takast á við hópslys almennt, ekki bara flugslys,“ segir Friðfinnur. Það fé sé sérstaklega eyrnamerkt hópslysabúnaði. „Núna erum við með stórt verkefni næstu þrjú árin þar sem við erum að kaupa hópslysakerrur og dreifa um landið. Þær eru fyrir búnað þannig að það sé hægt að veita skjól og fyrstu umönnun á hópslysavettvangi utan alfaraleiðar.“

Að sögn Friðfinns erum við best undir það búin á suðvesturhorninu að takast á við hópslys. Annað gildi til dæmis um rútuslys á öræfum, flugslys á Hornafirði eða ferjuslys á Seyðisfirði þar sem viðbragðsaðilar hafi ekki mikið umleikis. Almannavarnir hafi hins vegar undanfarin tíu ár búið til séráætlanir þar sem tekið er á slíkum slysum.

„Þar er skilgreint hverja á að kalla út, sem er allt heilbrigðiskerfið og björgunarsveitir og svo framvegis. Og síðan starfssvæðin; hvar við ætlum að safna slösuðu fólki þar sem það er frekar greint niður og hvert það muni fara,“ segir Friðfinnur sem kveður það hafa verið skoðað að senda slasaða úr landi. Það hafi meira að segja verið æft árið 2009 í samvinnu við SAS er flogið var með „slasaða“ frá Akureyri til Svíþjóðar.



**Búið um slasaðan farþega áður en hann var fluttur á söfnunarstað í flugskýli Isavia.** MYND/RAGNAR JÓN RAGNARSSON

> **Við höfum til dæmis styrkt björgunarsveitirnar um 38 milljónir undanfarin ár til þess að þær verði betur í stakk búnar til þess að takast á við hópslys.**
>
> Friðfinnur Freyr Guðmundsson, verkefnisstjóri neyðarviðbúnaðar hjá Isavia



**250**

**manns tóku þátt í flugslysaæfingu um liðna helgi.**

SAS-vélin sem um ræðir var innréttuð eins og bráðamóttaka. Friðfinnur segir að þótt slíkar vélar séu ekki til reiðu á Íslandi hafi íslensk þota verið útbúin með hraði þegar flóðbylgjan mikla varð í Asíu um jólin 2004 og send þangað.

Friðfinnur útskýrir að í hópslysum fari slasaðir á söfnunarsvæði þar til þeir fara í flutning og er sinnt þar á meðan. „Þar safnast saman hjúkrunarlið, Rauði krossinn, björgunarsveitir og aðrir,“ segir hann.

Þar sem sjúkrabílar séu fáir og fjöldi tiltækra sjúkrarúma takmarkaður og sveiflist frá degi til dags eftir mannafla og álagi á spítölunum sé hin svokallaða loftbrú; sjúkraflutningar með flugi, æfðir á pappírunum. Um þetta hafi Almannavarnir samninga við erlendar þjóðir. „Þetta yrði alltaf krefjandi verkefni,“ segir Friðfinnur og bendir jafnframt á að aðrar þjóðir myndu líkast til aðstoða við flutningana, sérstaklega ef þeirra borgarar væru meðal slasaðra. „Ef það myndi eitthvað stórt koma fyrir íslenskan hóp erlendis þá myndum við senda aðstoð.“

Friðfinnur, sem er björgunarsveitarmaður sjálfur, segir eftirtektarvert hversu mikil fjölgun sé á óhöppum með rútum þar sem legið hafi við hópslysi. Auk þess sem vegakerfið þoli illa álagið nefnir hann rútubílstjóra sem þekki ekki aðstæður hér en aki hér samt með farþega. „Í áhættugreiningu Almannavarna eru það fyrst og fremst rútuslys sem menn hafa áhyggjur af vegna þess að það er þekkt tölfræði að það er ekki hættulegt að fljúga,“ segir hann.

Um 250 manns tóku þátt í stórri flugslysaæfingu á Akureyri á laugardag þar sem vél með áttatíu manns innanborðs átti að hafa farist. Yfir sjötíu statistar léku þá sem áttu að hafa verið um borð. Tveir sem áttu að fela sig á flugvallarsvæðinu fundust ekki áður en æfingunni lauk heldur gáfu sig sjálfir fram að henni lokinni.

Friðfinnur, sem stjórnaði æfingunni eins og fyrr greinir, segir að umræddir tveir „farþegar“ hafi verið skilgreindir sem lítið slasaðir þannig að þeir hafi getað gengið.

„Þú ert ekki fótbrotinn að ganga neitt frá. Þannig að það er lítið eða óslasað fólk sem myndi hugsanlega gera þetta. Þannig að þessi leit verður afgangs og það síðasta sem við gerum. Á þessari æfingu var svo mikið flug á meðan á henni stóð að við vorum alltaf að stoppa og náðum ekki að klára þennan leitarfasa,“ útskýrir Friðfinnur sem kveður alla þátttakendur í æfingunni hafa getað gefið henni einkunn rafrænt eftir að henni lauk. „Æfingin fékk yfir níu í einkunn þannig að ég er mjög ánægður.“

gar@frettabladid.is



**Umsóknarfrestur er til 15. maí**

# Viltu styrkja faglega þekkingu þína?

## Nýtt meistaranám í viðskiptalögfræði

Meistaranám í viðskiptalögfræði (MBL) er hagnýtt og krefjandi nám sem veitir þér trausta þekkingu í spennandi og fjölbreyttum heimi viðskipta og lögfræði. Kjarni námsins byggist á viðskiptatengdum greinum lögfræðinnar og er hið eina sinnar tegundar hér á landi.

Námið miðar að því að undirbúa nemendur fyrir fjölþætt störf á sviði viðskiptalögfræði og styrkja þannig stöðu þeirra í atvinnulífinu.

Meistaranám í viðskiptalögfræði er kennt í fjarnámi og nemendur geta tekið námið á eigin hraða. MBL námið er einnig í boði fyrir þá sem hafa lokið annari grunngráðu en lögfræði.

- **90 eininga MBL gráða í viðskiptalögfræði**
- **120 eininga ML gráða í viðskiptalögfræði**
- **Diplóma í fyrirtækjalögfræði**
- **Diplóma í samningatækni og sáttamiðlun**

**Umsóknarfrestur fyrir haustönn 2017 er til 15. maí**
Nánari upplýsingar á **bifrost.is**

HÁSKÓLINN Á BIFRÖST
*- fyrir þá sem ætla lengra*

# Í mótsögn við sitt eigið starfsfólk

**BANDARÍKIN** „Ég ætlaði alltaf að reka Comey,“ sagði Donald Trump Bandaríkjaforseti um brottrekstur sinn á James Comey, yfirmanni alríkislögreglunnar, í viðtali við NBC í gær. Sagði hann að hvatning aðstoðardómsmálaráðherrans, Rods Rosenstein, þess efnis hefði ekki haft úrslitaáhrif.

Þetta gengur í berhögg við orð starfsmanna Trumps en í tilkynningu frá forsetaembættinu í gær kom fram að bréf Rosensteins hafi verið kveikjan að brottrekstrinum. Heimildir nokkurra bandarískra fjölmiðla herma að Rosenstein hafi ekki verið hrifinn af því að ábyrgðin væri sett á hann og hótað að segja upp í gær.

Í viðtalinu við NBC gagnrýndi Trump Comey fyrir að vera monthani og sagði hann jafnframt að starfshættir Comey hefðu valdið glundroða innan alríkislögreglunnar. Það samræmist yfirlýsingu forsetaembættisins sem í stóð að forsetinn, sem og aðrir starfsmenn alríkislögreglunnar, treystu Comey ekki lengur.

Andrew McCabe, starfandi yfirmaður, kom fyrir nefnd öldungadeildar þingsins í gær til að svara spurningum um brottreksturinn. Sagði hann að Comey hefði notið víðtæks stuðnings starfsmanna. „Ég get sagt ykkur það að mikill meirihluti starfsmanna hafði djúpstæð og jákvæð tengsl við Comey,“ sagði McCabe. Þá sagði hann að rannsókn alríkislögreglunnar á tengslum Rússlands við forsetaframboð Trumps væri einkar mikilvæg. Gagnrýnendur Trumps halda því fram að téð rannsókn gæti verið ástæða brottrekstrus Comey. – þea

**»** **Starfsfólk Trump hefur sagt bréf Rod Rosenstein aðalástæðuna fyrir brottrekstri James Comey.**



Donald Trump, forseti Bandaríkjanna, hefur aðra sýn á brottrekstur Comey en starfsfólk hans. NORDICPHOTOS/AFP

## Flugvélin hefur áður nauðlent

**SLYS** Flugvél Flugskóla Akureyrar sem missti afl yfir Hrafnagili með þeim afleiðingum að hún nauðlenti á Eyjafjarðarbraut síðastliðinn þriðjudag hefur áður hrapað til jarðar. Það gerði hún þann 3. mars árið 2006, þá einnig í kennsluflugi á vegum skólans.

Sagt var frá því á forsíðu Fréttablaðsins þann 4. september að flugvél flugskólans hefði steypst á nefið og lent á bakinu við Hjalteyri norðan Akureyrar. Var flugnemi að æfa neyðarlendingu þegar óhappið varð.

Samkvæmt skýrslu Rannsóknarnefndar flugslysa var það óhapp af mannavöldum. Líkur eru á að mótor vélarinnar hafi bilað nú og snarræði flugmanna komið í veg fyrir slys. – sa



FRÉTTABLAÐIÐ

Yfir 240 börn bíða sálfræðiþjónustu

Forsíða Fréttablaðsins 4. mars 2006. Sama vél og nauðlenti í vikunni.

## Eykur fé til landvörslu

**NÁTTÚRA** Ríkisstjórnin hefur samþykkt að veita 160 milljónir aukalega til landvörslu í sumar og í haust. Aukinn fjöldi ferðamanna kallar á frekari landvörslu og verndun viðkvæmra svæða. Fjármagn til verksins hefur verið tryggt úr fjármálaráðuneytinu.

Þær stofnanir sem um ræðir munu í framhaldinu vinna að því að forgangsraða þessum fjármunum á þau svæði þar sem þau telja neyðina brýnasta til aukinnar landvörslu.

„Aukinn fjöldi ferðamanna sem sækja landið okkar heim kallar á það að við spýtum í lófana hvað varðar að vernda viðkvæm svæði hér á landi,“ segir Björt Ólafsdóttir, umhverfis- og auðlindaráðherra. „Því er það mikið gleðiefni að auknum fjármunum verði varið í landvörslu til verndunar íslenskra náttúruperla.“ – sa

**Aukinn fjöldi ferðamanna kallar á það að við spýtum í lófana hvað varðar að vernda viðkvæm svæði.**

Björt Ólafsdóttir umhverfisráðherra



# Stormasamur gærdagur fyrir leiðtoga Verkamannaflokksins

**Stefnuskrá breska Verkamannaflokksins lak á netið í gær. Flokkurinn vill þjóðnýta póst- og lestakerfi landsins. Formaðurinn segir einhug um stefnuna. Bíll formannsins ók yfir föt myndatökumanns BBC.**

**BRETLAND** Uppkast að stefnuskrá Verkamannaflokksins í Bretlandi fyrir þingkosningar júnímánaðar lak á netið í gær. Á meðal stefnumála flokksins er að þjóðnýta lestakerfi landsins og endurnýja kjarnorkuvopnabúrið.

Í viðtölum við blaðamenn í gær neitaði formaður flokksins, Jeremy Corbyn, að svara spurningum um stefnumál flokksins. Sagði hann að það yrði að bíða þangað til stefnuskráin yrði formlega birt.

„Við höfum nýlega samþykkt innihald stefnuskrárinnar einróma,“ sagði Corbyn þó og bætti við: „Ég trúi því að stefnumálin séu eitthvað sem meirihluti Breta er sammála um. Við munum bjóða valkost sem mun breyta lífi margra í samfélaginu.“

Corbyn tilkynnti enn fremur að flokkurinn myndi nú rannsaka hvernig stefnuskránni hafi verið lekið. Þeirri rannsókn myndi þó ekki ljúka fyrr en að kosningum loknum.

Um áttatíu háttsettir meðlimir flokksins funduðu í gær til að leggja lokahönd á stefnuskrána eftir að henni var lekið. Sagði þingfréttamaður BBC að samkvæmt hennar heimildum hefðu litlar breytingar verið gerðar á fundinum.

Á meðal stefnumála flokksins fyrir kosningarnar er að auka áhrif verkalýðsfélaga í landinu, hækka skatta á þá tekjuhæstu til að fá meira fjármagn inn í heilbrigðiskerfið, byggja 100.000 félagslegar íbúðir á ári hið minnsta og þjóðnýta bæði póst- og lestakerfi landsins.

Því er einnig lofað að enginn þurfi að greiða meira en þúsund pund á ári fyrir rafmagn og hita, að lækka kosningaaldur í sextán ár og að endurnýja kjarnorkuvopnabúr landsins. Sjálfur hefur Corbyn þó sagst andvígur slíkum vopnum.

Theresa May, forsætisráðherra og formaður Íhaldsflokksins, nýtti tækifærið í gær og skaut á höfuðandstæðinginn. Sagði May að lekinn sýndi hvers lags óreiða væri í vændum ef Verkamannaflokkurinn væri í ríkisstjórn.

„Ef þú lítur á stefnuskrá þeirra í heild þá sérðu að flokkinn er að lofa því að færa Bretland aftur til fortíðar. Ég hef hins vegar áhuga á því að takast á við þau vandamál sem við stöndum frammi fyrir og leiða okkur inn í betri framtíð,“ sagði May.

Þá var Tim Farron, leiðtogi Frjálslyndra demókrata, einnig harðorður í garð Verkamannaflokksins.

„Það skiptir engu máli hvort henni var lekið eða ekki. Stefnuskráin hætti að skipta máli þegar Corbyn tók höndum saman við UKIP og Theresu May og greiddi atkvæði með því að virkja fimmtugustu grein Lissabonsáttmálans,“ sagði Farron og vísaði til væntanlegrar útgöngu úr ESB.

Leki stefnuskrárinnar var þó ekki eina áfallið sem Corbyn lenti í í gær. Bílstjóri hans lenti nefnilega í því óhappi að aka yfir föt Giles Woolterton, myndatökumanns BBC. Wooltorton meiddist lítillega við yfirkeyrsluna. thorgnyr@frettabladid.is



Jeremy Corbyn er hann svaraði spurningum blaðamanna í gær. NORDICPHOTOS/AFP

**Ég trúi því að stefnumálin séu eitthvað sem meirihluti Breta er sammála um. Við munum bjóða valkost sem mun breyta lífi margra í samfélaginu.**

Jeremy Corbyn, leiðtogi Verkamannaflokksins

**Ef þú lítur á stefnuskrá þeirra í heild þá sérðu að flokkurinn er að lofa því að færa Bretland aftur til fortíðar.**

Theresa May, forsætisráðherra Bretlands

# 400 milljónir til áhrifavaldaþjónustunnar Takumi

**VIÐSKIPTI** Breskir og bandarískir fjárfestar bættu fjórum milljónum dollara, andvirði rúmlega 400 milljóna króna, í íslensku áhrifavaldaþjónustuna Takumi á dögunum. Áður hafði fyrirtækið safnað saman rúmum þremur milljónum dollara á Bretlandi.

„Þetta fór í gegn frekar hratt. Það gekk mjög vel að kynna fyrirtækið fyrir fjárfestum,“ segir Jökull Sólberg Auðunsson, einn stofnenda Takumi. Fyrirtækið á rætur sínar að rekja til Íslands en það býður áhrifavöldum á samfélagsmiðlum að auglýsa þjónustu og vörur sem því líst vel á.

„Áður en við fengum þessa innspýtingu vorum við með vöru fyrir áhrifavalda og auglýsendur sem var að virka. Með þessu mun þróun vörunnar halda áfram auk þess sem stefnan verður sett á fleiri markaði,“ segir Jökull. Nefnir hann Bandaríkin í því samhengi. Hingað til hefur fókusinn verið á Ísland, Bretland og Þýskaland. Yfir 50 aðilar víða hafa lagt fé í fyrirtækið en Jökull vill ekki upplýsa um hvernig eignarhaldi á því er skipt.

Takumi var ýtt úr vör á síðasta ári en það er eitt þeirra sprotafyrirtækja sem skutu rótum þegar QuizUp lagði upp laupana. – jóe




Úr höfuðstöðvum Takumi. Þær voru nýverið fluttar til London frá Íslandi. MYND/TAKUMI




Menning Svíþjóðar og samfélagsleg vitund hefur mótað gjörðir okkar frá stofnun Volvo árið 1927. Frá upphafi hefur megináhersla verið lögð á fólk sem hefur leitt af sér einstakar öryggisuppfinningar og áhrifaríkar umhverfisáherslur. Uppfinningar okkar hafa sett Volvo bíla fremsta í öryggi og leitt til lágmarksáhrifa á umhverfið. Við höfum nú sett okkur enn eitt krefjandi markmiðið. Frá árinu 2020 muni enginn slasast alvarlega eða láta lífið í nýjum Volvo. Vertu í fararbroddi og veldu öryggi í fremstu röð og bíl þar sem allt hefur verið gert til að lágmarka neikvæð áhrif á umhverfið.

Brimborg | Brimborg Reykjavík<br>Bíldshöfða 6 · Sími 515 7000 | Brimborg Akureyri<br>Tryggvabraut 5 · Sími 515 7050 | volvocars.is

# VELKOMIN



150 stk.

15 mín. hraðkerfi

Verð áður 84.995

**55.995**

34% afsláttur

A+++ Orkuflokkur | 9 Kg | 1400 Snúninga

SAMSUNG

**ÞVOTTAVÉL**

- Skilar 44% raka (A) eftir fulla vindu
- EcoBubble, BubbleSoak og AddWash
- SmartCheck og innbyggt sjálfhreinsikerfi
- Kolalaus mótor með 10 ára ábyrgð

WW90K5400WW



50 stk.

27”

Verð áður 39.995

**29.995**

25% afsláttur

acer

**LEIKJATÖLVUSKJÁR 27”**

- Full HD (1920x1080) LED baklýstur
- Viðbragðstími 1ms
- VGA tengi, DVI og HDMI

AC27G276HLIBI



Bluetooth™

80 stk.

ÚTILOKA UMHVERFISHLJÓÐ

Verð áður 14.995

**10.995**

27% afsláttur

jam

**TRANSIT CITY**

- Noise Cancellation
- 12 klst. rafhlöðuending
- Takkar á hlið tólanna
- Hljóðnemi fyrir símtöl
- Magnaður hljómur

HXHP150GY



100 stk.

67% afsláttur

Verð áður 1.495

**495**



50 stk.

50% afsláttur

Verð áður 7.995

**3.995**

120 stk.

Verð áður 4.995

**2.995**



40% afsláttur

BOSCH

**BAÐVOG**

- Stílhrein baðvog með stórum skjá
- Vegur allt að 200 kg á 100 g bili
- Snertiræst og slekkur á sér sjálf

PPW3401



Verð áður 2.995

**1.495**

200 stk.

28 cm

50% afsláttur

Swordfish COOKWARE

**STEIKARPANNA 28 CM**

- Góð álpanna sem er 28 cm í þvermál
- Hentar á allar hellur, 3 mm botnþykkt
- Viðloðunarfrí og má þvo í uppþvottavél

SF28AFP14E

Birt með fyrirvara um myndabrengl og/eða prentvillur. Vöruúrval og vöruframboð getur verið breytilegt milli verslana. Gildir fyrir alla birtingu í blaðinu: *0% vextir / 3,5% lántökugjald / 390 kr. á hverja greiðslu.

# FRÁBÆR AFMÆLISTILBOÐ Í ÖLLUM VERSLUNUM

25 stk.




Verð áður 269.995

**189.995**

eða 16.777 kr. á mánuði

m.v. 12 mán. vaxtalaust kortalán - Alls 201.325 kr. - ÁHK 11,4%

**30% afsláttur**

LG

**SNJALLSJÓNVARP UHD HDR**

- 65" LG snjallsjónvarp með 1900 PMI myndvinnslu
- WebOS 3.0 stýrikerfi með Wifi og Bluetooth tengimöguleikum

65UH750V




100 stk.

**35% afsláttur**

Verð áður 9.995

**6.495**

100 stk.

**44% afsláttur**

Verð áður 8.995

**4.995**

50 stk.




Verð áður 39.995

**25.995**

**35% afsláttur**

LG

**X POWER**

- 5,3" IPS (1280x780) Gorilla Glass 3
- 13 Mp. f/2.2.+8Mp. FHD 1080p@30fps
- 8 kjarna 4x1,8+4x1,0 GHz örgjörvi. 16GB minni, 2GB RAM
- 4100mAh rafhlaða

LGK220AGBRBK

100 stk.

Verð áður 7.995

**3.995**




**50% afsláttur**

Canon

**MG3650 FJÖLNOTATÆKI**

PIXMAMG3052

150 stk.

Verð áður 11.495

**7.995**



Bluetooth

**30% afsláttur**

JBL

**EVEREST V100**

- Bluetooth 4.1
- 5.8 mm hljóðgjafar
- Allt að 8 klst. rafhlöðuending
- 16 g

V100BTBLK/ V100BTWHT

**TAKMARKAÐ MAGN**

**TILBOÐIN GILDA Á MEÐAN BIRGÐIR ENDAST**

**AÐEINS 1 STK. Á HVERN VIÐSKIPTAVIN**

**SKOÐAÐU ÖLL AFMÆLISTILBOÐIN Á ELKO.IS**

19 ÁRA

ELKO

GRANDI-LINDIR-SKEIFAN-VEFVERSLUN

# Átök í VÍS



Hörður Ægisson
hordur@frettabladid.is

Mikil átök hafa sett mark sitt á störf stjórnar VÍS að undanförnu og á allra síðustu dögum hafa þau tekið á sig furðulega mynd. Þær deilur eru ekki nýjar af nálinni og hafa staðið yfir nánast linnulaust frá því að hópur einkafjárfesta, meðal annars fyrrverandi eigendur Skeljungs og Sigurður Bollason, eignuðust stóran hlut í VÍS. Ólíkar áherslur annars vegar fulltrúa lífeyrissjóðanna og hins vegar helstu einkafjárfesta félagsins um stefnu VÍS hafa ráðið þar hvað mestu. Frá því í ársbyrjun 2015 hafa fimmtán manns setið í stjórn VÍS og fjórir gegnt starfi stjórnarformanns. Jafn tíð stjórnarskipti á svo skömmum tíma eru einsdæmi meðal félaga í Kauphöllinni.

Eftir að Svanhildi Nönnu Vigfúsdóttur, en hún og eiginmaður hennar eiga um átta prósent í VÍS, tókst að velta Herdísi Dröfn Fjeldsted úr stóli stjórnarformanns á aðalfundi í mars hefur tekið við sérstök atburðarás – og ólíklegt að það sjái fyrir endann á henni á næstunni. Ljóst var að Herdís, sem hafði notið stuðnings Lífeyrissjóðs verslunarmanna, stærsta hluthafa VÍS, sóttist eftir áframhaldandi stjórnarformennsku. Þegar það gekk ekki eftir tilkynnti hún tveimur vikum síðar um úrsögn sína úr stjórn og vísaði til þess að hún hafi ekki getað sætt sig við stjórnarhætti félagsins í kjölfar aðalfundar.

Sú ákvörðun hefur haft eftirmál. Stærstu lífeyrissjóðir landsins – LSR, Lífeyrissjóður verslunarmanna og Gildi – hafa í kjölfarið tekið til þess ráðs að kjósa með fótunum. Þannig hefur komið fram í fjölmiðlum að Gildi hafi minnkað hlut sinn úr 7,1 prósenti í 2,7 prósent og sagði framkvæmdastjóri sjóðsins þetta gert vegna þess að honum „hugnaðist ekki stjórnarhættir sem höfðu viðgengist í VÍS", án þess að útskýra þau ummæli nánar. Það vekur athygli að sjóðurinn sé að selja jafn stóran hlut á sama tíma og einn af stjórnarmönnum VÍS á þar sæti ekki hvað síst fyrir tilstilli stuðnings Gildis. Ekkert hefur heyrst um að sá stjórnarmaður taki undir gagnrýni sjóðsins um óeðlilega stjórnarhætti. Á meðan ekki fást nánari skýringar á óánægju sjóðanna þá hlýtur sú spurning að vakna hvort hún stafi einfaldlega af því að þeir hafi misst völdin í félaginu yfir til einkafjárfesta.

Í stað þess að feta í fótspor Gildis, og selja bréf sín smám saman í kyrrþey, hefur Lífeyrissjóður verslunarmanna kosið að fara aðra leið. Frá því var greint í Morgunblaðinu í gær að sjóðurinn hefði tekið ákvörðun um að minnka umtalsvert hlut sinn í VÍS, en þeirri stefnu hefur enn ekki verið hrint í framkvæmd, og haft eftir stjórnarformanni sjóðsins að hann hafi „verið hugsi yfir stöðu mála hjá VÍS". Það verður að teljast með ólíkindum að einn stærsti fjárfestir landsins láti vita af því fyrirfram að hann hafi ákveðið að selja verulegan hlut sinn í skráðu félagi. Sú aðferðafræði kann ekki góðri lukku að stýra ef markmiðið er að fá sem hæst verð fyrir bréfin.

> Sú aðferðafræði kann ekki góðri lukku að stýra ef markmiðið er að fá sem hæst verð fyrir bréfin.

Viðbrögðin á markaði voru fyrirsjáanleg. Hlutabréfaverð VÍS lækkaði um 3,5 prósent enda vænta fjárfestar þess að það verði mikið framboð af bréfum til sölu á næstunni. Lífeyrissjóðirnir kunna að hafa réttmætar ástæður fyrir því að vilja losa um hlut sinn í VÍS en það færi hins vegar betur á því að þeir reyni að standa að þeirri sölu þannig að þeir skaði ekki sína eigin hagsmuni – og þá um leið sjóðsfélaga sinna.




## Halldór




## Frá degi til dags

**Með pláss á næsta bát**
**Sagt var frá því í síðustu viku að til stæði að sameina Tækniskólann og Fjölbrautaskólann við Ármúla. Rætt hefur verið um þessa sameiningu á æðstu stöðum frá því í febrúar, en þeir sem um hana véla segja að engar ákvarðanir hafi verið teknar. Málið væri enn á umræðustigi. Það voru því nokkur tíðindi, sem greint var frá á Vísi í gær, að Steinn Jóhannsson, skólameistari FÁ, hefði verið ráðinn konrektor Menntaskólans við Hamrahlíð. Skipstjórinn á skútunni virðist vera að ná í höfn og nú þegar búinn að finna sér pláss á næsta báti.**

**Öruggast fyrir alla**
**Það hefur verið talsvert rætt um þátttöku Sigmundar Davíðs Gunnlaugssonar á Alþingi upp á síðkastið. Hann er sagður mæta illa í atkvæðagreiðslur og á nefndarfundi í utanríkismálanefnd. Kannski er þetta bara fagnaðarefni að hann láti lítið til sín taka. Því það liggur auðvitað fyrir, að sá sem gerir aldrei neitt, hann gerir enga vitleysu. En Sigmundur gerði einmitt heilmikið af þeim á meðan hann sat á ráðherrastól. Þess vegna er kannski bara öruggast fyrir okkur öll að þingmaðurinn láti lítið fyrir sér fara.**

**jonhakon@frettabladid.is**

# Bjarni og stolnu fjaðrirnar



Kolbeinn Óttarsson Proppé
þingmaður VG

Það vakti von í brjósti margra þegar fregnir bárust af því að Bjarni Benediktsson forsætisráðherra væri að boða jafnrétti í hinum stóru útlöndum. Ráðherra mætti á fundi í New York, gott ef hann skreytti ekki köku á viðburði HeForShe. Sjá, ég boða yður mikinn fögnuð, í þessari kökuskreytingu felst staðfesta mín um að berjast fyrir kynjajafnrétti í hvívetna.

Sjálfur sat ég fund kvennanefndar SÞ í New York vikuna á eftir Bjarna og Íslendingarnir voru nokkuð stoltir af sínum manni. Hann hafði jú brotið niður staðalmyndir með því að skreyta sjálfur köku, það hafði vakið athygli og fullvissað þjóðir heims um að ráðamenn á Íslandi væru staðfastir í baráttu sinni fyrir kynjajafnrétti.

Klístrað kremið hafði þó varla þornað á kökunni þegar úrskurður kærunefndar jafnréttismála barst um það að Bjarni hefði brotið jafnréttislög þegar hann skipaði karl í stöðu skrifstofustjóra fram yfir konu. Raunverulegur boðberi jafnréttis hefði tekið slíkum úrskurði af auðmýkt. Allir geta jú gert mistök, en það segir mikið um karakterinn hvernig fólk tekur á þeim. Og það segir mikið um það hversu mikið maður meinar það sem maður boðar, hvernig maður tekur á því að hafa brotið gegn eigin boðskap.

Og skemmst er frá því að segja að Bjarni féll algjörlega á því prófi. Í stað auðmýktar og vilja til bóta, birtist hroki valdsmannsins. Þetta skipti allt saman ósköp litlu máli í huga Bjarna, í stað sjálfsgagnrýni gagnrýndi hann forvera sína. Svo skal böl bæta að benda á eitthvað annað.

> Það er til lítils að skreyta köku með stolnum jafnréttisfjöðrum á alþjóðlegum viðburðum, en brjóta jafnréttislög heima fyrir eins og ekkert sé.

Skipan skrifstofustjórans veltir upp ýmsum spurningum. Það vekur athygli að stjórnunarreynsla er til einskis metin, sem er furðulegt við ráðningu í stjórnunarstöðu. Svo virðist sem konur geti ekki einu sinni notið þess að hafa orðið sér úti um reynslu; hún er að engu metin og karlarnir ráða karlana.

Ég hvet Bjarna Benediktsson til að hlusta á ræðuna sína frá New York, hún er til á netinu. Það er til lítils að skreyta köku með stolnum jafnréttisfjöðrum á alþjóðlegum viðburðum, en brjóta jafnréttislög heima fyrir eins og ekkert sé.

FRÉTTABLAÐIÐ
ÚTGÁFUFÉLAG: 365 miðlar ehf. STJÓRNARFORMAÐUR: Einar Þór Sverrisson FORSTJÓRI: Ingibjörg Stefanía Pálmadóttir ÚTGEFANDI OG AÐALRITSTJÓRI: Kristín Þorsteinsdóttir kristin@frettabladid.is
AÐSTOÐARRITSTJÓRAR: Andri Ólafsson andri@frettabladid.is, Hrund Þórsdóttir hrund@stod2.is, Kolbeinn Tumi Daðason kolbeinntumi@365.is. Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871 FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík Sími: 512 5000, ritstjorn@frettabladid.is ÞRÓUNARSTJÓRI: Tinni Sveinsson tinni@365.is HELGARBLAÐ: Kristjana Björg Guðbrandsdóttir kristjanabjorg@frettabladid.is MARKAÐURINN: Hörður Ægisson hordur@frettabladid.is MENNING: Magnús Guðmundsson magnus@frettabladid.is LÍFIÐ: Guðný Hrönn Antonsdóttir gudnyhronn@frettabladid.is LJÓSMYNDIR: Vilhelm Gunnarsson villi@365.is FRAMLEIÐSLUSTJÓRI: Sæmundur Freyr Árnason sfa@frettabladid.is

# Hroki 21. aldarinnar

Í DAG



Bergur Ebbi

Það er verðugt verkefni að forðast það að vera hrokafullur, líklega er það hið eiginlega ævistarf. Hroki er margslunginn, og líklegast hef ég oft gerst sekur um hann sjálfur. Hroki er að halda að maður viti eitthvað, þegar maður veit í raun ósköp fátt, að halda að maður viti meira en aðrir eða geti meira en aðrir. Hroki er löstur. Það er dyggðugt að efast. Það er meira að segja kennt í trúarbrögðum. Að efast er að trúa. Til að skilja náð Guðs þarf að efast um hana, eða þannig hefur fólk sem ég ég lít upp til túlkað boðskapinn. Þetta er líka í vísindunum. Sókrates vissi meira en allir því hann vissi að hann vissi ósköp fátt.

En eftir því sem ég hugsa meira um það þá held ég – og nú reyni ég að setja þetta fram eins laust við hroka og mögulegt er – að hroki sé jafnvel enn margslungnari en það. Getur einnig verið hrokafullt að þykjast aldrei skilja neitt? Að yppa sífellt öxlum og fela hroka sinn með viðkvæðum eins og „þetta er skrítið“, „þetta er mjög random“, „óskiljanlegt“. Er ekki ósköp þægilegt og stundum nánast hrokafullt að geta ekki byggt upp neinskonar vissu um heiminn sem maður býr í? Vitum við ekki miklu meira en við þykjumst vita?

### Er hægt að skilja gasárásir?

En hvers vegna ættum við að þykjast skilja minna en við gerum? Líklega samræmist það ekki grunngildum okkar um virðingu og nærgætni að skilja þær sögur sem okkur berast til eyrna. Hversu ónærgætið væri það að skrifa pistil um borgarastríðið í Sýrlandi og segjast skilja það vel að börn verði fyrir gasárásum? Það myndi hljóma eins og maður væri nánast að kvitta fyrir verknaðinn, að samþykkja hann eða góðkenna. Upp að vissu marki boðar menning okkar að það sé uppgjöf og vanvirðing að skilja hræðilega hluti. En kannski er, þrátt fyrir allt, líka hægt að skilja hræðilega hluti.

Heimurinn fylgdist agndofa með hryðjuverkaárásunum 11. september 2011. Enginn skildi neitt þá. Og það er kannski ekki skrítið. Sjónarspilið var hryllilegt, myndmálið stærra en nokkur Hollywood mynd hafði skapað. Viðbrögðin voru sjokk og áfall – en í stærra samhenginu og þegar tími hefur liðið frá atburðinum þá er varla svo erfitt að skilja heildarmyndina. Vitum við ekki öll að saklaust fólk er drepið í þúsundavís á ári hverju vegna öfgafullra hugsjóna um trúarleg og hernaðarleg yfirráð?

Og varla er erfitt að ímynda sér að World Trade Center byggingarnar hafi orðið fyrir valinu, þar sem sum af stærstu fjármálafyrirtækjum Bandaríkjanna höfðu aðsetur. Aðeins átta árum fyrr, árið 1993, hafði sendibíll með 606 kíló af sprengiefni verið sprengdur í bílageymslu nyrðri turnsins. Yfir þúsund manns særðust í árásinni. Hryðjuverkasamtök að nafni al-Qaeda báru ábyrgð á sprengingunni 1993 rétt eins og tortímingunni 2001. Og svo er það stærra samhengið, stríðsrekstur Bandaríkjanna í Mið-Austurlöndum, skipting arabískra þjóða í griparéttir þar sem þeir þægu fá sérmeðferð en hinir fá takmarkaðan markað fyrir olíu sína. Það er alveg hægt að skilja 11. september. Atburðurinn er ekki gáta. Það er enginn kóði sem fólki er að yfirsjást. Það þarf hvorki háskólagráðu né þúsund manna rannsóknarteymi til að sjá stóru línurnar.

### Stóru línurnar

Ég skil 11. september og ofbeldið sem átti sér stað þann dag – og hér koma fyrirvararnir. Það þýðir ekki að ég samþykki ofbeldið. Það þýðir ekki að ég dýrki það. Það þýðir ekki að ég hafi ekki samúð með fórnarlömbunum. Það þýðir ekki neitt af þessu. En allir þessir fyrirvarar eru nauðsynlegir því menning okkar hefur reist brú á milli þess að skilja hluti og að samþykkja þá. Lækið er tákn um bæði; samþykkt og skilning og þess vegna er hættulegt að skilja. Kannski skiljum við miklu meira en við þorum að viðurkenna. Það er synd vegna þess að það hlýtur alltaf að vera til gagns að skilja hluti – sama hversu hræðilegir þeir eru – til að koma í veg fyrir að þeir endurtaki sig.

Mér finnst heimurinn ruglingslegur. Samfélagsmiðlar hafa tortímt hefðbundnu upplýsingastreymi. Jafnvel burðugir fjölmiðlar hafa varla undan að sortera falsfréttir frá staðreyndum. Fréttir af kökuskreytingarkeppnum eru bornar fram strax á eftir fréttum af limlestum börnum. Allt er orðið að kássu. Og það versta við þetta alltsaman er að ef ég reyni að skilja heiminn finnst mér hroki hellast yfir mig. En kannski er það ekki þannig. Kannski er einmitt hrokafullt að gefast upp og segja „heimurinn er fokkt“. Ég er ekki viss. En kannski er hroki 21. aldarinnar einmitt þannig.

**Ég skil 11. september og ofbeldið sem átti sér stað þann dag – og hér koma fyrirvararnir. Það þýðir ekki að ég samþykki ofbeldið. Það þýðir ekki að ég dýrki það. Það þýðir ekki að ég hafi ekki samúð með fórnarlömbunum. Það þýðir ekki neitt af þessu. En allir þessir fyrirvarar eru nauðsynlegir því menning okkar hefur reist brú á milli þess að skilja hluti og að samþykkja þá. Lækið er tákn um bæði; samþykkt og skilning og þess vegna er hættulegt að skilja.**





Alþjóðadagur hjúkrunarfræðinga 12. maí

Góð heilbrigðisþjónusta er ein forsenda þess að einstaklingar geti notið góðrar heilsu.

Hjúkrun er sá þáttur heilbrigðisþjónustu á Íslandi sem nær til flestra landsmanna.

Hjúkrun er **þekking**, **færni** og **umhyggja** í þágu þjóðarinnar.

FÉLAG ÍSLENSKRA HJÚKRUNARFRÆÐINGA

Suðurlandsbraut 22 – 108 Reykjavík – Sími 540 6400 – hjukrun@hjukrun.is

## Fulla ferð til Stokkhólms



**Skalli og mark** Belginn stóri, Marouane Fellaini, skaut Manchester United í úrslitaleik Evrópudeildarinnar í fótbolta í gærkvöldi en hann skoraði eina markið í 1-1 jafntefli í seinni leiknum á móti Celta Vigo. Hér fagnar miðjumaðurinn hárprúði marki sínu. NORDICPHOTOS/GETTY

# Hluti af sportinu að taka áhættu

**Gunnar Nelson mun stíga aftur inn í búrið þann 16. júlí í sumar er hann verður aðalnúmerið á bardagakvöldi hjá UFC í Glasgow. Andstæðingur hans kemur frá Argentínu og er á mikilli siglingu innan UFC.**

**MMA** Það leit lengi vel ekki út fyrir að Gunnar Nelson myndi fá bardaga í sumar eins og hann hafði stefnt að. Flestir fyrir ofan hann á styrkleikalistanum eru komnir með bardaga eða eru meiddir.

Eftir sannfærandi sigur á Bandaríkjamanninum Alan Jouban um miðjan mars vildi Gunnar fá að reyna sig gegn einhverjum af þeim bestu. Það er ekki mögulegt í sumar. Hann vildi samt ólmur fá bardaga og hefur nú fengið bardaga gegn hinum sterka og spennandi Argentínumanni Santiago Ponzinibbio. Bardagi þeirra verður aðalbardagi kvöldsins.

„Ég veit nú voðalega lítið um hann. Ég kann ekki einu sinni að bera fram nafnið hans enn sem komið er en það mun koma,“ segir Gunnar léttur um væntanlegan andstæðing.

### Aðeins tapað þrisvar

Þessi Argentínumaður er þrítugur og er mjög reyndur. Hann er búinn að berjast 27 sinnum og vinna 24 þeirra bardaga. Er því aðeins með þrjú töp. Þrettán sigrar komu eftir rothögg, sex með uppgjafartaki og aðeins fimm bardagar hafa endað á dómaraúrskurði. Síðan Ponzinibbio kom inn í UFC hefur hann unnið sex bardaga og tapað tvisvar. Hann er búinn að vinna fjóra bardaga í röð og er kominn í þrettánda sætið á styrkleikalista UFC í veltivigtinni. Gunnar er þar í níunda sæti.

„Það er mjög ánægjulegt að fá annað tækifæri til þess að vera í aðalbardaga á Bretlandseyjum. Það var mjög svekkjandi þegar ég þurfti að draga mig út úr bardaganum í Belfast í nóvember vegna meiðsla. Gaman að vera þarna því það er auðvelt fyrir fólk að hoppa yfir. Ég geri ráð fyrir hrikalegri stemningu í höllinni. Það kemur pottþétt fólk frá Írlandi, Englandi og auðvitað frá Íslandi,“ segir Gunnar en það leynir sér ekki að hann var mjög hamingjusamur með að hafa fengið bardaga í sumar. Eftir að hafa ekki keppt mikið síðustu ár vildi hann fá þrjá til fjóra bardaga í ár.

Okkar maður viðurkennir að hann hafi nánast verið orðinn úrkula vonar um að fá bardaga í sumar.




**Klár í næsta stríð.** Gunnar fær aðalbardaga í Glasgow og á von á miklum stuðningi. Hann er hér fyrir sinn síðasta bardaga. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

> Þetta leit ekki vel út á tímabili. Það var enginn á lausu á topp tíu.
>
> Gunnar Nelson

### Vildi ólmur berjast í sumar

„Þetta leit ekki vel út á tímabili. Það var enginn á lausu á topp tíu. Þetta var því næsti gæi og hann lítur mjög vel út. Ég vildi ólmur fá bardaga í sumar og svo ná þriðja bardaganum í lok árs. Það var planið hjá mér. Þetta er því bara hið besta mál.“

Þó að Gunnar væri ekki kominn með bardaga þá hefur hann ekkert gefið eftir á æfingum. Hann æfir allt árið og tekur aldrei langa pásu frá æfingasalnum.

„Maður æfir aðeins minna þegar bardagi er ekki klár en keyrir svo upp hraðann þegar það er kominn bardagi. Ég er alltaf að æfa. Ég er aldrei í því að gera ekki neitt. Ég hef notið þess að vera með fjölskyldu og vinum og leika mér á sleðanum mínum áður en snjórinn fer,“ segir Gunnar en næsta mál á dagskrá hjá honum er að setja upp æfingaáætlun. Hann reiknar með því að vera nokkrar vikur á Írlandi líkt og oftast en þar er þjálfari hans, John Kavanagh.

### Til í Thompson næst

Þó að Gunnar hafi ekki fengið andstæðing í topp tíu þá segir hann enga ástæðu til þess að pirra sig á því. Í umræðunni var að hann myndi berjast við Stephen Thompson en hann er meiddur. Gunnar er þó með þann bardaga í huga.

„Ég hugsa að það gæti orðið næsti bardagi eftir þennan,“ segir Gunnar en Thompson mun ekki berjast fyrr en í fyrsta lagi í október eins og staðan er núna.

Með því að keppa við menn fyrir neðan sig er Gunnar eðlilega að taka áhættu. Sigur gefur honum ekki eins mikið og andstæðingnum. Að sama skapi ef hann tapar þá kastast hann lengra aftur fyrir í goggunarröðinni.

„Það er hluti af sportinu að taka áhættu. Ég sýndi með síðasta bardaga að ég er til í að taka áhættu og ég set það ekkert fyrir mig. Ég set pressu á aðra með þessu að gera slíkt hið sama.“ henry@frettabladid.is

## Nýjast

**Evrópudeild UEFA**

**Lyon - Ajax 3-1**
0-1 Kasper Dolberg (27.), 1-1 Alexandre Lacazette (45., víti), 2-1 Alexandre Lacazette (45+1), 3-1 Rachid Ghezzal (81.)

**Ajax fór áfram, 5-4, samanlagt.**

**Man. Utd - Celta Vigo 1-1**
1-0 Marouane Fellaini (17.), 1-1 Facundo Roncaglia (85.).
**Rautt:** Eric Bailly og Roncaglia (90.)

**Man. Utd. fór áfram, 2-1, samanlagt.**

**KUHN HAFNAÐI BREIÐABLIKI** Breiðablik fékk ekki manninn sem það vildi helst fá sem þjálfara liðsins í Pepsi-deild karla, Danann Allan Kuhn. Kuhn fékk tilboð frá Breiðabliki um að taka við starfinu eftir að Arnar Grétarsson var rekinn á þriðjudaginn en sá danski gerði Malmö að Svíþjóðarmeisturum á síðustu leiktíð og var aðstoðarþjálfari Álaborgar þegar liðið varð afar óvænt Danmerkurmeistari árið 2014. „Það er mér heiður að Breiðablik hafi boðið mér starfið sem þjálfari liðsins. Aftur á móti er ég að skoða betur önnur tilboð sem mér hafa borist og því verð ég að hafna tilboði Breiðabliks,“ sagði Kuhn við íþróttadeild 365 í gær. Sigurður Víðisson, aðstoðarmaður Arnars Grétarssonar, stýrir Blikunum á móti Stjörnunni í nágrannaslag í Pepsi-deildinni á sunnudag. Blikar eru stigalausir.



**EIÐUR ARON Á LEIÐ Í VAL** Valsmenn í Pepsi-deild karla í fótbolta eru að bæta við sig sterkum miðverði en Eiður Aron Sigurbjörnsson er á leið til liðsins. Þetta staðfesti Ólafur Jóhannesson, þjálfari Vals, í þættinum 1á1 sem er á dagskrá á Stöð 2 Sport HD klukkan 22.00 í kvöld. Eiður Aron er 27 ára gamall Eyjamaður og var á árum áður einn allra besti varnarmaður Pepsi-deildarinnar. Hann hefur spilað með Örebro, Sandnes Ulf og nú síðast Kiel í þýsku 3. deildinni sem atvinnumaður.



**SÖNGFUGLINN SAMDI** Jón Jónsson, bakvörður Íslandsmeistara FH og einn ástsælasti söngvari þjóðarinnar, skrifaði í gær undir nýjan eins árs samning við FH. Jón tók sér frí frá fótbolta á síðustu leiktíð þegar Hafnafjarðarliðið varð Íslandsmeistari annað árið í röð og í áttunda sinn í sögu félagsins. Jón er öflugur hægri bakvörður sem varð meistari með FH árin 2012 og 2015.

## Í dag

| | | |
|---|---|---|
| 17.00 | Players Champion. | Golfst. |
| 18.50 | WBA - Chelsea | Sport |
| 19.05 | Fram - Haukar | Sport 2 |
| 21.00 | Teigurinn | Sport |
| 21.10 | 1 á 1 með Gumma Ben | Sport |
| 22.30 | Everton - Watford | Sport |
| 00.00 | Washingt. - Boston | Sport 2 |

**Inkasso-deildin:**

| | |
|---|---|
| 19.15 | HK - Leiknir R. |
| 19.15 | Fram - Haukar |
| 19.15 | ÍR - Þróttur R. |
| 19.15 | Grótta - Fylkir |

# OFURTILBOÐ

**5 FYRIR 4**
AF ÖLLUM PIZZUM

KAUPTU 5 PIZZUR AÐ EIGIN VALI EN BORGAÐU FYRIR 4.
GILDIR UM ALLAR PIZZUR




OPIÐ 24 TÍMA

Iceland

OPIÐ ALLAN SÓLARHRINGINN
ICELAND, ENGIHJALLA,
VESTURBERGI OG ARNARBAKKA

# SNAKK Í HAGKAUP.... 12 STIG




Gildir til 14. maí á meðan birgðir endast.



**Tonic Water í Hagkaup**
Tonic fyrir kröfuharða.



**Fentiman´s**
Flottir drykkir, skemmtilegir í veisluna.
Án allra aukefna.




**Jarðarber og bláber**
Sæt og safarík íslensk jarðarber. 500 g bláberjafata.

Nýtt í Hagkaup



**Kii hrökkkex**
Frábært með ostunum.

Kominn aftur




**Sól ananassafi**
Svalandi sumardrykkur. 800 ml.



**Hráskinka**
Ekta ítölsk hráskinka.

# OSTAR Í PARTÝIÐ




**OPIÐ**
allan sólarhringinn
Garðabær, Skeifan,
Spöng & Eiðistorg




ÍSLANDS GRÍS

BBQ og venjulegar

TILBOÐ 10% afsláttur á kassa



REYKTAR KÓTILETTUR
1.798 kr/kg
verð áður 1.998

TILBOÐ 25% afsláttur á kassa



KRYDDLEGIÐ GRILLLÆRI
1.874 kr/kg
verð áður 2.499

ÍSLANDS NAUT

TILBOÐ 10% afsláttur á kassa



HAMBORGARAR 2 X 120 G
539 kr/pk
verð áður 599

ÍSLANDS LAMB

TILBOÐ 20% afsláttur á kassa



KRYDDLEGNAR LAMBAKÓTILETTUR
2.639 kr/kg
verð áður 3.299

NAUTAAT

TILBOÐ 25% afsláttur á kassa



NAUTARIBEYE HVÍTLAUKSPIPAR
3.749 kr/kg
verð áður 4.999



Kíktu á úrvalið!



## ATLANTA CHEESECAKE

Hágæða ostakökur
beint frá USA.

HAGKAUP
Skemmtilegast að versla



Fimm leikmenn hafa skorað sex mörk Þórs/KA til þessa í sumar og fimm hafa gefið stoðsendingu. Hér fagna stelpurnar einu marka sinna í 4-1 sigri á Fylki um síðustu helgi. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

# Gott að hafa pabba til að segja mér til

**Lillý Rut Hlynsdóttir er reynsluboltinn í toppliði Þórs/KA þó að hún sé bara nýbúin að halda upp á tvítugsafmælið. „Við erum með fullkomna blöndu af ungum heimastelpum og mjög sterkum útlendingum,“ segir Lillý sem fetar í fótspor foreldra sinna á vellinum.**

**FÓTBOLTI** „Þetta er draumabyrjun en kemur okkur samt ekkert á óvart þó að þetta komi kannski öllum öðrum á óvart,“ segir Lillý Rut Hlynsdóttir þegar við hefjum spjallið. Eins og inni á vellinum þá er hún yfirveguð en um leið full sjálfstrausts og með mikla trú á sínu liði. Það er ljóst að þetta er ekki hin venjulega tvítuga knattspyrnukona.

Sigrar á Val, Breiðabliki og Fylki skila liðinu þriggja stiga forystu á toppi Pepsi-deildar kvenna. Lillý fagnaði tvítugsafmælinu sínu í ársbyrjun en hún er samt að hefja sitt sjötta tímabil í Pepsi-deildinni og nálgast óðum hundraðasta leikinn fyrir Þór/KA. „Ég held að ég hafi spilað 94. leikinn minn síðast. Ég er allavega ekki ein af ungu stelpunum því við erum frekar ungt lið,“ segir Lillý Rut. Það er vissulega hægt að taka undir það enda meira en helmingur byrjunarliðsins fæddur 1997 eða síðar. Allir markaskorararnir í sigrinum á Fylki voru tvítugar eða yngri.

### Fullkomin blanda

„Heimastelpurnar eru svo flottar. Við erum með fullkomna blöndu af ungum heimastelpum og mjög sterkum útlendingum. Það sem hefur gert okkur betri er að okkur er treyst fyrir þessu og við fáum tækifærið þótt við séum ungar,“ segir Lillý sem kom inn í byrjunarliðið sumarið 2012, þá aðeins fimmtán ára gömul.

Tvær þær yngstu í byrjunarliðinu í sumar eru hin 18 ára Margrét Árnadóttir og hin 17 ára Hulda Björg Hannesdóttir sem báðar voru á skotskónum á móti Fylki. „Það er ekki að sjá að þær séu að spila fyrstu meistaraflokksleikina,“ sagði Lillý.

Ábyrgðin hefur þó aldrei verið meiri á Lillý en í ár þar sem hún er komin með fyrirliðabandið í fjarveru Söndru Maríu Jessen og stýrir nú þriggja manna vörn Þórs/KA-liðsins.

„Mér líður bara mjög vel í þessu hlutverki. Við Sandra erum í þessu saman. Hún er samt fyrirliði númer eitt þegar hún er heil,“ segir Lillý Rut en hún er í miðri vörninni í 3-4-3 leikkerfi og stýrir liðinu þaðan.

„Þetta kerfi er búið að ganga mjög vel og ég held að þetta henti okkur betur miðað við þá leikmenn sem við erum með. Þessar nýju stöður henta eiginlega öllum betur,“ segir Lillý Rut og bætir við: „Kerfið gefur mér aðeins meira frelsi og býður upp á betri sendingar því það gefur mér fleiri kosti fram á völlinn. Það hentar mér mjög vel,“ segir Lillý.



Lillý Rut Hlynsdóttir með regnbogafyrirliðabandið sitt í leiknum á móti Fylki á dögunum. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

> **Þetta kerfi er búið að ganga mjög vel og ég held að þetta henti okkur betur miðað við þá leikmenn sem við erum með. Þessar nýju stöður henta eiginlega öllum betur**
>
> Lillý Rut Hlynsdóttir

### Þarf að halda ró sinni

Lillý kom inn í vörnina þegar Arna Sif Ásgrímsdóttir fór út í atvinnumennsku og það er því mikið á svona ungan leikmann lagt að ætla að stýra varnarleik liðsins í nýju leikkerfi. Hún byrjaði á miðjunni en þurfti að breyta aðeins um stíl sem miðvörður.

„Ég þarf að halda ró minni og má ekki fara úr stöðu. Þetta er í rauninni bara þriðja tímabilið mitt í miðverði því ég var alltaf á miðjunni. Ég þarf að passa mig að hlaupa ekki út um allt eins og maður gerði,“ segir Lillý.

Eini nýi erlendi leikmaður liðsins er sú sem spilar við hlið Lillýjar og þær ná vel saman. „Það er mjög þægilegt að spila með henni. Hún talar endalaust og það er ekki hægt að sjá að við séum að spila saman í fyrsta skiptið,“ segir Lillý og þar er enn eitt dæmið um hversu vel gengur að velja erlenda leikmenn inn í liðið.

„Við höfum verið mjög heppnar með útlendinga öll árin sem ég er búin að vera hérna,“ segir Lillý.

Eftir þrjár umferðir er lið Þórs/KA með fullt hús og búið að vinna tvö af liðunum sem áttu að berjast um Íslandsmeistaratitilinn í ár. Þar var Þór/KA „aðeins“ spáð fjórða sætinu. Markmiðið er og hefur alltaf verið á hreinu. „Markmið númer eitt er að verða Íslandsmeistari,“ sagði Lillý sem var í síðasta meistaraliði Þórs/KA. „Ég var með í öllum leikjunum nema þeim síðasta þegar við tókum á móti bikarnum. Ég missti af sigurveislunni,“ segir Lillý en þá var hún upptekin í verkefni með sautján ára liðinu. „Það var ótrúlegt tímabil og vonandi verður þetta tímabil eitthvað því líkt.“

Þetta var samt erfiður vetur fyrir norðankonur. Mikil umræða varð um það hvort Þór/KA ætti yfirhöfuð að tefla fram sameiginlegu liði áfram og svo sleit markadrottningin Sandra María Jessen krossband í landsleik í mars. Þetta tvennt átti örugglega sinn þátt í því að þjálfarar, fyrirliðar og forráðamenn höfðu ekki allt of mikla trú á liðinu þrátt fyrir að sterkir erlendir leikmenn væru áfram á Akureyri og ungu stelpurnar einu ári eldri.

### Gott að eiga Söndru Maríu inni

„Hún gerði okkur bara sterkari ef eitthvað er, umræðan um hvort það ætti að stía okkur í sundur eða ekki. Hópurinn varð samheldnari. Það er auðvitað mikill missir að Söndru Maríu en það er gott að eiga hana inni. Vonandi verður hún klár sem fyrst. Hún er mjög mikilvægur partur af hópnum enn þá,“ segir Lillý.

Ein af breytingunum á liðinu er að nú stendur íslensk stelpa í markinu. Bryndís Lára Hrafnkelsdóttir kom norður frá ÍBV. „Hún smellpassar inn í liðið og er frábær karakter. Það er gott að hafa loksins íslenskan markvörð fyrir aftan sig. Hún verður stundum svolítið æst en það er mjög gott að hafa hana fyrir aftan sig. Hún er búin að standa sig mjög vel,“ segir Lillý. Þór/KA er bara búið að fá á sig eitt mark á 270 mínútum og það kom úr víti.

### Byrjunarlið Þórs/KA

**Spila 3-4-3 eins og Chelsea**

**MARKVÖRÐUR**
Bryndís Lára Hrafnkelsdóttir
**26 ára – Nýr leikmaður**

**VÖRN**
Bianca Sierra **S**
**25 ára – Nýr leikmaður**
Lillý Rut Hlynsdóttir **H**
**20 ára**
Zaneta Wyne
**25 ára – Var í fyrra**

**MIÐJA**
Hulda Björg Hannesdóttir **M H H**
**17 ára**
Natalia Gómez Junco **S H H**
**25 ára – Var í fyrra**
Andrea Mist Pálsdóttir **M S H**
**19 ára**
Anna Rakel Pétursdóttir **S**
**19 ára**

**SÓKN**
Hulda Ósk Jónsdóttir **M M**
**20 ára**
Stephany Mayor **M S S**
**26 ára – Var í fyrra**
Margrét Árnadóttir **M H**
**18 ára**

**M** Mark í fyrstu 3 leikjunum
**S** Stoðsending í fyrstu 3 leikjunum
**H** Hjálparstoðsending í fyrstu 3 leikjunum

### Pabbi hennar var miðvörður

Lillý Rut er heldur betur með fótboltann í blóðinu því báðir foreldrar hennar spiluðu með Þór á árum áður en þetta eru þau Hlynur Birgisson og Inga Huld Pálsdóttir. „Þau eru bæði mjög harðir Þórsarar. Pabbi spilaði sem miðvörður á seinni hluta ferilsins en mamma var framherji. Ég fékk því aðeins meira frá pabba mínum,“ segir Lillý í léttum tón. „Það er mjög mikið rætt um fótbolta á heimilinu og það er mjög gott að hafa pabba til að segja manni til,“ segir Lillý.

ooj@frettabladid.is

# Fólk

Lífsstíll

FÖSTUDAGUR 12. MAÍ 2017



**Eva Laufey er aftur mætt í eldhúsið í nýjum þáttum á Stöð 2. Hún gefur uppskriftirnar hér.**

lífsstíll →6



Fyrir þarmaflóruna þína
www.icecare.is



Séra Grétar Halldór Gunnarsson í Grafarvogskirkju er með skýr plön fyrir helgina. „Í frístundum vil ég vera með fjölskyldunni, lesa, hlusta á podkóst og hljóðbækur og hreyfa mig. Fram undan er langþráð fríhelgi, þannig að ég ætla að gera þetta allt saman!“ segir hann kátur. MYND/GVA

# Djúp fullvissa um Guð

Reykvíkingurinn Grétar Halldór Gunnarsson er prestur í Grafarvogskirkju. Hann segir til margar sannanir um Guð. →2

Framhald af forsíðu ➪

Þórdís Lilja Gunnarsdóttir
thordisg@365.is



Ég var framan af ekki fastur í þeirri hugmynd að verða prestur. Ég hafði unun af guðfræðinni og það togaðist á í mér hvort ég ætti að gefa mig í fræðin eða prestsstarfið. En eftir að hafa útskrifast með doktorspróf frá Edinborgarháskóla fæddist hjá mér innri fullvissa um að ég ætti næst að gefa mig í prestsstarfið,“ segir Grétar um köllun sína til að verða prestur en hálft ár er nú liðið síðan biskup Íslands skipaði dr. Grétar í embætti prests í Grafarvogsprestakalli, Reykjavíkurprófastsdæmi eystra.

„Prestskapurinn kemur mér fyrir sjónir sem merkilegt þversnið ólíkra starfa. Presturinn þarf í senn að vera andlegur kennari, félagsmálatröll, rithöfundur, ræðumaður og sálgætir. Það sem hefur komið mér mest á óvart er hversu vel prestinum er tekið. Ástæðan fyrir því að það hefur komið mér á óvart er að stundum finnst manni eins og andblær opinberrar umræðu sé í aðra átt.“

Og móttökur íbúa í einu stærsta úthverfi Reykjavíkur stafa hlýju.

„Mér finnst fólk taka gífurlega vel á móti mér í hlutverki prests. Það er líkt og það upplifi í hlutverki prestsins tenginguna við hina andlegu vídd, tenginguna við söguna og tenginguna við nærumhverfi sitt.“

## Teikn á lofti

Sem barn og unglingur segist Grétar hafa verið viljugur og glaðvær en jafnframt með viðkvæman streng sem ekki allir fengu að sjá.

„Í minni upplifun finnst mér sem það hafi verið mikið andlegt þel á heimilinu þó það sé erfitt að festa fingur á það. Á sinn hátt þá ólst ég einfaldlega upp við svipaðan kristindóm eins og margir þekkja á Íslandi. Trúin var iðkuð í bakgrunninum, en samt í andrúmsloftinu, og mér var kennt að fara með kvöldbænir. En sú trúariðkun var hins vegar ekki mjög tengd helgihaldi kirkjunnar.“

Nú þegar Grétar stendur mitt í helgihaldi kirkjunnar er hann inntur eftir lífsstíl ungs nútímaprests.



Séra Grétar segir engan hafa áhuga á kristinni trú ef kristið fólk er sífellt óhamingjusamt, reitt, öfundsjúkt, biturt og í vörn. MYND/GVA

> Mér finnst fólk taka gífurlega vel á móti mér í hlutverki prests. Það er líkt og það upplifi í hlutverki prestsins tenginguna við hina andlegu vídd, tenginguna við söguna og tenginguna við nærumhverfi sitt.

„Í prestsstarfinu er maður svo gjarnan að störfum á óvanalegum tímum svo sem eftir vinnu, um kvöld, um helgar og um hátíðar. Því er óljósara en í öðrum störfum hvenær maður er við vinnu og hvenær ekki. Prestsstarfið hefur þess vegna tilhneigingu til að verða lífsstíll. Það tekur tíma að læra á þetta og finna rétta taktinn en ég reyni að hyggja að undirstöðunum í lífinu. Ég reyni að sinna minni eigin andlegu iðkun, lifa heiðarlega, borða rétt og hreyfa mig. Já, og sinna fjölskyldunni!“ bætir Grétar brosandi við.

Meðfram prestsstarfinu er Grétar stundakennari við guðfræði- og trúarbragðafræðideild Háskóla Íslands. „Ég mæli með því að fólk læri til prests ef það er það sem það langar til að gera. Mest af öllu mæli ég þó með því að fólk rækti trúarlífið og sinni andlegri og trúarlegri iðkun. Mér finnst að við á Vesturlöndum höfum gleymt því hversu mikla innri umbreytingu manneskjan getur upplifað í gegnum bæn, íhugun og hugleiðslu. Sem betur fer eru teikn á lofti um að þessi gömlu reynsluvísindi séu að rifjast upp á ný.“

## Trúin breytir lífi fólks

Um árþúsundamótin 1000 ákvað Alþingi að kristni yrði þjóðartrú Íslendinga. Á undanförnum árum hefur kristin trú þó mætt nokkru mótlæti hér á landi. Er inntak kristinnar trúar: ást og kærleikur, ásamt friði, fyrirgefningu og réttlæti, dottið úr tísku hjá Íslendingum?

„Ég hef ekki einhlítt svar við því. En mér sýnist þó að það hljóti að vera mikilvægt að fólk upplifi, í fyrsta lagi, að kristin trú hafi eitthvert gildi fyrir það og, í öðru lagi, að fólk hafi hugrekki til að segja sannleikann um það gildi sem kristin trú hefur í lífi þess. Við þurfum bara að vera heiðarleg við okkur sjálf og við aðra, en hvort tveggja hefur alltaf reynst manneskjunni erfitt,“ svarar Grétar.

Sem prestur og mannvera segist hann standa vörð um fagnaðarerindið með því að iðka trúna með hætti sem hefur umbreytandi áhrif á líf hans og upplifun hans af tilverunni.

„Fagnaðarerindið er fagnaðarerindi vegna þess að það breytir lífi fólks. Það hefur enginn áhuga á kristinni trú ef kristið fólk er sífellt óhamingjusamt, reitt, öfundsjúkt, biturt og í vörn.“

Að vera kristinn samkvæmt boðskap Jesú Krists er meðal annars að vera talsmaður réttlætis, friðsemi og náungakærleika manna í millum. Telur Grétar að boðskapur kristinnar trúar sé vopnið sem ófriðsæll heimurinn þarf í dag?

„Ég vildi gjarnan segja einfalt ‚já‘ en það þyrfti að setja marga fyrirvara á það. Kristin trú, eins og allar gerðir lífssýnar, á sér fjölbreyttar birtingarmyndir. Sumar þeirra virðast auka á ófriðinn og ná ekki að miðla þeim heilunarmætti sem trúin býr yfir.“

## Margar guðssannanir til

Annir presta snúast um gleði og sorgir mannanna. Séra Grétar segir að erfiðastur sé sá eðlilegi vanmáttur sem allir hafi gagnvart missi annarra.

„Allt sem sagt er við aðstandendur í slíkum aðstæðum á það til að verða hjóm eitt. Þá er best að skynja vanmáttinn, finna fyrir honum og átta sig þannig á að hann getur ekki gert manni neitt. Með því móti getum við orðið sterk í vanmættinum. Sjálfur vinn ég úr mótlæti og erfiðleikum með bæn, íhugun og ákveðnum rökgreiningaraðferðum sem ég hef tamið mér.“

Helsta trúrækt Grétars fer í gegnum iðkun kristilegrar íhugunar, svokallaðrar kyrrðarbænar, sem ættuð er úr klausturhefðum kristindómsins. Þess utan notar hann líka hefðbundna bæn, hina fornu Jesú-bæn austurkirkjunnar og biblíulestur.

En trúir séra Grétar í einlægni á Guð? Getur hann sannfært efasemdamanninn um tilvist Guðs?

„Ég hef mjög djúpa fullvissu um Guð. En sú fullvissa á sér ekki rætur í rökhugunum. Það eru vissulega til ýmsar góðar guðssannanir, sem rökhugurinn okkar hefur gaman af. Einhver sú besta er sú sem er að finna hjá heilögum Anselm af Kantaraborg. En ég tel að þótt sú sönnun sé röklega fullnægjandi þá kveiki hún ekki trú hjá neinum. Trúin er allt annars konar skynjun. Hún er andleg skynjun.“




Fylgstu með á
Facebook - Lindex Iceland
#lindexiceland
Kjóll,
2499,-
LINDEX
we make fashion feel good

# Full af orku fyrir framhaldið

**Nýir borðstofustólar, kollar og sófaborð voru meðal nýrra vara sem AGUSTAV sýndi á Hönnunarmars fyrir nokkrum vikum. Næsta stóra sýning er stórsýningin Amazing Home Show í Laugardalshöll í lok næstu viku.**



Borðstofustóll II úr gegnheilli hnotu með messingteinum.

Starri Freyr Jónsson
starri@365.is



Hönnunarfyrirtækið AGUSTAV sýndi nokkrar nýjar vörur á Hönnunarmars fyrr á árinu, þar á meðal nýja borðstofustóla sem þau bættu við vörulínuna sína. Annar þeirra er úr eik en hinn úr hnotu en hjónin Ágústa Magnúsdóttir og Gústav Jóhannsson, sem standa að AGUSTAV, segjast hafa viljað leggja áherslu á fínar línur sem andstæðu við það þunga og mikla sem er í viðnum sjálfum. „Stólarnir eru úr gegnheilum viði og handformaðir eftir hefðum gömlu meistaranna. Við sérsmíðum samsetningarnar í stólana en þeir eru settir saman með hnotu- og eikarpinnum sem við leyfum að skína í gegn á hliðunum. Því eru engar skrúfur eða naglar í þessum stólum. Við rekum svo messingtein í gegnum hnotustólinn sem fer í gegnum setuna og tengir saman fram- og afturlöpp stólsins.“

## Slógu loks til

Einnig sýndu þau nýtt kringlótt sófaborð úr tekki á stálfótum. „Borðið er úr þykku, gegnheilu tekki sem við keyptum úr gömlu verkstæði. Við erum búin að vera að væflast með þetta tekk í langan tíma og varla tímt að nota það en slógum til af þessu tilefni og skelltum í eitt massíft, þykkt og þungt sófaborð. Smá dæld er fræsuð ofan í borðið frá miðju til að ná dýptinni fram og leyfa viðnum að njóta sín.“

Fyrir sýninguna ákváðu þau einnig að gera nýja kolla og eru nú komin með þrjá mismunandi kolla í vörulínu sína. „Í haust komum við með nýjan, handformaðan koll þar sem setan er frjálsleg og lifandi. Fyrir Hönnunarmars tókum við annan vinkil á þetta og komum annars vegar með koll í stíl við sófaborðið, úr þykku, gegnheilu tekki, og hins vegar úr gegnheilli hnotu með leðursetu ofan á.

Einnig tókum við hægindastólinn okkar sem við frumsýndum í fyrra á annað stig og gerðum nýja hábaksútgáfu úr leðri af honum og höfðum skemil með. Við sýndum líka útgáfu af hægindastólnum okkar úr eik auk þess að sýna annað sófaborð, borðstofuborð og nýju hillurnar okkar.“

## Næg verkefni fram undan

Næsta stóra sýning sem þau taka þátt í er stórsýningin Amazing Home Show sem hefst í Laugardalshöll í lok næstu viku. „Við ætlum að öllum líkindum að sýna meira og minna allar vörunar okkar þar. Á Hönnunarmars höfum við verið upptekin af því að sýna nýjar vörur en á sýningunni í Laugardalshöll erum við laus við slíkar takmarkanir og getum sýnt alla flóruna; allt frá bókasnögunum til sófa og hægindastóla, borðstofuborðs og barstóla.“

Auk framleiðslu sinnar eru þau einnig að vinna nokkur stærri verk með innanhússarkitektum og undirbúa flutning verkstæðisins í næsta mánuði. „Svo erum við að þreifa fyrir okkur með að finna varanlega sýningaraðstöðu og vonandi kemur eitthvað út úr þeim pælingum á árinu. Við ætlum einnig að taka sumarfrí yfir hásumarið en það höfum við ekki gert síðan við stofnuðum fyrirtækið fyrir fimm árum þannig að það verður eflaust kærkomið frí.“

Hönnun AGUSTAV má skoða á www.agustav.is, á Facebook og Instagram (@agustavfurniture).



Kollur úr tekki með messinghúðuðu stelli og kollur úr hnotu með leðursetu og stálstelli.



Borðstofustóll II úr hnotu með messingteinum og borðstofustóll I úr eik.



Hjónin Ágústa Magnúsdóttir og Gústav Jóhannsson eru eigendur AGUSTAV. Fyrir framan þau má sjá hægindastól úr eik, borðstofustól úr eik og sófaborð úr tekki. MYND/GVA




EVY
TECHNOLOGY
LANGVIRK SÓLARVÖRN
ÞOLIR SJÓ, SUND OG LEIK
UVA
5 stjörnur
FYRIR ÞIG OG BARNIÐ ÞITT
Berið oft og ríkulega á og stillið sólböðum í hóf.
PRODERM
NÝTT NAFN
EVY
EVY TECHNOLOGY
SUNSCREEN MOUSSE
50
LONG LASTING HIGH SPF PROTECTION FOR CHILDREN AND ADULTS
WATER RESISTANT • NON STICKY • HYPOALLERGENIC
EVY TECHNOLOGY
SUNSCREEN MOUSSE KIDS
30
LONG LASTING HIGH SPF PROTECTION FOR SENSITIVE SKIN
• VERY WATER RESISTANT • NON STICKY • HYPOALLERGENIC
MILT
OG ÖRUGGT
FYRIR VIÐKVÆMA
HÚÐ BARNA
OFNÆMISPRÓFUÐ ÖRUGG SÓLARVÖRN
MEÐMÆLI HÚÐLÆKNA
Grunnformúlan er læknisfræðilega skráð.
Má nota frá 6 mánaða aldri og fyrir allan aldur.
Börn elska mjúka froðuna sem auðveldar að bera á rétt magn.
Ekkert klístur og smitar ekki í fatnað, gott í hársvörðinn.
Engin hvít himna eða taumar í vatni, teppir ekki húðina.
Bakteríuheldar umbúðir, innihaldið helst ferskt.
Engin paraben, engar nanóeindir, ilm- eða litarefni.
BÄST-i-TEST.se
Svenska Vitiligo förbundet
UVA
ULTRA
www.evy.is


Steikar taco með mangósalsa og lárperusósu.


Ítalskur vanillubúðingur.


Kjúklingur Satlimbocca.


Spicy grænmetissúpa.

# Steikar-taco og vanillubúðingur

## Eva Laufey Hermannsdóttir töfrar fram kræsingar í þáttum sínum, Í eldhúsi Evu, sem sýndir eru á Stöð 2 á fimmtudögum. Hér má finna uppskriftir að steikar-taco, grænmetissúpu, kjúklingarétti og vanillubúðingi.

### Steikar taco

**400 g nautasteik, t.d. sirloin-steik**
**Ólífuolía**
**1 msk. steinselja**
**¼ rautt chili**
**Hvítlauksrif**
**Salt og pipar**

Saxið niður steinselju, chili og hvítlauk. Blandið saman við ólífuolíu og nuddið steikinni upp úr marineringunni, kryddið einnig með salti og pipar. Hitið grillpönnu og setjið kjötið á þegar pannan er orðin mjög heit, steikið í um það bil fimm til sex mínútur á hvorri hlið. Það fer auðvitað eftir þykktinni á kjötinu og smekk hvers og eins.
Kjötið þarf að hvíla í lágmark sex mínútur þegar það er tilbúið. Á meðan undirbúið þið meðlætið. Þegar kjötið er búið að hvílast þá er gott að skera það í þunnar sneiðar og bera fram með tortillavefjum, hreinum fetaosti, mangósalsa og ljúffengri lárperusósu.

### Mangósalsa

**1 mangó**
**10 kirsuberjatómatar**
**½ laukur**
**1 msk. smátt söxuð steinselja**
**Ólífuolía**
**Salt og pipar**
**Safi úr hálfri límónu (lime)**

Skerið hráefnið smátt og blandið saman í skál, hellið smá ólífuolíu saman við og kryddið til með salti og pipar. Rétt áður en þið berið salatið fram þá kreistið þið vel af límónusafa yfir.

### Lárperusósa

**4 dl grískt jógúrt**
**1 lárpera**
**1 msk. smátt saxaður kóríander**
**1 tsk. hunang**
**Safi úr hálfri límónu (lime)**
**Salt og pipar**

Setjið öll hráefnin í blandara eða matvinnsluvél og maukið þar til sósan er orðin silkimjúk. Berið strax fram og njótið.

### Spicy grænmetissúpa

**1 msk. olía**
**1 laukur**
**2 hvítlauksrif**
**1 rauð paprika**
**½ spergilkálshöfuð**
**5-6 gulrætur**
**350 g hakkaðir tómatar í krukku eða dós**
**1-2 msk. tómatpúrra**
**1,5 l kjúklingasoð (soðið vatn + 2 kjúklingateningar)**
**1 tsk. paprikukrydd**
**½ tsk. cumin-krydd**
**½ tsk. þurrkaður kóríander**
**1 tsk. karrí**
**Salt og pipar**

Hitið olíu í potti, skerið grænmetið mjög smátt og steikið í smá stund eða þar til grænmetið verður mjúkt. Bætið kjúklingasoði, hökkuðum tómötum og tómatpúrru saman við. Kryddið til með þeim kryddum sem talin eru upp hér að ofan og leyfið súpunni að malla í lágmark 30 mínútur. Mér finnst súpan alltaf betri ef hún fær að malla svolítið lengi.

### Meðlæti með súpunni

**1 msk. olía**
**Tortillakökur, skornar í litla bita**
**Sýrður rjómi**
**Lárpera**
**Ferskur kóríander**
**Hreinn fetaostur**


Eva Laufey Kjaran Hermannsdóttir stýrir matreiðsluþættinum Í eldhúsi Evu.

Hitið olíu við vægan hita á pönnu, skerið tortillakökurnar í litla bita og steikið á pönnu í 1- 2 mínútur eða þar til kökurnar eru gullinbrúnar. Berið súpuna fram með stökkum tortillavefjum, smátt skorinni lárperu, smátt söxuðum kóríander, sýrðum rjóma og hreinum fetaosti.

### Kjúklingur saltimbocca

**Fjórar kjúklingabringur**
**8 hráskinkusneiðar**
**10-12 fersk salvíublöð**
**Salt og nýmalaður pipar**
**1-2 msk. ólífuolía**

Skerið kjúklingabringur í tvennt og kryddið með salti og pipar. Leggið eitt salvíublað ofan á kjúklingabringuna og vefjið hráskinkunni utan um hvern bita. Hitið ólífuolíu á pönnu og steikið bringurnar í smá stund á hvorri hlið eða þar til þær eru brúnaðar á öllum hliðum. Leggið bringurnar því næst í eldfast mót og inn í ofn við 180°C í 20 mínútur. Á meðan kjúklingurinn er í ofninum útbúið þið sósuna og kartöflumús.

### Kartöflumús með parmesanosti

**500 g soðnar kartöflur**
**30 g smjör**
**1 dl mjólk**
**Salt og nýmalaður pipar**
**1 dl rifinn parmesan-ostur**

Afhýðið kartöflurnar og bræðið smjörið. Setjið kartöflurnar út í smjörið og takið pottinn af hitanum, stappið kartöflurnar vel saman við smjörið og hellið volgri mjólk út í í smáum skömmtum. Bætið ostinum við og stappið allt vel saman þar til réttri áferð er náð, það er smekksatriði hvað þið notið mikla mjólk en þið finnið það um leið ef þið þurfið að bæta við mjólk. Bragðbætið með salti og pipar.

### Hvítvínssósa

**2 msk. smjör**
**6-7 fersk salvíublöð, smátt skorin**
**700 ml hvítvín**
**1 stk. kjúklingakraftur**
**Nýmalaður pipar**

Bræðið smjörið á pönnu og steikið salvíublöðin. Hellið hvítvíninu út á og bætið kjúklingakraftinum saman við. Kryddið til með pipar. Leyfið sósunni að sjóða í smá stund, lækkið þá hitann og leyfið sósunni að malla í nokkrar mínútur eða þar til kjúklingurinn er tilbúinn.

### Ítalskur vanillubúðingur með ástaraldinsósu

**500 ml rjómi**
**100 g hvítt súkkulaði**
**2 msk. vanillusykur**
**1 tsk. vanilluduft eða vanillukorn úr vanillustöng**
**2 plötur matarlím**

Leggið matarlímsblöð í kalt vatn í 4-6 mínútur. Á meðan hitið þið rjóma að suðu og bætið súkkulaði saman við og bræðið í róleg-heitum. Hrærið í á meðan og þegar súkkulaðið er bráðnað bætið þið vanillusykri og vanilludufti saman við, í lokin kreistið þið vökvann frá matarlímsblöðum og hrærið út í vanillublönduna. Hellið í skálar og geymið í kæli að minnsta kosti í tvær til þrjár klukkustundir, best yfir nótt.

### Ástaraldinsósa

**3 ástaraldin**
**3 tsk. flórsykur**

Skafið innan úr ástaraldininu og blandið saman við smá flórsykur, setjið yfir vanillubúðinginn áður en þið berið hann fram og njótið strax.



# Sumar & börn

FÖSTUDAGUR 12. MAÍ 2017 **Kynningar:** Barnið okkar Icecare



# Samvera og útivist dýrmætt veganesti

Lára G. Sigurðardóttir og Sigríður Arna Sigurðardóttir gáfu nýverið út bókina Reykjavik With Kids. Það er samverubók með fjölda hugmynda að útivist með börnum. Þær segja fátt meira endurnærandi en útivist. →2

Framhald af forsíðu ➜

Vera
Einarsdóttir
vera@365.is



Þær Lára G. Sigurðardóttir læknir og Sigríður Arna Sigurðardóttir hjúkrunarfræðingur gáfu út bókina Útivist og afþreying fyrir börn árið 2012. Þær fylgja henni nú eftir með Reykjavík With Kids, sem kom út fyrir skemmstu. Eftir útgáfu fyrri bókarinnar opnuðu þær vefsíðuna utipukar.is þar sem þær benda á skemmtileg útivistarsvæði og segja frá viðburðum sem henta börnum og ýmsu tengdu barnauppeldi.

## Endurnærandi að fara út

Þær Lára og Sigríður kynntust á sameiginlegum vinnustað. „Við eigum samanlagt fimm orkumikla drengi á svipuðum aldri sem eiga það sameiginlegt að sækja í að sitja fyrir framan tölvuskjá. Ég hafði tekið eftir skapgerðarbreytingu til hins verra ef mínir strákar sátu lengi við og vildi ekki að tölvuleikjanotkun yrði aðalæskuminningin hjá þeim. Þegar við foreldrarnir reyndum að fara með þá út af heimilinu fannst mér samverustundirnar heldur einsleitar. Það var skipst á að fara í Húsdýragarðinn, sund og ævintýralandið í Kringlunni. Ég tók hins vegar eftir því hve Sigríður var endurnærð eftir hin ýmsu helgarævintýri og fylltist tilhlökkun yfir að fá að slást í för með henni,“ lýsir Lára, en Sigríður hefur stundað útivist um langt skeið og fór fljótt að taka drengina sína með. „Ég tók fljótt eftir því að ólíkt því þegar setið er við tölvuna fengu strákarnir mínir útrás fyrir hreyfiþörfina í náttúrunni og allir komu endurnærðir heim. Við Sigríður urðum sammála um að það væri sniðugt að benda á þá staði sem okkur þótti gaman að heimsækja og þannig hófst samstarfið.“

Lára segir að hún og Sigríður hafi strax náð vel saman. „Við erum báðar menntaðar í heilbrigðisvísindum og það litar eflaust áhugasvið okkar, en okkur þykir báðum mikilvægt að börn alist upp við heilbrigða lífshætti. Í því sambandi jafnast fátt á við að vera úti í náttúrunni sem veitir ró, kraft og hreysti. Við vitum líka að það að upplifa eitthvað nýtt með nákomnum veitir okkur meiri hamingju sem endist lengur en t.d. hamingja sem er keypt með nýjum síma eða skóm. Þá er góður félagsskapur afar mikilvægur heilsunni. Þegar við upplifum eitthvað nýtt með börnunum og gefum þeim alla okkar athygli þá erum við að stuðla að góðri andlegri og líkamlegri heilsu þeirra.“

## Samverubækur

Í báðum bókum þeirra Sigríðar og Láru eru eins konar uppskriftir að áhugaverðum stöðum til að heimsækja. „Það er góð afþreying að fletta uppskriftabók og fá hugmyndir að góðum mat en það er ekki síðra að fletta samverubók og fá hugmyndir að skemmtilegum samverustundum. Í Reykjavík With Kids höfum við uppfært upplýsingar úr fyrri bókinni okkar og bætt við stöðum, eins og Heimaey sem er alger ævintýraeyja fyrir börn. Við ákváðum líka að hafa hana á ensku enda hefur enskumælandi íbúum hér á landi fjölgað ört og sömuleiðis erlendu ferðafólki. Við vildum ná til þeirra líka. Flestir Íslendingar eru vel læsir á ensku þannig að bókin ætti ekki síður að nýtast þeim. Bókin er hugsuð fyrir alla sem vilja fá hugmyndir að því hvað þeir geta gert með sínum nánustu, hvort heldur er innandyra eða utandyra, í sumarfríi og um helgar.

Bókinni er skipt í níu kafla eftir kennileitum, náttúruperlum, görðum, leiksvæðum, skemmtun/afþreyingu, menningu, fjallgöngum, sundlaugum og dagsferðum frá borginni. Aftast í bókinni er kort sem hjálpar til við að rata.



**„Að upplifa eitthvað nýtt með nákomnum veitir meiri hamingju sem endist lengur en hamingja sem er keypt með skóm eða nýjum síma,“ segir Lára. Hún og Sigríður eiga samtals fimm drengi á svipuðum aldri sem fá mikla útrás í útivist með fjölskyldunni og koma jafnan endurnærðir heim.** MYND/EYÞÓR



**Í báðum bókum þeirra Sigríðar og Láru er eins konar uppskriftir að áhugaverðum stöðum til að heimsækja.**

## Hreyfingarleysi er áhyggjuefni

Spurð hvor börn leiki sér minna úti nú en áður segir Lára það því miður vera svo. „Hreyfingarleysi er vaxandi áhyggjuefni því allt að 75% barna fá ekki nægilega mikla hreyfingu, sem miðað er við að þurfi að vara í að minnsta kosti 60 mínútur á dag. Hún segir ekki eins auðvelt að senda börn út að leika í dag og áður því það er yfirleitt nóg af dóti eða raftækjum á heimilum sem halda þeim uppteknum. „Því er gott að fara hreinlega út af heimilinu með þeim. Það brýtur mynstrið upp.“

Að mati Láru er náttúran frábært mótvægi við allt áreitið í umhverfinu því hún hefur streitulosandi áhrif. „Síðan er ómetanleg tilfinning að verða vitni að stolti sem skín úr augum barns sem er að uppgötva eigið afrek, eins og að komast alla leið upp að Steini á Esju. Með því að fara með börnunum út og upplifa eitthvað nýtt þá erum við að sá fræjum sem blómgast kannski ekki strax en með því að hlúa vel að þeim þá munu þau á endanum bera góðan ávöxt.“

> **Við erum báðar menntaðar í heilbrigðisvísindum og það litar eflaust áhugasvið okkar, en okkur þykir báðum mikilvægt að börn alist upp við heilbrigða lífshætti.**
>
> Lára G. Sigurðardóttir.

Sjá nánar á utipukar.is og á Reykjavik With Kids á Facebook.




**Þær Lára og Sigríður ákváðu að hafa bókina á ensku enda hefur enskumælandi íbúum hér á landi fjölgað ört og sömuleiðis erlendu ferðafólki. Hún er þó ekki síður hugsuð fyrir Íslendinga.**

## Heilsusamlegra fjölskyldulíf

Bókin inniheldur hugmyndir að stöðum til að heimsækja, sem margir hverjir bjóða upp á ævintýralega upplifun í fallegri náttúru. Þær Lára og Sigríður kalla þessa staði uppskrift að hamingjusamara og heilsusamlegra fjölskyldulífi.

**Þær nefna nokkur atriði sem skipti máli í útivist með börnum:**

1. Leyfa barninu að taka þátt í að velja staðinn. Börnum finnst til dæmis gaman að skoða myndirnar í bókinni og fá þannig tækifæri til að gera eitthvað sem þeim finnst spennandi.
2. Mikilvægt er að laga ferðina að þörfum barnsins, svo sem að stoppa reglulega og hvíla sig og muna að flýta sér hægt.
3. Klæða barnið eftir veðri og aðstæðum. Taka jafnvel með aukafatnað, sokka og handklæði.
4. Taka með nesti og nóg að drekka. Það er stór hluti af upplifuninni þegar fjölskyldan sest niður og fær sér nesti saman.
5. Gefum okkur tíma til að upplifa náttúruna með barninu og nota tækifæri til að spjalla um daginn og veginn.
6. Muna svo að útivist er hægt að stunda allt árið. Maður klæðir sig bara eftir veðri.

## Nokkrar hugmyndir

Það er mikið framboð af fjölskylduvænum stöðum í Reykjavík og nágrenni sem gaman er að heimsækja með börn.

**Hér eru nokkrar hugmyndir úr bókinni Reykjavik With Kids.**

1. Fjallganga er alltaf hressandi og má þar nefna Úlfarsfell, Esju og Mosfell.
2. Fjöruferð er vinsæl hjá börnum og eru Grótta og Álftanesströnd góð dæmi.
3. Hellaskoðun er ævintýraleg og spennandi og eru til dæmis Leiðarendi og Arnarker hentugir.
4. Könnunarleiðangur með nesti á útivistarsvæði svo sem Heiðmörk, Öskjuhlíð eða Elliðaárdal.
5. Sund er alltaf vinsælt hjá börnum og er til dæmis öldulaugin á Álftanesi vinsæl hjá okkar drengjum.
6. Safnaferð er í senn fræðandi og áhugaverð, svo sem Þjóðminjasafnið, Hvalasafnið eða hið Íslenska reðursafn.
7. Bogfimi og klifur vekur mikla kátínu bæði hjá ungum sem eldri.
8. Dagsferð úr bænum í hinar ýmsu náttúruperlur og spennandi staði svo sem Adrenalíngarðinn á Nesjavöllum, heitu lækina í Reykjadal, Orkuverið Jörð á Reykjanesi eða jafnvel dagsferð til Vestmannaeyja.

Útgefandi: 365 miðlar | Ábyrgðarmaður: Svanur Valgeirsson | Sölumaður auglýsinga: Jón Ívar Vilhelmsson, jonivar@365.is, s. 512 5429 | Veffang: Visir.is

# Yngstu matgæðingarnir – ströngustu kröfurnar





Það skiptir öllu máli að fyrsta fasta fæða barnanna okkar sé góð og næringarrík. Þess vegna stöndum við vörð um gæði alls staðar í framleiðsluferlinu.

Við notum aðeins sérvalið ferskt hráefni, gætum vandlega að næringarsamsetningu matarins og höfum komið okkur upp ströngu öryggiseftirliti.

**Það dugir jú ekkert minna fyrir mikilvægustu manneskjur í heiminum!**

Nestlé



# Eru amma og afi hættuleg?

Ný bandarísk rannsókn sýnir að amma og afi hafa ekki alltaf rétt fyrir sér þegar kemur að barnauppeldi. Þau geta meira að segja metið aðstæður rangt og sett barnið í mikla hættu.

Elín Albertsdóttir
elin@365.is



Þótt rannsóknin sýni að amma og afi geti haft rangar hugmyndir í ýmsu er varðar barnauppeldi þá setja þau ekki börn í hættu viljandi. Ó, nei, þau gera það með sinni bestu vitund. Þau nota sömu aðferðir og þau gerðu þegar þeirra börn voru að alast upp. Þær eru hins vegar margar úreltar. Engum dettur í hug í dag að hafa börn laus í bílnum eins og tíðkaðist fyrir 30+ árum. Þá þótti einnig eðlilegt að gefa börnum venjulegan mat þegar þau voru á fyrsta mánuði. Börnin sváfu jafnvel með þung teppi ofan á sér. Allt er þetta breytt.

Afi og amma eru oft að gæta barnabarna og vilja hjálpa til með pössun. Þessi nýja bandaríska rannsókn var kynnt í tengslum við ársfund Pediatric Academics Societies en félagið leggur áherslu á heilsu barna.

Rannsóknin tók til 636 manns sem eru afar og ömmur í Bandaríkjunum. Hún sýndi að mjög margt af þessu fólki hafði ekki vitneskju um ýmis mikilvæg öryggisatriði varðandi börn. Margar gamlar mýtur töldu ömmur og afar fullgildar í dag.

„Við getum ekki gengið út frá því að afi og amma séu sérfræðingar í barnauppeldi þótt þau hafi alið upp börn,“ segir Andrew Adesman prófessor og einn af þeim sem framkvæmdu rannsóknina, sem fór fram á Cohen Childrens Medical Center í New York, í samtali við fréttastofu CNN.

Næstum helmingur þeirra sem spurðir voru taldi eðlilegt og rétt að setja börn í ískalt bað ef þau væru með háan hita. „Það er mjög hættulegt að setja veikt barn í ísbað því það getur orðið til þess að líkamshitinn falli alltof mikið,“ segir Andrew.

Fjórðungur afanna vissi ekki að það ætti að leggja ungbörn á bakið þegar þau sofa. Barn sem liggur á maganum er í mun meiri hættu á köfnun en þau sem sofa á bakinu. Köfnun hefur verið ein helsta dánarorsök barna á fyrsta ári í Bandaríkjunum. Þegar spurt var hvort ætti að setja plástur á opið sár, vissu 68% ekki að það ætti að plástra. Flestir vissu þó að það ætti ekki að setja smjör á brunasár. Aðeins 24% svarenda höfðu öll svörin rétt af þeim tólf spurningum sem sneru að öryggismálum barna.

Niðurstöður rannsóknarinnar eru ætlaðar til að vekja fólk til umhugsunar um ýmis öryggismál er tengjast ungum börnum. „Afar ættu kannski að sækja sér faglega ráðgjöf frá leikskólakennurum en erfitt getur verið að koma því við,“ segja sérfræðingarnir. Vísindamennirnir sem standa á bak við rannsóknina hafa áhuga á að gera aðra slíka rannsókn og þá með foreldrum. Það væri gott að vita hvað þeir vita mikið um mikilvæg öryggismál er tengjast börnum.



Amma og afi eru alltaf best en þau þyrftu kannski að kynna sér eitt og annað í sambandi við öryggismál barna.

> Næstum helmingur þeirra sem spurðir voru taldi eðlilegt og rétt að setja börn í ískalt bað ef þau væru með háan hita.

# Bio-Kult Infantis hefur reynst okkur mjög vel

Frá þriggja mánaða aldri hefur Tómas Peter tekið inn Bio-Kult Infantis meltingargerlana. Í dag er hann 18 mánaða og laus við bakflæðið.

Tanja Karen Salmon hefur gefið syni sínum, Tómasi Peter, Bio-Kult Infantis meltingargerlana frá því að hann var þriggja mánaða gamall.

„Tómas fékk slæmt bakflæði á þessum tímabili en honum leið mun betur eftir að ég hóf að gefa honum Bio-Kult Infantis. Núna er hann orðinn 18 mánaða og bakflæðið hefur alveg elst af honum. Þó finn ég greinilega að ef ég gef honum ekki Bio-Kult Infantis er meira loft í maganum á honum og meltingin verður alls ekki jafn góð. Þannig að hann byrjar alla daga vikunnar á því að fá Bio-Kult út á hafragrautinn sinn og honum finnst það æðislegt. Honum líður miklu betur og er hressari allan daginn.“



Tanja Karen Salmon með 18 mánaða syni sínum, Tómasi Peter. Hann hefur tekið inn Bio-Kult Infantis frá þriggja mánaða aldri.

> Tómas fékk slæmt bakflæði en honum leið mun betur eftir að ég hóf að gefa honum Bio-Kult Infantis.

# Bæta heilsu og meltingu barna

Bio-Kult Infantis meltingargerlarnir innihalda sjö gerlastrengi af mismunandi mjólkursýrugerlum. Gerlarnir styrkja og bæta meltingu og heilsu.

Bio-Kult Infantis meltingargerlarnir eru vísindalega þróuð góðgerlablanda fyrir börn sem bætir meltinguna og heilsuna. Góðgerlablandan inniheldur sjö gerlastrengi af mismunandi mjólkursýrugerlum og sýnir reynslan og rannsóknir að gerlarnir styrkja og bæta bæði meltinguna og heilsuna. Auk þess innihalda þeir D3-vítamín og gott hlutfall af Omega 3.

Bio-Kult Infantis meltingargerlarnir fást í öllum apótekum, heilsuverslunum og heilsuhillum stórmarkaðanna.

> Vísindalega þróuð góðgerlablanda fyrir börn sem bætir meltinguna og heilsuna.





## Tölvubörn seinni til máls

Foreldrar ræða mikið um börn sín og tölvunotkun. Ný bandarísk rannsókn sýnir að ungt barn sem situr mikið fyrir framan snjalltæki byrjar mun seinna að tala en barn sem er lítið með skjáinn fyrir framan sig. „Auðveld snjalltæki eru alls staðar í dag,“ segir Catherine Birken barnalæknir og einn rannsakenda í viðtali við CNN. Rannsóknin var birt á Science Daily

Bandarískir barnalæknar lögðu það til fyrir um ári að börn undir tveggja ára fengju ekki snjalltæki í hendur. Þroski heilans getur raskast og börnin gætu misst mikilvæg tengsl við foreldra sína. Þá hefur notkun snjalltækja áhrif á talgetu barna. Þetta er í fyrsta skipti sem slík rannsókn er gerð en hún náði til 900 barna á aldrinum 6-18 mánaða. Catherine segir að rannsaka þurfi tölvunotkun ungra barna enn betur.

Í ljós kom að 20% barnanna sátu fyrir framan snjalltæki í 28 mínútur á dag en mörg lengur en það. Því lengur sem börnin hafa snjalltækið fyrir framan sig því seinni eru þau til máls. Ekki var skoðað á hvað börnin horfa eða hvort foreldrar séu nálægir.



## Sumarbækur í sumar

Sumarið er fram undan og þá hafa allir krakkar nægan tíma til að lesa skemmtilegar bækur. Bókasöfn landsins eru flest opin í allt sumar og bjóða upp á fjölbreytta dagskrá þar sem bækur eru auðvitað í aðalhlutverki. Mörg bókasöfn eru t.d. með sumarlestur þar sem krakkar keppast við að lesa sem flestar bækur sér til gagns og gamans. Oft halda krakkar svokallaðar lestrardagbækur þar sem þau skrá lesturinn, koma á bókasafnið og fá límmiða og hlekk í svokallaðan bókaorm. Einnig geta þeir skrifað umsagnir um bækurnar og skilað inn en á morgnum bókasöfnum er lestrarhestur vikunnar dreginn út og fær sá heppni bók í verðlaun. Síðsumars er svo uppskeruhátíð hjá flestum bókasöfnum þar sem bókaormar frá skemmtilegan glaðning.

# Nesti bragðast best í náttúrunni

Stór hluti upplifunarinnar við að fara í fjallgöngu, dagsferðir, útilegu eða ferðalög með foreldrum eða öðrum í fjölskyldunni er að gæða sér á nesti úti í náttúrunni. Flest börn kunna vel að meta það. Þar er matarmikil samloka oftar en ekki meginuppistaðan. Smekkur barna er æði misjafn en flest eiga þau það sameiginlegt að kunna að meta einfaldleikann. Hér eru nokkrar hugmyndir að áleggi.

### Tvær grófar samlokubrauðsneiðar

**Majónes**
**Iceberg**
**Ostur**
**Brauðskinka**

Smyrjið þunnu lagi af majónesi á hvora sneið. Bætið restinni af álegginu við og lokið. Skerið í helminga og setjið í nestisbox.

### Tvær grófar samlokubrauðsneiðar

**Hnetusmjör**
**Banani**
**Sulta**

Smyrjið hverja sneið með hnetusmjöri og sultu. Skerið bananann í sneiðar, dreifið yfir og lokið.

### Tvær grófar samlokubrauðsneiðar

**Smjör**
**Egg**
**Gúrka**

Smyrjið hverja sneið. Skerið eggin og gúrkuna í þunnar sneiðar. Dreifið yfir og lokið.

### Tvær grófar samlokubrauðsneiðar

**Remúlaði**
**Roast beef**
**Steiktur laukur**

Smyrjið hverja sneið með remúlaðinu. Bætið restinni við og lokið.






Það er gaman og áhugavert fyrir fjölskyldufólk að kíkja í verslunina að Hlíðasmára 4 í Kópavogi.





Roan Kortina. Barnavagn, kerrustykki og skiptitaska á aðeins 99.900 kr.

Þeim sem kaupa Roan barnavagn gefst kostur á að kaupa Roan bílstól og base á aðeins 39.990 kr. Bílstóllinn passar einnig á Roan vagngrindina.



# Roan vagnarnir slá í gegn

## Verslunin Barnið okkar er með gott úrval af barnavörum. Þar fást m.a. Roan barnavagnarnir sem eru sérhannaðir fyrir íslenskar aðstæður. Frír aukapakki að verðmæti 27.880 kr. fylgir fyrirfram pöntuðum vögnum.

Roan er rótgróið barnavörumerki og vel þekkt víða um heim. Roan barnavagnarnir hafa verið framleiddir í Evrópu síðan árið 1972. Þeir hafa fengist hér á landi frá árinu 2012 þegar við hjá versluninni Barnið okkar hófum að flytja þá inn. Óhætt er að segja að barnavagnarnir hafi slegið rækilega í gegn og það eru iðulega biðlistar eftir næstu sendingu,“ segir Theodóra Elísabet Smáradóttir, einn eigenda verslunarinnar Barnið okkar.

Barnið okkar hefur verið í samstarfi við Roan og látið hanna barnavagna sem henta sérstaklega vel fyrir íslenskar aðstæður. „Íslensk börn sofa almennt utan dyra í fersku lofti, allt árið um kring. Þetta þykir mjög óvanalegt miðað við önnur lönd. Því er sérlega mikilvægt að börnin sofi í vagni með góðri einangrun. Vagnarnir frá Roan sem eru seldir hér á landi eru sérhannaðir með það í huga,“ segir Theodóra.

### Frír aukapakki að verðmæti 27.880 kr.

Roan vagnarnir hafa mælst svo vel fyrir hér á landi að hver einasta sending hefur selst upp á mettíma og eru kaupendur oft á biðlista eftir næstu sendingu. Theodóra segir að þau reyni auðvitað alltaf að eiga til vagna á lager fyrir þá sem hafa ekki tíma til að bíða eftir næstu sendingu. „Frír aukahlutapakki að verðmæti 27.880 kr. fylgir með fyrir fram pöntuðum barnavögnum. Þetta tilboð hefur mælst mjög vel fyrir hjá væntanlegum foreldrum, auk þess sem það hjálpar okkur að stýra framleiðslu á vögnunum,“ segir Theodóra.

Barnavagninn getur átt eftir að fylgja fjölskyldunni næstu fimm til tíu árin eða jafnvel lengur, enda eignast margir tvö til þrjú börn með stuttu millibili. „Margir viðskiptavina okkar eiga von á sínu öðru eða þriðja barni og þeir eru afskaplega ánægðir með Roan barnavagnana sem hafa reynst vel,“ segir Theodóra.

### Tvíburavagn og -kerra

Hjá Barninu okkar er reglulega boðið upp á spennandi nýjungar fyrir væntanlega foreldra. „Núna hefur nýtt merki bæst við flóruna hjá okkur, iCandy, sem er systkina- og tvíburavagn sem hægt er að byggja upp eftir því sem fjölskyldan stækkar. Helsti kosturinn við iCandy er að hægt er að hanna vagninn algjörlega að þörfum fjölskyldunnar, t.d. kaupa kerru fyrir fyrsta barnið og bæta svo við kerrustykki eða vagnstykki þegar næsta barn bætist við, en stykkið er fest á sömu grind og kerran er á. Þetta er algjör snilld,“ segir Theodóra en iCandy vagnarnir eru væntanlegir í byrjun júní.

Roan og iCandy er aðeins brot af úrvalinu hjá Barninu okkar. Verslunin er í Hlíðasmára 4 í Kópvogi. Opið er virka daga frá 12-18 og laugardaga frá 12-16. Allar nánari upplýsingar eru á vefsíðunni barnidokkar.is.



iCandy kerra með kerrustykki auðveldar foreldrum með tvö ung börn að fara leiðar sinnar.



Roan barnavagninn er með sérstakri einangrun og hentar því vel íslenskum aðstæðum.



Hægt er að bæta við iCandy vagninn eftir því sem systkinahópurinn stækkar.



iCandy býður upp á endalausa möguleika fyrir fjölskyldur með eitt eða fleiri börn.



Minime meðgöngubuxur kosta 9.900 kr. Þær eru sérhannaðar fyrir verðandi mæður og henta vel alla meðgönguna. Teygjan gefur vel eftir án þess að missa teygjanleika sinn. Teygjan liggur vel að líkamanum og gefur góðan stuðning við magann. Íslensk hönnun & framleiðsla.



Handgerðir evrópskir barnaskór úr hágæðaleðri.


AFMÆLISVEISLUR
Afmælis-barnið fær gjöf í Tívolí
ER AFMÆLI FRAMUNDAN?
LÁTTU OKKUR SJÁ UM AFMÆLIÐ MEÐ FRÁBÆRRI SKEMMTUN
FRUMSKÓGARPARTÝ OG LEIKJAPARTÝ.
PIZZUR OG PEPSI FYLGJA.
VERÐ FRÁ 1.990 KR.
FYLGIST MEÐ OKKUR
ERUM OFT MEÐ TILBOÐ OG LEIKI
SMÁRA TIVOLI



Sumarið er góður tími fyrir göngur með börnum. MYND/FERÐAFÉLAG BARNANNA

## Göngur yfir sumarið

Sumarið er rétti tíminn til að kynna börn og unglinga fyrir léttum göngum. Gönguferðir þurfa ekki að vera langar og erfiðar og sjaldnast þarf að leita langt eftir fallegu umhverfi eða hóflega stóru fjalli eða felli. Fjallabók barnanna, eftir Sigrúnu Huld Þorgrímsdóttur, kom út fyrir nokkrum árum og er góður upphafspunktur fyrir þá sem vilja stíga sín fyrstu skref í göngum og fjallaferðum með börnunum sínum.

Í bókinni má finna leiðarlýsingar á 20 gönguleiðum í nágrenni Reykjavíkur sem henta börnum á aldrinum 6-16 ára. Meðal leiða eru óhefðbundnar leiðir upp á Esjuna, farið er út á Reykjanesskaga og upp á Hellis- og Mosfellsheiði.

Höfundur bókarinnar, Sigrún Huld, á sjálf fjögur börn og hefur mikinn áhuga á útivist. Sigrún lýsir vel hverri gönguleið á persónulegan hátt en hún gekk allar leiðirnar með 22 börnum í heildina sumrin 2008 og 2009.

Auk hagnýtra upplýsinga um hverja leið getur bókareigandi einnig skrifað inn eigin ferðasögur á auðar síður sem fylgja hverri gönguleið. Bókin inniheldur líka ýmis góð ráð varðandi það hvernig hægt er að fá börn til þess að hafa gaman af útivist.

## Svellkaldur morgunverður

Heita sumardaga er skemmtileg tilbreyting að borða morgunverðinn í íspinnaformi. Hægt er að þeyta saman hvers konar ávexti við jógúrt og jafnvel bæta múslíi og rúsínum út í.

### Múslíklaki með bláberjum

**125 g grísk jógúrt**
**125 g bláber**
**1 dl ávaxtasafi**
**1-2 tsk. hunang**
**1 msk. múslí**

Þeytið jógúrt, ber og hunang saman í blandara. Hellið í skál og hrærið svo múslíi saman við blönduna og hellið í íspinnamót. Frystið í nokkrar klukkustundir. Einnig má þeyta múslíið með í blandaranum ef það þykir gróft í íspinnann.



Lagskipta pinna er einnig gaman að prófa. En þá er jógúrtin og hunangið hrært saman sér og berin og ávaxtasafinn sér. Fyrst eru íspinnamótin fyllt að ⅓ með berjablöndu þá jógúrt og svo aftur berjablöndu. Ef blandan er þunn gæti þurft að láta boxin inn í frysti milli laga í 15 mínútur.

## Brúðusýning í Tjarnarbíói

Á eigin fótum er fræðandi og fjörug Bunraku-brúðusýning ætluð börnum á aldrinum tveggja til sex ára og fjölskyldum þeirra. Sýningin er eftir leikhópinn Miðnætti í samstarfi við Lost Watch Theatre.

Á eigin fótum fjallar um Ninnu, sex ára uppátækjasama stelpu sem túlkuð er af Bunraku-brúðu. Ninna, sem býr í Reykjavík á millistríðsárunum, er send ein í afskekkta sveit sumarlangt. Nýju heimkynnin eru henni framandi og umhverfið alger andstæða þess sem hún þekkir. Erfiðar aðstæður, ofsaveður og einmanaleiki reyna á Ninnu, sem óttast mest að sjá foreldra sína aldrei aftur, en með hugrekki eignast hún vini og lærir að standa á eigin fótum.

Tónlist leikverksins er frumsamin og verður í lifandi flutningi. Sýningin er 40 mínútur en við bætist leikstund þar sem börnunum gefst tækifæri á að hitta brúðuna, leikara og skoða leikmyndina.

Nánari upplýsingar á www.tjarnarbio.is








# Sumarnámskeið

## Kjörin leið til að kynna sér dansnám hjá JSB



**Dans- og leikjanámskeið fyrir 3-5 ára**

Dans, leik- og sköpunargleði í fyrirrúmi. 5 vikna námskeið 1x í viku, kennt á þriðjudögum eða fimmtudögum. Tímabil: 30. maí - 27. júní. Verð: 10.500 kr.

**Jazzballett fyrir 6-8 ára, 9-11 ára og 12-14 ára**

3ja vikna námskeið, kennt 2x í viku á mánudögum og miðvikudögum. Tímabil: 29. maí - 14. júní Verð: 12.500 kr.

**Jazz, klassískur ballett og nútímadans**

Krefjandi dansnámskeið fyrir framhaldsnemendur 14 ára og eldri. Tímabil: 9. - 18. ágúst. Tilvalin til að koma sér af stað eftir sumarfrí.

**Nám og kennsla**

Danslistarskóli JSB er viðurkenndur af Mennta- og menningarmálaráðuneytinu sem listdansskóli á grunn- og framhaldsskólastigi. Nánari upplýsingar um nám við skólann er að finna á www.jsb.is undir Danslistarskóli JSB.

**Kennslustaðir:** Danslistarskóli JSB í Reykjavík, Lágmúla 9 og Laugardalshöll.

Skráning hafin í síma 5813730 og á www.jsb.is

Danslistarskóli JSB er samstarfsaðili að Frístundakorti Reykjavíkurborgar

**Viltu gerast vinur JSB?**
Danslistarskóli JSB er á facebook

JSB DANSLISTARSKÓLI

Lágmúla 9 • 108 Reykjavík • Sími 581 3730 • jsb@jsb.is • **www.jsb.is**

EFLIR almannatengsl / HNOTSKÓGUR grafísk hönnun

# Gefðu gjöf frá frægustu hönnuðum heims

Skeifan 6 / Harpa / Laugarvegi 70 / Kringlan / 5687733 / epal@epal.is / www.epal.is




menu
LAKRIDS BY JOHAN BÜLOW
normann COPENHAGEN
Joseph Joseph
ROSENDAHL
GEORG JENSEN

# Ástarsorg getur verið sár

**Það vita allir sem þekkja að ástarsorg er ekkert gamanmál hjá ungu fólki. Mismunandi langan tíma tekur að ná sér eftir að samband kærustupars rofnar. En er eitthvað hægt að gera við þessari sorg?**

Elín Albertsdóttir
elin@365.is



Flestir muna eftir ástarsorg og vonleysi hinnar þekktu persónu Bridget Jones. Örugglega hafa margir sett sig í sömu spor. Leggjast undir sæng og breiða upp yfir haus í örvinglun sinni. En það birtir yfirleitt aftur í lífinu. Ýmislegt skiptir máli þegar vinna þarf úr ástarsorg. Til dæmis hversu lengi þið hafið verið saman. Eruð þið enn vinir eða fór allt í háaloft þegar þið hættuð saman?

Guðrún Katrín Jóhannesdóttir, félagsfræðingur hjá Lausninni, er vön að fást við alls kyns erfið mál sem koma upp í sambandi við áföll. Hún segir að fyrst og fremst sé mikilvægt fyrir þann sem er í ástarsorg að tala um líðan sína og tilfinningar við einhvern sem hann treystir, til dæmis vin, fjölskyldumeðlim eða fagaðila. „Ég myndi mæla með því að fólk haldi sinni daglegu rútínu eins og að mæta í skólann eða vinnuna, hreyfi sig og sé duglegt að finna sér eitthvað áhugavert að gera. Eftir sambandsslit er gott að hafa í huga að þegar einar dyr lokast þá opnast aðrar. Þó svo að alls kyns tilfinningar komi upp í kjölfarið eins og söknuður til þess sem var og átti að verða þá er gott að reyna að veita athygli nýjum tækifærum sem koma upp og jafnvel að leggja sig fram við að skapa ný tækifæri," segir hún.

## Láta drauma rætast

„Sumir láta drauma rætast sem af einhverjum ástæðum lágu í dvala á meðan á sambandinu stóð eins og að fara til útlanda með vini eða vinkonu. Þó svo að annar aðilinn upplifi höfnun við endalok sambands þá er gott fyrir þann hinn



Guðrún Katrín Jóhannesdóttir er félagsfræðingur hjá Lausninni.

sama að reyna að bera virðingu fyrir ákvörðun þess sem vill ljúka sambandinu. Sá sem upplifir ástarsorg ætti að reyna að sleppa tökunum á hinum aðilanum, horfast í augu við orðinn hlut, halda áfram með líf sitt og sýna ferlinu sem hann gengur í gegnum þolinmæði. Það getur tekið tíma að jafna sig á ástarsorg en það sem skiptir mestu er að það birtir alltaf til að lokum. Einstaklingur í ástarsorg ætti til dæmis að varast að einangra sig. Eins er mikilvægt að hann fari ekki að forðast ákveðið fólk eða staði í kjölfarið heldur haldi sínu striki eins og áður."

## Lífið er ekki bara slétt og fellt

Þegar Guðrún Katrín er spurð hvort ástarsorg geti verið alvarleg, svarar hún: „Ástarsorg er ein af þeim tilfinningum sem fólki finnst erfitt að upplifa og vill helst ekki finna fyrir. Gott er að minna sig á að slæmu tilfinningarnar eru hluti af því að vera manneskja rétt eins og góðu tilfinningarnar. Alveg sama hvað, þá förum



Það getur verið sárt þegar kærasti ákveður að slíta sambandi. Guðrún Katrín félagsráðgjafi segir að vel sé hægt að komast yfir þann sársauka.

við aldrei í gegnum lífið án þess að þurfa að finna til. Þá er mikilvægt að muna að erfiðar og óþægilegar tilfinningar eru ekki hættulegar þótt það geti verið erfitt að takast á við þær. Það er einmitt svo mikilvægt að taka eftir tilfinningum sínum, horfast í augu við þær og takast á við þær. Ef fólki er farið að finnast það vera fast í vítahring neikvæðra hugsana þá getur verið mikilvægt að leita aðstoðar fagaðila."

## Upplifa allir ástarsorg?

„Það er í rauninni ekki hægt að alhæfa um það. Sumt fólk upplifir til dæmis aldrei ástfangið á ævinni, þar af leiðandi er eiginlega ekki hægt að segja að það lendi í ástarsorg. Til að lenda í ástarsorg þurfum við fyrst að verða ástfangin," segir Guðrún Katrín.

## Hægt að fá hjálp

Það er mjög erfitt fyrir báða aðila að slíta sambandi, sérstaklega ef það hefur varað í einhverja mánuði. Það getur farið í gang heilmikið sorgarferli hjá þeim sem fyrir höfnuninni verður. Sá sem slítur sambandinu hefur oft hugsað um það í einhvern tíma. Best er að slíta sambandi strax og viðkomandi finnur að það er ekki að ganga upp. Ekki viðhalda vonlausu sambandi, það gerir engum gott.

Flestir unglingar ganga í gegnum ástarsorg og það er ekki skemmtilegur tími. Hins vegar jafnar fólk sig venjulega fljótt á unga aldri. Mun verra mál er þegar sambandið hefur varað í mörg ár og jafnvel barn komið í spilið. Ekki er gott að henda sér í faðm á nýjum kærasta eða kærustu. Það samband mistekst yfirleitt. Betra að láta tímann líða og leyfa sárunum að gróa.

Guðrún Katrín tekur á móti fólki sem glímir við mismunandi áföll. Hún segir að fólk leiti til sín af mörgum ástæðum, meðal annars í kjölfar sambandsslita og vegna ástarsorgar. „Gott er að hafa í huga að það er í raun ekkert of lítið eða of mikið til að leita til meðferðaraðila. Sumir hafa áhyggjur af því að það sé veikleiki að leita sér aðstoðar hjá meðferðaraðila en í rauninni er það gagnstætt því það þarf styrk og hugrekki til þess," segir hún.



PARKET VERKSMIÐJAN
Síðumúla 31 • 108 Reykjavík • S. 581 2220 • 840 0470
www.parketverksmidjan.is



Guðni Th. Jóhannesson og Eliza Reid voru glæsileg í afmælinu í Ósló.

## Afmæli í Noregi

Konungborið fólk og þjóðarleiðtogar hafa verið gestir norsku konungshjónanna undanfarna daga. Ástæðan er afmælishátíð hjónanna en þau eiga bæði áttræðisafmæli á þessu ári. Í fyrrakvöld var hátíðarveisla í Óperunni í Ósló sem endaði með glæsilegri flugeldasýningu. Þar mátti sjá kónga, drottningar, prinsa og prinsessur auk íslensku forsetahjónanna, Guðna Th. Jóhannessonar og Elízu Reid, sem voru prúðbúin eins og aðrir gestir. Hátíðin í Óperunni var afmælisgjöf ríkisstjórnarinnar til konungshjónanna.

Haraldur konungur varð áttræður 21. febrúar sl. en Sonja drottning verður áttræð 4. júlí nk. Bæði eru þau fædd 1937. Afmælishátíðin stóð yfir þriðjudag og miðvikudag. Má segja að þessi tveggja daga afmælishátíð hafi verið mikil kjólaveisla fyrir ljósmyndara í Noregi.

Norska krónprinsessan, Mette-Marit, klæddist kjól eftir norskan hönnuð, Koma By Marte. Danska krónprinsessan, Mary, var í glæsilegum silkikjól frá breska hönnuðinum Erdem og sænska krónprinsessan, Victoria, var í blómakjól sem kemur frá hinu sænska fyrirtæki Acne.



## Dagurinn í dag ...

... kemur aldrei aftur. Hafðu hugfast að lífið er núna og njóttu helgarinnar með vellíðan og hamingju að leiðarljósi.

- Upplifðu eitthvað óvænt og nýtt, jafnvel þótt það sé ekki nema að prófa nýja uppskrift.
- Skildu vinnuna eftir í vinnunni.
- Gefðu ástvinum þínum af þér. Farðu í lautartúr með elskunni þinni, með krakkana út að leika, hittu systkinin í kaffi og faðmaðu foreldra þína. Fólkið okkar er það dýrmætasta í lífinu.
- Ekki verja helginni í sófanum með tölvu eða símann í fanginu. Hreyfing losar um streitu og eykur vellíðan.
- Vertu þinn besti vinur og nærðu þig í einrúmi með lestri, bíómynd, dekri, hvíld eða einhverju gómsætu.

# Grillaður aspas

Á þessum árstíma fyllast verslanir landsins af ferskum aspas frá Evrópu. Aspas er einstaklega ljúffengur einn og sér eða sem meðlæti með ýmsu kjöti og fiskmeti. Einfaldleikinn er oft í fyrirrúmi þegar hann er eldaður og hér er afar einföld og fljótleg uppskrift að grilluðum aspas með parmesan-osti, ólífuolíu og sítrónu.

**Hráefni:**

**1 búnt aspas (450 g)**
**Safi úr ½ sítrónu**
**Ólífuolía, u.þ.b. helmingi meira magn en sítrónusafinn**
**Parmesan-ostur skorinn í örþunnar skífur**
**Sjávarsalt**
**Nýmalaður svartur pipar**

Hrærið sítrónusafa og ólífuolíu saman. Skerið trénaða endann af aspasinum og grillið á útigrilli eða grillpönnu þar til fallegar rendur koma á hann. Snúið honum einu sinni.

Um leið og hann er tilbúinn er hann settur á fat eða beint á diskana. Hellið sítrónusafanum og olíunni yfir, saltið og piprið og stráið örþunnum parmesanskífum yfir. Frábær forréttur eða sem meðlæti með kjöti og fiski.

*Heimild: www.kryddogkrasir.com.*





# Smáauglýsingar

**512 5000**
Afgreiðsla smáauglýsinga og sími
er opinn alla virka daga frá 9-16
Netfang: smaar@frettabladid.is

## Bílar & Farartæki

SUZUKI




Suzuki fjórgengis utanborðsmótorar
Nettir, léttir, sparneytnir, hljóðlátir og áreiðanlegir. Eigum flestar stærðir á lager.

**SUZUKI UMBOÐIÐ ehf**
**Skeifunni 17, 108 Reykjavík**
**Sími: 565-1725**
**suzuki@suzuki.is**
**Suzuki.is / suzukisport.is**

BRAUT
BÍLASALA



MERCEDES-BENZ C 200 bluetec stw. Árgerð 2016, ekinn 10 Þ.KM, dísel, 6 gírar. Verð 4.990.000. Rnr.103388.



SUZUKI Grand vitara premium+ (cruise, a/c, álfelgur). Árgerð 2012, ekinn 115 Þ.KM, bensín, 5 gírar. Verð 2.090.000. Rnr.103503..

**Braut Bílasala**
**Bíldshöfða 3, 110 Reykjavík**
**Sími: 587 6600**
**bilabraut@bilabraut.is**
**www.bilabraut.is**

Barnaheill
Save the Children á Íslandi

Vissir þú að...
börn eiga rétt á vernd gegn klámi.

BORGARBÍLASALAN
580 8900 • borgarbilasalan.is



**100% LÁN Í BOÐI!!!**
'13 DACIA DUSTER 4X4. EK 146Þ, DÍSEL, BEINSK...TILBOÐSVERÐ 1.399 ÞÚS!!! #480027. S: 580 8900



**100% LÁN Í BOÐI!!!**
'07 FORD EDGE PLUS AWD. EK 177Þ, BENSÍN, SJÁLFSK....TILBOÐSVERÐ 1.499 ÞÚS!!! #471890. S: 580 8900



**100% LÁN Í BOÐI!!!**
'04 TOYOTA LC 120 GX, 7 MANNA. EK 342Þ, DÍSEL, SJÁLFSK...TILBOÐSVERÐ 1.450 ÞÚS!!! #104332. S: 580 8900

BORGARBÍLASALAN
580 8900 • borgarbilasalan.is



**100% LÁN Í BOÐI!!!**
'03 SKODA OCTAVIA ELEGANCE TURBO. EK 237Þ, BENSÍN SJÁLFSK.... TILBOÐSVERÐ 299 ÞÚS!!! #480357. S: 580 8900



**100% LÁN Í BOÐI!!!**
'02 DODGE GRAND CARAVAN. EK 159Þ.M, BENSÍN, SJÁLFSK... TILBOÐSVERÐ 399 ÞÚS!!! #452428. S: 580 8900



**100% LÁN Í BOÐI!!!**
'06 CHEVROLET KALOS. EK 75Þ, BENSÍN, BEINSK...TILBOÐSVERÐ 399 ÞÚS!!! #480247. S: 580 8900

BORGARBÍLASALAN
580 8900 • borgarbilasalan.is



**100% LÁN Í BOÐI!!!**
'06 SUZUKI LIANA. EK 199Þ, BENSÍN, SJÁLFSK...TILBOÐSVERÐ 399 ÞÚS!!! #472006. S: 580 8900



**100% LÁN Í BOÐI!!!**
'06 HONDA JAZZ 1,4. EK 104Þ, BENSÍN, BEINSK...TILBOÐSVERÐ 549 ÞÚS!!! #480264. S: 580 8900



**100% LÁN Í BOÐI!!!**
'06 KIA SPORTAGE CRDI. EK 121Þ, DÍSEL, BEINSK...TILBOÐSVERÐ 720 ÞÚS!!! #480250. S: 580 8900

BORGARBÍLASALAN
580 8900 • borgarbilasalan.is



**100% LÁN Í BOÐI!!!**
'02 TOYOTA LC 90 VX. EK 170Þ, BENSÍN, SJÁLFSK...TILBOÐSVERÐ 899 ÞÚS!!! #480352. S: 580 8900

**Borgarbílasalan**
**Funahöfða 1, 110 Reykjavík**
**Sími: 580 8900**



FYRIR
AÐSTOÐ
INNANLANDS
gjofsemgefur.is
907 2002
Hjálparstarf kirkjunnar



**STÓRA BÍLASALAN**



**100% LÁN**
KIA Sorento. Árgerð 2006, ekinn 193 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur 4 gírar. Verð 1.280.000. Rnr.162478.



**100% LÁN**
HYUNDAI I30 Classic. Árgerð 2010, ekinn 148 Þ.KM, bensín, 5 gírar. TILBOÐ 780.000 staðgreitt. Rnr.162332.



**100% LÁN**
SKODA Fabia Combi 1.6 Dísel. Árgerð 2011, ekinn 131 Þ.KM, dísel, 5 gírar. Verð 1.290.000. Rnr.135861.



**KLÁR Í VINNU**
VW Caravelle 9 Manna. Árgerð 2014, ekinn 129 Þ.KM, dísel, 5 gírar. Verð 4.790.000. Rnr.158181.



**100% LÁN**
TOYOTA RAV4. Árgerð 2006, ekinn 152 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur 4 gírar. Verð 1.380.000. Rnr.136020.

**Stóra bílasalan**
**Klettháls 2, 110 Reykjavík**
**Sími: 5861414**
**http://www.stora.is**




**BÍLA GALLERÍ**



**FLUTTIR AÐ HLÍÐASMÁRA 13**
VW PASSAT STW 4X4 DÍSEL UPPHÆKKAÐUR ! Árgerð 2012, ekinn 96 Þ.KM, Sjálfsk. Verð 2.990Þ . Rnr.111508.



**FLUTTIR AÐ HLÍÐASMÁRA 13**
SKODA SUPERB LEÐUR DÍSEL 4x4. Árgerð 2012, EKINN ADEINS 118 Þ.KM, Sjálfsk. Verð 3.390Þ Rnr.111452. EINN EIGANDI-EINKABÍLL !.



**FLUTTIR AÐ HLÍÐASMÁRA 13**
TOYOTA LAND CRUISER 150 GX. Árgerð 2015, ekinn 61 Þ.KM, DÍSEL,BAKKMYNDAVÉL, AC, OFL . TILBOÐ 6.990Þ.ÁSETT 7.490Þ Rnr.101019. FALLEGUR JEPPI !

**Bílagallerí bílasala**
**Hagasmára 2-4 v.Smáralind, 201 Kópavogur**
**Sími: 554 6700**
**www.bílagallerí.is**

## Bílar til sölu



**GRILLBÍLL HLAÐINN GRÆJUM**
Til sölu þessi veitingabíll,6,2 dísel,ekinn aðeins 38þ. mílur,gasgrill,3 kælar,hitaskápar,220v. rafmagn,sjóðsvél,rennandi vatn og fl og fl, sendi myndir. Verð 4,5 milljónir. Uppl. 820-5181



Cadillac Fleetwood Brougham 1967,ekinn aðeins 54þ. mílur sk. 18" sjón er sögu ríkari,ath.taka vinnubíl upp í. Uppl.s. 820 5181



Pajero árg "05, ek 195 þkm. Einn eigandi. Ný dekk. Dráttarkrókur, topplúga, leðursæti, 32" og fl. Verð 1.450 þkr. S. 863 0738



Susuki vitara árg 02. Ek 181 þús km. Sjálfsk. Hægt að læsa drifi, dráttarkúla, nýtt hedd og nelgd dekk fylgja. Verð 230 þús. Uppl. s. 865 3518.

Renault kangoo 1.5 dci 11/2011 ek 93þús,bsk,sk 17,ný tímareim og service bók. Fæst á yfirtöku 920.000 23þús afb á mán.

## 250-499 þús.



**ÓDÝR 4X4 MEÐ KRÓK - 290 ÞÚS!**
Ford escape 4x4 11/2004 ek.180 þús km. sjálfskiptur, dráttarkrókur, með skoðun út árið, ásett verð 590 þús TILBOÐ 290 þús möguleiki á 100% láni s.841 8955



**TILBOÐ 480.000 - 100% LÁN**
CITROEN C5 2,0 16V 140 hö STATION 11/2006 ek.165 þús, sjálfskiptur, góð heilsársdekk, ný sk.18, loftpúðafjöðrun, listaverð 850 þús TILBOÐ 480.000.- möguleiki á 100% láni s.841 8955

## Mótorhjól



Til sölu er Kawasaki Vulcan 2000 - árg. 2003. Ekið 10.000 mílur. Verð 900.000. Sími 896-2890

## Fellihýsi




## Vinnuvélar




## Bátar




Slöngubátur 320 cm 199.000kr Frír rafmagnsmótor fylgir með að verðmæti 49.900 kr. Takmarkað magn. Veiðiportið Grandagarði 3 552-9940




## Hjólbarðar




**NÝJU SAILUN DEKKIN Á FRÁBÆRU VERÐI.**
Einnig úrval notaðra dekkja. Tökum notuð uppí ný. Vaka s. 567 6700




## Skemmtanir



# Þjónusta

## Hreingerningar




Hreingerningar - Bónun - Bónleysing Flutningsþrif - Þrif eftir iðnaðarmenn thvegillinn.is - Stofnað 1969 Traustir og vanir menn.

## Garðyrkja

Tek að mér slátt fyrir húsfélög og einstaklinga og klippingar og umhirðu á görðum. Uppl. í s. 616 1569.

## Bókhald

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.

## Málarar

Faglærðir málarar geta bætt við sig útiverkefnum. Mikil reynsla og fagmennska í fyrirrúmi. Jón og Marteinn S. 861 1242

## Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., píanófl. o.fl. Extra stór bíll. Búslóðalyfta. Flutningaþj. Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

## Húsaviðhald

**SMIÐSKRAFTUR EHF.**

**NÝSMÍÐI OG VIÐHALD.**
Getum bætt við okkur verkefnum gipsvinna, parketlagnir og allt almennt viðhald.
**Uppl. í s. 663 3944 Ingi**

**smidskraftur@gmail.com**

## Rafvirkjun

**RAFLAGNIR, DYRASÍMAR. S. 663 0746.**
Bjóðum hagstætt verð í töfluskipti. Straumblik ehf. Löggiltur Rafverktaki. straumblik@gmail.com

**RAFLAGNIR OG DYRASÍMAKERFI S. 896 6025**
Tilboð dyrasímakerfi, töfluskipti. Löggildur rafverktaki. rafneisti@simnet.is

# Keypt & Selt

## Til sölu



**LAGERSALA 40-80% AFSLÁTTUR**
Lagersala 13. og 14. maí frá 12-18 Kjólar, Töskur, Leggings, Bolir, 495,- 995,- 1.495,- 1.995,- 2.995,- Erum á facebook Súpersól Hólmaseli 2 Seljahverfi 567-2077



**LOK Á HEITA POTTA OG HITAVEITUSKELJAR.**
Stærðir í cm: 200x200, 210x210, 220x220, 235x235, 235x217, 217x174, 8 hyrnd lok. Lokin þola 1000 kg jafnarðarþunga af snjó. Vel einangruð og koma með 10 cm svuntu. Sterkustu lokin á markaðnum. Litir: Brúnt eða Grátt. Opnarar til þess að auðvelda opnun á loki. www.Heitirpottar.is Sími 777 2000 Haffi og 777 2001 Grétar

## Óskast keypt

**KAUPUM GULL - JÓN & ÓSKAR**
Alla virka daga í verslun okkar Laugavegi 61 Jón & Óskar
**jonogoskar.is s.552-4910**

# Heilsa

## Nudd




**TANTRA NUDD**
Ekta vígsla í leyndardóma Tantra með Tantra nuddi. Einstæð upplifun fyrir þör, konur og karla. S. 698 8301 www.tantratemple.is

# Húsnæði

## Atvinnuhúsnæði

**AUÐBREKKA - SKRIFSTOFA**
Til leigu 30 fm skrifstofa við Auðbrekku. Sameiginleg kaffiaðstaða og salerni.
**Nánari uppl. í s. 897 9743**

## Geymsluhúsnæði

**WWW.GEYMSLAEITT.IS FYRSTI MÁNUÐUR FRÍR**
á minna en 7 m2. Ódýrt eftir það. S: 564-6500

**GEYMSLUR.IS SÍMI 555-3464**
Suma hluti er betra að geyma. Geymslur fyrir dánarbúið, allt að 20% afsláttur. www.geymslur.is

# Atvinna

## Atvinna í boði

**VANIR MÁLARAR ÓSKAST**
Vanir innanhúss málarar óskast til starfa sem fyrst hjá SSL málun ehf, næg og traust verkefni framundan. Upplýsingar veitir Stefán s.660 0222.

**SMIÐIR**
Traust fyrirtæki óskar eftir smiðum og eða undirverktökum í fjölbreytt starf. Áhugasamir sendið umsóknir á frikkisol@gmail.com og s. 773 3376

# Tilkynningar

## Fundir

**AÐALFUNDUR KATTAVINAFÉLAGS ÍSLANDS VERÐUR HALDINN Í KATTHOLTI, STANGARHYL 2, REYKJAVÍK, MÁNUDAGINN 22. MAÍ 2017, KL. 20:00**
1. Venjuleg aðalfundarstörf 2. Önnur mál, löglega fram borin Kaffiveitingar Félagar eru hvattir til að mæta.
**Stjórnin**




## Atvinna

**Rafsveinn ehf óskar að ráða rafvirkja / nema í vinnu.**

**Næg verkefni framundan.**
**Allar upplýsingar í síma 660-4545 Sveinn,**
**Einnig hægt að senda umsókn og ferilskrá á netfangið rafsveinn@rafsveinn.is**

**Ertu að leita að talent?**
Við finnum starfsmanninn fyrir þig
Umsækjendur, skráið ykkur á
**www.talentradning.is**



TALENT
RÁÐNINGAR & RÁÐGJÖF
talent@talentradning.is
bryndis@talentradning.is
**Sími: 552-1600**

## Tilkynningar

**Reykjavíkurborg**
Umhverfis- og skipulagssvið

**Tillaga að breytingu á Aðalskipulagi Reykjavíkur 2010-2030**
**Miðborgin (M1a)**
**Breyting á landnotkunarskilmálum varðandi gististaði**

Borgarráð Reykjavíkur samþykkti þann 30. mars 2017 að auglýsa tillögu að breytingu á Aðalskipulagi Reykjavíkur 2010-2030, samkvæmt 1. mgr. 36. gr, br. 31. gr. laga nr. 123/2010.
Markmið breytingartillögu er að stemma stigu við fjölgun gististaða í miðborginni. Breytingartillagan nær til miðborgarkjarnans (M1a) og gerir ráð fyrir því að frekari uppbygging gististarfsemi verði ekki heimil nema þá sem ákveðið hlutfall nýrrar uppbyggingar að undangenginni deiliskipulagsgerð (sjá nánar adalskipulag.is).

Tillagan liggur frammi í þjónustuveri Reykjavíkurborgar að **Borgartúni 12-14**, 1. hæð, virka daga kl. 8:20 – 16:15, **frá 12. maí 2017 til og með 23. júní 2017**. Tillagan er einnig til sýnis á Skipulagsstofnun, Laugavegi 166, 3. hæð. Tillöguna má nálgast á ***reykjavik.is***.

Eru þeir sem telja sig eiga hagsmuna að gæta hvattir til að kynna sér tillöguna. **Ábendingum og athugasemdum við tillöguna skal skila skriflega til Umhverfis- og skipulagssviðs, Borgartúni 12-14 eða á netfangið *skipulag@reykjavik.is*, eigi síðar en 23. júní 2017. Vinsamlegast notið uppgefið netfang fyrir innsendar athugasemdir með tölvupósti.**

**Umhverfis- og skipulagssvið Reykjavíkurborgar**

Borgartúni 12-14, 105 Reykjavík, sími: 411 1111, www.reykjavik.is




**ráðum**
**ráðningarstofa**
**Þarftu að ráða starfsmann?**
**Ráðum sérhæfir sig í ráðningum og mannauðsráðgjöf.**
**Við komum til móts við þarfir fyrirtækja og sérsníðum lausnir sem henta hverjum viðskiptavini.**

**RÁÐUM EHF** • Sími 519 6770 • www.radum.is • radum@radum.is

KRÆKTU ÞÉR Í

# Morgunverð

ÓDÝRARI BIFREIÐASKOÐUN

Kl. 8-11
20%
AFSLÁTTUR
GILDIR FYRIR FÓLKSBÍLA Í EINKAEIGN

MORGUNVERÐ GILDA Á ÖLLUM SKOÐUNARSTÖÐVUM FRUMHERJA ÚT MAÍ 2017




Morgunverð veita 20% afslátt af skoðunargjaldi og gilda frá 8-11 virka morgna. Á sama tíma býðst þér að þiggja gæðakaffibolla og frítt WIFI á meðan skoðunin fer fram.

HÖFUÐBORGARSVÆÐIÐ

# VELDU ÞÉR SKOÐUNARSTÖÐ

ÞANN 31. MARS 2017 LOKAÐI SKOÐUNARSTÖÐ FRUMHERJA AÐ HESTHÁLSI 6-8 RVK. NÝ GLÆSILEG STÖÐ OPNAR AÐ HÁDEGISMÓUM Í JANÚAR 2018.




Frumherji
www.frumherji.is
Sími: 570 9090 · Netfang: frumherji@frumherji.is · www.frumherji.is



Ástkær faðir minn,
fósturfaðir, bróðir og afi,

**Henrik Thorarensen Gunnlaugsson**

lést á gjörgæsludeild Landspítalans fimmtudaginn 4. maí.
Útför verður gerð frá Fossvogskirkju í dag, föstudaginn 12. maí, klukkan 15.

**Hulda Henriksdóttir**
**Gunnþórunn Arnarsdóttir**
**Þór Thorarensen Gunnlaugsson**
**og fjölskyldur.**



Ástkær eiginmaður minn,
faðir, tengdafaðir, afi og bróðir,

**Guðmundur B. Guðbjarnason**

viðskiptafræðingur og fyrrverandi skattrannsóknarstjóri,
Kristnibraut 89, Reykjavík,

lést á líknardeild Landspítalans 7. maí.
Útförin fer fram frá Fríkirkjunni í Reykjavík föstudaginn 19. maí klukkan 15.00.

**Þórunn Magnúsdóttir**
**Guðbjarni Guðmundsson** **Ragnheiður Marteinsdóttir**
**Magnús Guðmundsson** **Lovísa María Gunnarsdóttir**
**Sigrún Guðmundsdóttir** **Sujesh Sundarraj**
**Erna Guðleif Guðbjarnadóttir**
**og barnabörn.**



Ástkær móðir okkar, tengdamóðir,
amma og langamma,

**Ingibjörg Sigríður Magnúsdóttir**

lést á hjúkrunarheimilinu Skógarbæ í Reykjavík 29. apríl sl.
Jarðarför hefur farið fram.

**Örn Blævarr Magnússon** **Svanhvít I. Magnúsdóttir**
**Hrafnhildur Magnúsdóttir** **Magnús Magnússon**
**Kristín G. Magnúsdóttir**
**tengdabörn og barnabörn.**



Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar,
tengdafaðir og afi,

**Hörður Þorgilsson**

múrarameistari,
Miðtúni 82, Reykjavík,

lést á Droplaugarstöðum sunnudaginn 30. apríl. Jarðarförin hefur farið fram í kyrrþey.

**Málfríður Andrea Sigurðardóttir**
**Sigurður Harðarson** **Sigríður Guðjónsdóttir**
**Selma Vilhjálmsdóttir**
**Hörður Harðarson** **Bára Kemp**
**Anna Harðardóttir** **Eiður Jónsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



Okkar yndislegi unnusti, faðir,
bróðir, mágur og kær vinur,

**Sigurður Birgir Baldvinsson**

Hólmaseli, Flóahreppi,

lést sunnudaginn 30. apríl á Landspítalanum. Útförin fer fram frá Langholtskirkju föstudaginn 12. maí klukkan 13. Blóm og kransar eru vinsamlega afþakkaðir en þeim sem vildu minnast hans er bent á þyrlukaupasjóð Landhelgisgæslu Íslands.

Einnig, ef þið eigið góða mynd af Sigga, þá væri vel þegið að fá afrit svo við getum hjálpað börnunum hans að minnast hans ( sbaldvins@gmail.com ).

**Claire Thuilliez**
**Marylou Jökla Sigurðardóttir**
**Alexander Baldvin Sigurðsson**
**Kristófer Ingi Sigurðsson**
**Helga Rut Baldvinsdóttir** **Ólafur Kj. Halldórsson**
**Quentin Thuilliez**

# Sýningin eins og vorboði

**Sigrún Inga Hrólfsdóttir, deildarforseti myndlistardeildar LHÍ, opnar útskriftarsýningu nemenda á laugardaginn. Hún segir útskriftarhópinn vera fjölbreyttan og samheldinn og hvetur alla til að leggja leið sína í Hafnarhúsið á útskriftarsýninguna.**

Um helgina mun Sigrún Inga Hrólfsdóttir, deildarforseti myndlistardeildar Listaháskóla Íslands, opna sýningu fyrsta árgangsins sem hún hefur fylgt í heilt ár í náminu. Hún segir að um fjölbreyttan hóp sé að ræða.

„Ég tók þátt í að opna sýninguna í fyrra, þá nýtekin við starfinu, en þessum árgangi sem nú útskrifast hef ég fylgt í heilt ár. Þetta leggst mjög vel í mig og mér finnst þau öll vera að standa sig ótrúlega vel,“ segir Sigrún.

„Þau eru að vinna í gríðarlega fjölbreytta miðla og eru að takast á við samtímann á áhugaverðan hátt, hvert með sínum hætti,“ segir Sigrún um hópinn sem sýnir á útskriftarsýningu Listaháskóla Íslands sem verður opnuð á laugardaginn. Alls eru 18 nemendur að útskrifast úr myndlistardeild.



Sigrún Inga Hrólfsdóttir hvetur alla til að leggja leið sína í Hafnarhúsið um helgina. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

### Nemendur vinna í fjölbreytta miðla

Sigrún lofar sterkri sýningu með fjölbreyttum áherslum. „Í náminu fær hver og einn tækifæri til að þróa sína list á eigin forsendum og fær til þess stuðning og viðeigandi hjálp, bæði tæknilega og hugmyndafræðilega. Nemendur eru hvattir til þess að móta sína eigin listrænu sýn, með gagnrýna hugsun og innsæi að leiðarljósi. Þau eru einnig hvött til þess að kanna nýjar hugmyndir og aðferðir. Hópurinn hefur notið leiðsagnar fastráðinna kennara við deildina, Heklu Daggar Jónsdóttur, Bjarka Bragasonar, Carls Boutard og Ólafar Nordal auk fjölda gestakennara. En þessi hópur nemenda er sjálfstæður og þau sækja sér innblástur og umfjöllunarefni mjög víða.“

Spurð út í stefnur og strauma sem nemendur eru að vinna með þessa stundina segir Sigrún málverkið til að mynda vera á uppleið. „Á sýningunni er að finna vídeó, innsetningar og gjörninga og nokkrir í hópnum eru að fást við málverk. Nemendur nýta sér líka nútímatækni eins og sýndarveruleika. Það má segja að þau séu að nota alla mögulega miðla,“ útskýrir Sigrún sem segir uppsetningu sýningarinnar hafa gengið vel. „En þetta er alltaf krefjandi ferli og getur verið svolítið stressandi. Þetta er mikilvægur þáttur í náminu og þau hafa unnið hörðum höndum að uppsetningunni. Þetta er samt svo samheldinn hópur og þau eru góð í að hjálpast að og sýna hvert öðru mikla virðingu. Þó að þau séu að vinna sín verk á eigin forsendum þá styðja þau við hvert annað og það er fallegt að fylgjast með því.“

Að lokum vill Sigrún hvetja alla til að leggja leið sína í Hafnarhúsið á útskriftarsýningu Listaháskóla Íslands. „Þetta er náttúrulega ótrúlega stór hátíð og fjölsótt sýning, hún er líka ákveðinn vorboði. Þessi sýning hefur fest sig í sessi sem einn af mikilvægustu menningarviðburðum ársins. Það er alltaf gaman að leggja leið sína í Hafnarhúsið og sjá hvað er að gerast í samtímalist. Hvort sem maður tengist einhverjum nemanda í sýningunni eða ekki, þá er alltaf gaman að sjá kraftinn í þessum krökkum. Það er mikið stuð í myndlistinni í dag.“

„Inntökuferli stendur nú yfir fyrir árganginn sem mun hefja nám í myndlistardeild í haust. Það var mikil fjölgun á umsóknum í deildina, bæði á BA-stigi og MA-stigi. Þessi fjölgun umsókna ber vott um það að við séum að gera eitthvað rétt hérna,“ segir Sigrún sem finnur fyrir miklum myndlistaráhuga hjá fólki þessa stundina. **gudnyhronn@365.is**



Innilegar þakkir til allra þeirra sem auðsýndu okkur samúð og hlýhug við andlát og útför elskulegs föður okkar, tengdaföður, afa og langafa,

**Sveins Heiðars Jónssonar**

byggingameistara,
Holtateigi 44, Akureyri.

Sérstakar þakkir til allra sem önnuðust hann í veikindum hans. Lifið og njótið.

**Ragnheiður Sveinsdóttir** **Hrafn Þórðarson**
**Fríða Björk Sveinsdóttir** **Jóhann Ómarsson**
**Lovísa Sveinsdóttir** **Heiðar Jónsson**
**Erlingur Heiðar Sveinsson** **Rósa Björg Gísladóttir**
**afabörn og langafabörn.**



Ástkær faðir okkar,
eiginmaður og vinur,

**Þorleifur V. Stefánsson**

Mandi,

Hulduhlíð 38, Mosfellsbæ,

lést á Landspítalanum við Hringbraut 5. maí. Útförin fer fram frá Lágafellskirkju mánudaginn 15. maí kl. 14.00.
Blóm og kransar afþakkaðir. Þeim sem vilja minnast hans er bent á Neistann, styrktarfélag hjartveikra barna.

**F.h. aðstandenda,**
**Stefán Óli Þorleifsson**
**Magnús Smári Þorleifsson**
**Anna Sigurðardóttir**



Maðurinn minn elskulegur,
faðir okkar, tengdafaðir og afi,

**Sigurður Jónas Sigurðsson**

Bogahlíð 2,

lést á hjúkrunarheimilinu Eir sunnudaginn 7. maí. Útför hans fer fram frá Háteigskirkju þriðjudaginn 16. maí kl. 13.00. Þeim sem vilja minnast hans er bent á Alzheimersamtökin.

**Steinunn Árnadóttir**
**Hildur Sigurðardóttir** **Svanur Þorvaldsson**
**Arnar Sigurðsson** **Margrét S. Höskuldsdóttir**
**Árni Fannar Sigurðsson** **Giada Pezzini**
**og barnabörn.**



Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir,
amma og langamma,

**Auður Guðmundsdóttir**

lést laugardaginn 29. apríl. Útförin fór fram í kyrrþey að hennar ósk. Þeim sem vildu minnast hennar er bent á Barnauppeldissjóð Thorvaldsensfélagsins.

**Lárus Guðjónsson** **Guðbjörg Benediktsdóttir**
**Guðmundur Guðjónsson** **Herdís Benediktsdóttir**
**Stefán Örn Guðjónsson** **Sigrún Sigurjónsdóttir**
**Jóhannes Sturla Guðjónsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

tv



# ÁSKRIFTIN FYLGIR ÞÉR

Með sjónvarpsáskrift hjá 365 getur þú horft á uppáhaldssjónvarpsefnið þitt, hvar og hvenær sem er – því áskriftin fylgir þér. Þú þarft ekki að missa af neinu, þú getur notið línulegrar dagskrár allra sjónvarpsstöðva, tímaflakks, Frelsis og Stöð 2 Maraþon NOW í snjallsíma, spjaldtölvu, Apple TV og í vafra.




365ASKRIFT.is | 365

# VEÐUR, MYNDASÖGUR & ÞRAUTIR

## Föstudagur

Áfram hvöss norðaustanátt, stormur og hvassir vindstrengir undir Eyjafjöllum og í Öræfum. Sums staðar dálítil él fyrir norðan, en þurrt að mestu vestanlands. Talsverð eða mikil rigning eða slydda austan til á landinu upp úr hádegi, einkum á Austfjörðum og á Suðausturlandi austan Öræfa, en snjókoma til fjalla. Fremur svalt í veðri.




### Laugardagur

| Reykjavík | Ísafjörður | Akureyri |
|---|---|---|
| 10° | 2° | 4° |
| ↖ 9 | ← 14 | ↖ 11 |

| Egilsstaðir | Kirkjubæjarkl. | Hveravellir |
|---|---|---|
| 4° | 9° | 2° |
| ← 16 | ← 7 | ↖ 9 |

### Sunnudagur

| Reykjavík | Ísafjörður | Akureyri |
|---|---|---|
| 10° | 4° | 6° |
| ← 11 | ← 12 | ← 10 |

| Egilsstaðir | Kirkjubæjarkl. | Hveravellir |
|---|---|---|
| 4° | 7° | 4° |
| ← 14 | ← 13 | ← 11 |

**LÉTT**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | 6 | | 2 | | 9 | | 7 | 1 |
| 4 | | | 7 | | 8 | 9 | 5 | |
| | 5 | | 6 | | 4 | | | |
| | | 6 | | | 1 | | 3 | |
| | 2 | | | | | | | |
| 8 | 4 | 7 | | 6 | | | | 5 |
| | | | 9 | | 6 | 3 | 1 | 7 |
| | | 4 | | 7 | | 8 | | |
| 9 | | | 8 | 2 | | | | |

**MIÐLUNGS**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 3 | 1 | | | | | | | |
| 2 | 8 | | | 9 | | 4 | | 3 |
| | | 9 | 3 | 8 | | 6 | 7 | |
| 5 | 7 | | 6 | | | 3 | | 1 |
| 6 | | 1 | | | | | 8 | 5 |
| | | | | | | | 4 | |
| | | | 9 | | | | | |
| 1 | 3 | 5 | | 2 | 4 | | | 9 |
| | 9 | | | 5 | | | | |

**ÞUNG**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | | 8 | | 3 | 9 | 2 | |
| 5 | 7 | | | | | 8 | | |
| | | | 1 | 2 | | | | |
| | | 5 | | | 9 | | | |
| | | 4 | | 7 | | | | 2 |
| 6 | | | | | | 3 | | |
| | | 6 | | | | | 4 | |
| 3 | 5 | | | | 8 | | 6 | |
| 9 | | | | | | | | |

## Krossgáta

**LÁRÉTT**
2. starf
6. tveir eins
8. ull
9. spíra
11. þessi
12. goðmögn
14. verkfæri
16. þvaga
17. leyfi
18. móða
20. tveir eins
21. hýði

**LÓÐRÉTT**
1. ofneysla
3. skammstöfun
4. ræsimark
5. knæpa
7. heimska
10. maka
13. bókstafur
15. land
16. tré
19. rún



**LÁRÉTT**: 2. verk, 6. ff, 8. hár, 9. ála, 11. sá, 12. tótem, 14. nafar, 16. ös, 17. frí, 18. ský, 20. kk, 21. para.
**LÓÐRÉTT**: 1. ofát, 3. eh, 4. rásmark, 5. krá, 7. flónska, 10. ata, 13. eff, 15. ríki, 16. ösp, 19. ýr.

## Skák Gunnar Björnsson

Héðinn Steingrímsson (2.562) átti leik gegn Birni Þorfinnssyni (2.407) á Íslandsmótinu í skák í Hafnarfirði.

**Hvítur á leik**

**21. Rf6+! Hxf6 22. hxg4.** Ungu mennirnir Dagur Ragnarsson, Bárður Örn Birkisson og Vignir Vatnar Stefánsson byrjuðu allir vel með góðum jafnteflum. Sigur Héðins var eina sigurskákin í fyrstu umferð. Frídagur er í dag.

**www.skak.is:** Allt um Íslandsmótið.



| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 8 | 3 | 4 | 1 | 2 | 6 | 9 | 5 | 7 |
| 6 | 9 | 5 | 4 | 3 | 7 | 1 | 2 | 8 |
| 7 | 1 | 2 | 5 | 8 | 9 | 6 | 4 | 3 |
| 1 | 4 | 6 | 2 | 5 | 8 | 3 | 7 | 9 |
| 9 | 8 | 3 | 7 | 6 | 4 | 2 | 1 | 5 |
| 2 | 5 | 7 | 9 | 1 | 3 | 4 | 8 | 6 |
| 3 | 7 | 1 | 8 | 9 | 2 | 5 | 6 | 4 |
| 4 | 2 | 9 | 6 | 7 | 5 | 8 | 3 | 1 |
| 5 | 6 | 8 | 3 | 4 | 1 | 7 | 9 | 2 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 8 | 1 | 4 | 3 | 7 | 5 | 9 | 2 | 6 |
| 7 | 5 | 9 | 8 | 6 | 2 | 3 | 1 | 4 |
| 6 | 2 | 3 | 4 | 9 | 1 | 7 | 8 | 5 |
| 5 | 8 | 2 | 9 | 1 | 4 | 6 | 3 | 7 |
| 9 | 6 | 7 | 5 | 8 | 3 | 1 | 4 | 2 |
| 3 | 4 | 1 | 6 | 2 | 7 | 5 | 9 | 8 |
| 1 | 3 | 5 | 2 | 4 | 6 | 8 | 7 | 9 |
| 2 | 7 | 8 | 1 | 5 | 9 | 4 | 6 | 3 |
| 4 | 9 | 6 | 7 | 3 | 8 | 2 | 5 | 1 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 9 | 4 | 5 | 1 | 3 | 8 | 7 | 2 | 6 |
| 8 | 3 | 6 | 2 | 5 | 7 | 4 | 9 | 1 |
| 1 | 2 | 7 | 4 | 6 | 9 | 8 | 3 | 5 |
| 2 | 1 | 3 | 6 | 8 | 5 | 9 | 4 | 7 |
| 4 | 5 | 9 | 3 | 7 | 1 | 2 | 6 | 8 |
| 6 | 7 | 8 | 9 | 2 | 4 | 1 | 5 | 3 |
| 3 | 8 | 1 | 5 | 9 | 2 | 6 | 7 | 4 |
| 5 | 9 | 4 | 7 | 1 | 6 | 3 | 8 | 2 |
| 7 | 6 | 2 | 8 | 4 | 3 | 5 | 1 | 9 |

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni. Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.






## Pondus

Eftir Frode Øverli




## Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




## Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman







NÝR VEFUR
Netverslun
ORMSSON.IS

Opnunartímar:
Virka daga kl. 10-18
Laugardaga kl. 11-15.

FYRIR HEIMILIN Í LANDINU
ORMSSON
LÁGMÚLA 8 · SÍMI 530 2800

VR FYRIRMYNDAR FYRIRTÆKI 2016

ORMSSON
Greiðslukjör
Vaxtalaust
í allt að 12 mánuði

| | | | | | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **ORMSSON** | **ORMSSON** | **KS** | **SR BYGG** | **ORMSSON** | **PENNINN** | **ORMSSON** | **ORMSSON** | **ORMSSON** | **GEISLI** | **TÆKNIBORG** | **OMNIS** | **BLÓMSTURVELLIR** |
| KEFLAVÍK | ÞRISTUR-ÍSAFIRÐI | SAUÐÁRKRÓKI | SIGLUFIRÐI | AKUREYRI | HÚSAVÍK | VÍK -EGILSSTÖÐUM | PAN-NESKAUPSSTAÐ | ÁRVIRKINN-SELFOSSI | VESTMANNAEYJUM | BORGARNESI | AKRANESI | HELLISSANDI |
| SÍMI 421 1535 | SÍMI 456 4751 | SÍMI 455 4500 | SÍMI 467 1559 | SÍMI 461 5000 | SÍMI 464 1515 | SÍMI 4712038 | SÍMI 477 1900 | SÍMI 480 1160 | SÍMI 481 3333 | SÍMI 422 2211 | SÍMI 433 0300 | SÍMI 436 6655 |

# BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS

**159** kr. 170 g
**Doritos Snakk**
3 tegundir, 170 g

**259** kr. 175 g
**Voga ídýfur**
175 g, 2 teg.

**159** kr. 175 g
**OLW Kartöflusnakk**
175 g, 3 teg.

**139** kr. 250 g
**OLW Saltstangir**
250 g

## VEISLAN BYRJAR Í BÓNUS

**289** kr. 150 g
**H-Berg Piparmöndlur**
150 g

2 brauð í pakka

**149** kr. pk.
**Hvítlauksbrauð**
2 stk. í pakka

Matarmikil súpa
FULLELDUÐ
Aðeins að hita

**1.598** kr. 1 kg
**Mexíkósk Kjúklingasúpa**
1 kg

**198** kr. 400 g
**Wewalka Pizzadeig**
Ferskt, 400 g

FERSK nanbrauð

**259** kr. kg
**Sítrónur**
Spánn

**398** kr. kg
**Lime**
Mexíkó

**879** kr. 500 g
**Bláber**
Marokkó, 500 g

**298** kr. 250 g
**Stonefire Nanbrauð**
Fersk, 2 teg., 250 g

BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS

**FULLELDAÐ**
Aðeins að hita




**498** kr. 800 g

**Bónus Buffaló Vængir**
Fulleldaðir, 800 g

**FULLELDAÐ**
Aðeins að hita




**1.098** kr. kg

**Ali Spareribs**
Fullelduð



## SPARAÐU MEÐ BÓNUS

**ÍSLENSKT**
Ungnautakjöt




**569** kr. 2x140 g

**Íslandsnaut Hamborgarar**
2x120 g og 2x140 g

**ÍSLENSKT**
Nautakjöt




**398** kr. 2x100 g

**Stjörnunaut**
**Smass Hamborgarar**
2x100 g

**469** kr. 2x120 g

**Stjörnunaut**
**Smass Hamborgarar**
2x120 g

**ÍSLENSKT**
Ungnautakjöt




**3.998** kr. kg

**Íslandsnaut**
Ungnauta Ribeye, ferskt




**3.998** kr. kg

**Íslandsnaut**
Ungnauta Fillet, ferskt




**198** kr. 510 ml

**Hunt's BBQ sósur**
510 ml, 3 teg.




**119** kr. 2 stk.

**Gæða Hamborgarabrauð**
2 stk. í pakka

# BÓNUS EKKERT BRUÐL

**Opnunartími í Bónus:** Mánudaga-Fimmtudaga; 11:00-18:30 • Föstudaga; 10:00-19:30 • Laugardaga; 10:00-18:00 • Sunnudaga; 12:00-18:00

# Þetta er hlaðborð með norrænni samtímaleikritun

**Á laugardagskvöldið verða sýnd fjögur ný örleikrit eftir jafn mörg skáld frá fjórum Norðurlandanna. Leikskáldið Salka Guðmundsdóttir er þar á meðal og hún segir verkefnið vera gefandi tækifæri.**

Magnús Guðmundsson
magnus@frettabladid.is





Salka Guðmundsdóttir segir Dramafronten hafa langað til þess að víkka út þetta verkefni sem hefur gengið ákaflega vel í Danmörku. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

Það er ekki á hverjum degi sem íslenskum leikhúsunnendum gefst tækifæri til þess að kynnast fjórum nýjum leikritum eftir jafn mörg norræn leikskáld. Það er þó tilfellið á laugardagskvöldið í nágrenni við Tjarnarbíó þaðan sem haldið verður í óvenjulega kvöldgöngu klukkan níu. Á meðal leikskáldanna er Salka Guðmundsdóttir og hún segir að verkefnið sé hluti af löngu ferli.

„Þetta byrjaði með því að það er hópur í Danmörku sem kallast Dramafronten. Þau eru búin að vera mjög virk í dönsku leiklistarlífi í allmörg ár en þau hafa sérhæft sig í að sýna ný verk, eftir starfandi leikskáld, í svona örleikritaformi. Sýningarformið er svo með þeim hætti að áhorfendurnir ganga á milli, fara frá einu verki til þess næsta, og hvert og eitt verk er leikið á viðeigandi stað.“

Leikararnir sem taka þátt í uppfærslunum eru þau Sólveig Guðmundsdóttir, Oddur Júlíusson, Hallgrímur Ólafsson, Kristbjörg Kjeld, Hjalti Rúnar Jónsson, Árni Beinteinn Árnason, Bjarni Snæbjörnsson, María Heba Þorkelsdóttir, Thelma Marín Jónsdóttir, Lilja Guðrún Þorvaldsdóttir, Guðmundur Ólafsson, Þorleifur Einarsson og leikstjóri Gréta Kristín Ómarsdóttir.

### Rölt á milli verka

Salka segir Dramafronten hafa langað til þess að víkka út þetta verkefni sem hefur gengið ákaflega vel í Danmörku. „Þau fóru því í að hafa samband við mögulega samstarfsaðila í fjórum Norðurlandanna; Íslandi, Danmörku, Noregi og Svíþjóð og stefndu fjórum leikskáldum frá hverju landi til Borgundarhólms síðasta sumar. Með mér fóru Huldar Breiðfjörð, Sigurbjörg Þrastardóttir og Kristín Ómarsdóttir og við vorum þarna að skrifa og hugsa með alls sextán leikskáldum. Þarna var okkur skipt niður í fjóra hópa og skipt niður á löndin. Ég er í íslenska hópnum og það er hópurinn sem er að sýna hérna um helgina.

Þetta eru mjög flott leikskáld sem eru hérna með mér, þau Amelie Olsen frá Danmörku, Fredrik Brattberg frá Noregi og Anders Duus frá Svíþjóð. Fredrik er til að mynda búinn að vinna hreinlega allt sem hægt er að vinna eða vera tilnefndur til í Noregi.“

Formið á sýningunni á laugardagskvöldið eru eins og á öðrum sýningum Dramafronten. „Það er farið af stað frá Tjarnarbíói en þetta er ekki mikil ganga, þetta er svona rölt á milli staða, því við erum í ákveðnum radíus eiginlega

> **ÞANNIG AÐ Í RAUN ERU ÞETTA FJÓRAR MJÖG ÓLÍKAR AÐSTÆÐUR OG SÖGUR SEM EIGA SAMT ÞESSA TENGINGU SAMEIGINLEGA.**

í kringum Tjörnina. Þetta er ýmist inni eða úti þannig að það er vissara að klæða sig svona sæmilega eftir veðri. Hvert og eitt verk er svo um tólf til fimmtán mínútur. Áhorfendum verður skipt í hópa og ágætt að hafa í huga að þó að verkin séu samhangandi þá skiptir engu máli í hvaða röð þú sérð þau vegna þess að þau gerast öll á sama tíma. Allt fer fram á íslensku því ég er búin að þýða hin verkin þannig að þetta er í raun mjög einfalt og aðgengilegt leikhús.“

### Mikill innblástur

Það er tæpast hægt að halda því fram að það séu fjölbreyttir starfsmöguleikar fyrir íslensk leikskáld og Salka segir að óneitanlega sé einangrun á Íslandi umtalsverð. „Það er sannkölluð gjöf að vera með í verkefni á borð við þetta. Tilgangurinn hjá Dramafronten er líka að tengja þetta fólk saman. Þetta er fólk sem er að vinna sem leikskáld um öll Norðurlöndin og svo verður okkur öllum hóað saman í Kaupmannahöfn í júní og þá verða öll sextán verkin sýnd en með sama hætti og hér heima.“

Salka segir að það veiti mikinn innblástur að sjá hvað er að gerast annars staðar á Norðurlöndum. „Maður les auðvitað og reynir að fylgjast með eins og maður getur en maður á sjaldan í beinu samtali við kollega nema á einhverjum hátíðum en það er öðruvísi. Þetta er markvissara og maður finnur sér mögulega fólk sem maður vill vinna meira með og svo er líka góður lærdómur í því hvernig að þessu er staðið. Það er eitthvað sem við þurfum að læra hérna að þetta þarf ekki alltaf að vera einhver risastór uppfærsla. Það er hægt að gera þetta svona. Alvöru

NICOTINELL LYFJATYGGIGÚMMÍ

Ertu að hætta að reykja?
Veistu hvaða bragðtegund hentar þér?




Nicotinell Classic/Mint/Fruit/Lakrids/IceMint/Spearmint lyfjatyggigúmmí, Nicotinell Mint munnsogstöflur, Nicotinell forðaplástur. Inniheldur nikótín. Til meðferðar á tóbaksfíkn. Lesið vandlega upplýsingar á umbúðum og fylgiseðli fyrir notkun lyfsins. Leitið til læknis eða lyfjafræðings sé þörf á frekari upplýsingum um áhættu og aukaverkanir. Sjá nánari upplýsingar um lyfið á www.serlyfjaskra.is.

## Örverkin fjögur

### FORDYRI HELVÍTIS OPNAST

**Höfundur: Amalie Olsen**
**Amalie Olsen útskrifaðist sem leikskáld frá Aarhus Teater og hefur vakið verðskuldaða athygli í Danmörku síðustu misserin fyrir leikverk sín. Nýjasta verk hennar, De Rene Rum, var sett upp í Aarhus Teater haustið 2016.**

### SPRENGJA

**Höfundur: Fredrik Brattberg**
**Leik- og tónskáldið Fredrik Brattberg hlaut Ibsen-verðlaunin árið 2012 fyrir verk sitt Tilbakekomstene, var tilnefndur til frönsku Godot-verðlaunanna 2016 og er eitt þekktasta leikskáld Noregs um þessar mundir. Verk hans hafa verið sviðsett víða um Evrópu, í Bandaríkjunum og Asíu.**

### SJÖUNDA BARNLAUSA KVÖLDIÐ

**Höfundur: Anders Duus**
**Sænska leikskáldið Anders Duus hefur skrifað á fimmta tug leikverka fyrir alla aldurshópa og hlotið fjölda viðurkenninga fyrir störf sín, nú síðast leikskáldaverðlaun sænsku Ibsen-samtakanna 2017. Hann starfar einnig sem dramatúrg við Örebro leikhúsið.**

### PÚSLIÐ SEM MIG VANTAÐI

**Höfundur: Salka Guðmundsdóttir**
**Salka hefur skrifað sviðs- og útvarpsverk fyrir börn og fullorðna og hafa verk hennar meðal annars ratað til Skotlands, Ástralíu og Danmerkur og hreppt ýmis verðlaun og tilnefningar innanlands sem utan. Salka gegnir starfi leikskálds Borgarleikhússins 2016-17.**




leiklist er með frábærum leikurum að takast á við sterkt verk. Þetta þarf ekki að snúast um umgjörðina heldur er gott að opna á þennan möguleika og setja þetta í aðeins annað samhengi og aðgengilegra.“

Salka bendir á að þegar verið er að færa íslensk verk á svið í viðamiklum uppfærslum þá sé mikið undir. „Það er einhvern veginn allt undir í slíkum uppfærslum á meðan þessi leið gefur manni frekar tækifæri til að þróa hlutina. Prófa hvað virkar og hvað virkar ekki. Þetta er líka skemmtileg viðbót fyrir áhorfendur því fyrir þá er þetta soldið eins og að koma að hlaðborði. Vonandi munu svo áhorfendur sjá einhver leikskáld sem þeim líkar við og þá geta þeir leitast við að kynnast þeim betur í kjölfarið og jafnvel hvatt til þess að verk eftir viðkomandi rati svo á íslensk leiksvið.“

**Endapunktur eða ekki**

Aðspurð hvort það sé ákveðinn þráður sem liggi í gegnum verkin fjögur þá segir Salka að þau hafi fengið alveg frjálsar hendur með það hvernig þau vildu tengja verkin. „Í mínum hóp var sú leið farin að verkin hverfast öll í kringum einn atburð sem hefur ólík áhrif og afleiðingar í hverju verki fyrir sig. En svo er sama persónan sem kemur við sögu í öllum verkunum fjórum sem eins

**ÞAÐ ER EINHVERN VEGINN ALLT UNDIR Í SLÍKUM UPPFÆRSLUM Á MEÐAN ÞESSI LEIÐ GEFUR MANNI FREKAR TÆKIFÆRI TIL AÐ ÞRÓA HLUTINA.**

konar aukapersóna. Þannig að í raun eru þetta fjórar mjög ólíkar aðstæður og sögur sem eiga samt þessa tengingu sameiginlega.“

Salka segir að skáldin fjögur séu talsvert ólík en innan hennar hóps séu þó ekki nema svona um tuttugu ár á milli elsta og yngsta skáldsins. „Við byrjuðum á því að lesa mikið af verkum eftir hvert annað, segja frá og leitast við að skilja hvernig hvert og eitt leikskáld væri að vinna. Við förum þessa leið til þess að hvert og eitt skáld gæti unnið með sína tækni og út frá sínum hæfileikum. Það voru þarna líka gríðarlega reynd skáld eins og t.d. Anders Duus sem hefur skrifað á fimmta tug verka og er eitt mikilsvirtasta skáld Svíþjóðar. Svo er það Amelie sem er rísandi stjarna þannig að fólk er svona á ólíkum stöðum á sínum ferli.“

Umhverfi íslenskra leikskálda er talsvert ólíkt því sem kollegar þeirra búa við á Norðurlöndunum og Salka segir að það ráðist í raun einfaldlega af smæðinni. „Smæðin er okkar versti óvinur. Mín reynsla af því að vinna í Bretlandi er til að mynda að þar fær maður að þróa verkið með því að sýna það. En hérna er sýningin einhvern veginn alltaf endapunktur. Það heldur soldið aftur af okkur þar sem hvert og eitt verkefni fær kannski ekki alveg þann tíma sem það þarf til þess að dafna. Þetta ræðst af smæðinni og því held ég að við mættum nýta okkur betur möguleikann á afslappaðri formum til þess að koma nýjum leikritum á framfæri. Það sem Dramafronten er að gera er eitthvað sem við þurfum að skoða betur og jafnvel mögulega taka okkur til fyrirmyndar.“


FORLAGIÐ
www.forlagid.is

Kaupmannssonurinn Leifur Muller hélt kornungur út í heim skömmu áður en heimsstyrjöldin síðari braust út. Í umróti stríðsins var hann svikinn í hendur Gestapo í Noregi, fangelsaður og sendur til Sachsenhausen-fangabúðanna skammt frá Berlín.

*Býr Íslendingur hér?*, ein áhrifamesta ævisaga sem rituð hefur verið á íslensku, segir sögu hans. Hún hefur verið ófáanleg um langt skeið en kemur nú loks í nýrri útgáfu.




Frásagnarsnilld

Fleiri klassískar kiljur frá Forlaginu ...




SKOÐAÐU ÚRVALIÐ
af íslenskri og erlendri klassík
WWW.FORLAGID.IS

www.forlagid.is – alvöru bókabúð á netinu









**Regína Ósk er meðal þeirra sem koma fram í Eurovisionpartíi á Akureyri í kvöld.** FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# Hvað? Hvenær? Hvar? Föstudagur

hvar@frettabladid.is

**12. MAÍ**

## Uppákomur

**Hvað?** Opinn tími með Bryndísi og Hany
**Hvenær?** 20.30
**Hvar?** Kramhúsið, Skólavörðustíg 12
Viðfangsefni tímans er Wonderful embrace. Allir velkomnir. Á þessu námskeiði einbeitum við okkur að því að finna gott samband við dansfélagann og okkur sjálf. Við vinnum með líkamsstöðu, jafnvægi og þyngd. Við gerum einfaldar æfingar þar sem bæði eru virk í dansinum og byggir á því hvernig við hreyfum okkur saman. Verð 1.500 kr.

**Hvað?** Útgáfuteiti vegna útgáfu leikrita Borgarleikhússins
**Hvenær?** 17.00
**Hvar?** Eymundsson, Te & kaffi, Skólavörðustíg
Borgarleikhúsið efnir til útgáfuteitis í verslun Pennans Eymundsson við Skólavörðustíg í tilefni af útgáfu á þremur íslenskum leikritum sem sett hafa verið upp í húsinu á síðustu misserum. Verkin eru: Auglýsing ársins eftir Tyrfing Tyrfingsson, Sending eftir Bjarna Jónsson og Flóð eftir Hrafnhildi Hagalín og Björn Thors.

**Hvað?** Uppskeruhátíð spjaldtölvuverkefnis grunnskóla
**Hvenær?** 14.30
**Hvar?** Grunnskólar Kópavogsbæjar
Fulltrúar nemenda úr öllum grunnskólum Kópavogs koma fram og sýna dæmi um hvernig spjaldtölvan hefur nýst í námi og kennslu.

## Tónlist

**Hvað?** Eurovisionparti
**Hvenær?** 20.00
**Hvar?** Menningarhúsið Hof, Akureyri
Það verður sannkallað Eurovisionpartí í Hofi í kvöld en þá stígur Eurobandið á svið og flytur bestu og jafnframt verstu lög Eurovisionkeppninnar frá upphafi til dagsins í dag. Tilefnið er ærið en daginn eftir, 13. maí, er lokakvöld keppninnar í ár haldið í Kænu-



**Nemendur úr grunnskólum Kópavogs hafa undanfarið nýtt spjaldtölvur mikið í námi.**



# Salsahátíð í fyrsta sinn á Íslandi

Dagana 25. til 28. maí fer fram í fyrsta skipti á Íslandi fjögurra daga alþjóðleg salsadanshátíð. Hátíðin ber heitið Midnight Sun Salsa og á henni verða í boði kennslustundir í hinum ýmsu latíndönsum með sjö erlendum gestakennurum.

Auk þess verða haldin dansiböll á tveimur gólfum þar sem þrír erlendir skífuþeytarar leika fyrir dansi. Dansiböll verða haldin frá fimmtudegi til sunnudags og gestum verður gefinn kostur á því að heimsækja Bláa lónið og Gullna hringinn í lokuðum sérferðum.

**HÁTÍÐIN NÆR HÁPUNKTI LAUGARDAGSKVÖLDIÐ 27. MAÍ ÞEGAR NORÐURLANDAMÓTIÐ Í SALSA OG BACHATA FER FRAM Á HILTON HÓTELINU.**

Hátíðin nær hápunkti þegar Norðurlandamótið í salsa og bachata fer fram á Hilton Reykjavík Nordica hótelinu laugardagskvöldið 27. maí.

Búast má við flugeldasýningu í dansi, en til keppni eru skráð níu lið, fimm erlend og fjögur innlend. Sigurliðið keppir svo í kjölfarið í Berlin Salsa Congress í október. – gha



Dansáhugafólk ætti ekki að láta salsahátíðina Midnight Sun Salsa fram hjá sér fara. NORDICPHOTOS/GETTY



Tyrfingur Tyrfingsson ásamt fleirum mun kynna nýja og spennandi tíma sem eru fram undan í Borgarleikhúsinu á Te & kaffi í dag. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

garði í Úkraínu. Þetta er því upphitun í meira lagi og einstakt tækifæri fyrir aðdáendur keppninnar að taka þátt í skemmtilegri upprifjun. Sem fyrr eru það Friðrik Ómar og Regína Ósk sem leiða hljómsveitina Eurobandið.

**Hvað?** All Star kvöld
**Hvenær?** 23.59
**Hvar?** Græna herbergið, Lækjargötu 6A
Eyþór Ingi stígur á svið í Kjallaranum ásamt hljómsveit hússins á All Star kvöldi Græna herbergisins og flytur öll sín uppáhaldslög í bland við vinsælustu rokk og popplög sögunnar.

**Hvað?** Matilda Rolfsson og Emilie Thun
**Hvenær?** 21.00
**Hvar?** Mengi
Fram koma sænska slagverksdívan Matilda Rolfsson og norski dansarinn og danshöfundurinn Emilie Thun sem saman starfa sem tónlistardansspunadúettinn DanceDrum. Matilda spinnur á bassatrommuna sína og Emilie spinnur inn í rýmið en samstarf þeirra nær nokkur ár aftur í tímann.

## Sýningar

**Hvað?** Hádegisleiðsögn
**Hvenær?** 12.30
**Hvar?** Kjarvalsstaðir
Hádegisleiðsögn sýningarstjóra um yfirlitssýninguna Kyrrð með verkum Louisu Matthíasdóttur.

**Hvað?** Ópera um ekkert
**Hvenær?** 16.00
**Hvar?** LHÍ, Sölvhólsgötu 13
Ópera um ekkert eftir Matthías Tryggva Haraldsson. Að verkinu koma einnig þau Hákon Jóhannesson, Heiðdís Hanna Sigurðardóttir, Pétur Eggertsson og Snæfríður Sól Gunnarsdóttir. Miðapantanir eru á midisvidslist@lhi.is.




# DAGSKRÁ

# Föstudagur




2

Bráðfyndnir og stórskemmtilegir þættir fyrir alla fjölskylduna þar sem tvö lið þeysast um Asíu í kapphlaupi við tímann og freista þess að safna stigum með því að leysa ævintýralegar og afar fjölbreyttar þrautir. Liðin eru mönnuð snillingunum Audda, Sveppa, Steinda Jr. og Pétri Jóhanni.

FRÁBÆRT
FÖSTUDAGSKVÖLD

Fáðu þér áskrift á 365.is

365

2 **STEP BROTHERS**

Gaman-mynd

Þegar tveir fullorðnir auðnuleysingjar sem eru vanir að búa hjá foreldrum sínum þurfa að deila herbergi þá fer allt á annan endann.





2 **MY OLD LADY**

Þegar Mathias Gold kemst að því að í íbúðinni sem hann er nýbúinn að erfa búa mæðgur sem ekki er hægt að segja upp leigunni ákveður hann að grípa til sinna ráða en margt fer öðruvísi en ætlað er. Dramatísk gamanmynd með Maggie Smith og Kristin Scott Thomas í aðalhlutverkum

2 BÍÓ **MAD MAX: FURY ROAD**

Myndin gerist eftir að heimurinn hefur gengið í gegnum mikla eyðileggingu og þar sem hið mannlega er ekki lengur mannlegt og allir berjast fyrir lífi sínu.



3 **FÓSTBRÆÐUR**

Hér fara hinir goðsagnakenndu Fóstbræður á kostum með sprenghlægilegu og frumlegu gríni. Íslenskt gæðagrín eins og það gerist best.



Allt þetta og meira til í Skemmtipakkanum á aðeins 333 kr. á dag.

365.is

## STÖÐ 2

**07.00** Simpson-fjölskyldan
**07.25** Kalli kanína og félagar
**07.45** Tommi og Jenni
**08.05** The Middle
**08.30** Pretty Little Liars
**09.15** Bold and the Beautiful
**09.35** Doctors
**10.20** The Detour
**10.45** The Goldbergs
**11.10** Jamie & Jimmy's Food Fight Club
**12.05** Lóa Pind. Bara geðveik
**12.35** Nágrannar
**13.00** Spotlight
**15.10** The Cobbler
**16.50** Tommi og Jenni
**17.15** Simpson-fjölskyldan
**17.40** Bold and the Beautiful
**18.05** Nágrannar
**18.30** Fréttir Stöðvar 2
**18.55** Íþróttir
**19.05** Fréttir Stöðvar 2
**19.20** **Impractical Jokers** Sprenghlægilegir bandarískir þættir þar sem fjórir vinir skiptast á um að vera þátttakendur í hrekk í falinni myndavél.
**19.45** Asíski draumurinn
**20.20** Step Brothers
**22.05** **My Old Lady** Rómantísk gamanmynd frá 2014 með Kevin Kline, Kristin Scott Thomas og Maggie Smith. Þegar Mathias Gold kemst að því að í íbúðinni sem hann er nýbúinn að erfa búa mæðgur sem ekki er hægt að segja upp leigunni ákveður hann að grípa til sinna ráða. En margt fer öðruvísi en ætlað var.
**23.50** Very Good Girls
**01.25** Cymbeline
**03.05** Tracers
**04.40** The Cobbler

## STÖÐ 2 SPORT

**07.00** Lyon - Ajax
**08.40** Manchester United - Celta
**10.20** Granada - Real Madrid
**12.00** Premier League World 2016/2017
**12.30** Juventus - Monaco
**14.15** Meistaradeildarmörkin
**14.35** Lyon - Ajax
**16.15** Manchester United - Celta
**17.55** Evrópudeildarmörkin 2016/2017
**18.20** PL Match Pack 2016/2017
**18.50** WBA - Chelsea
**21.00** Teigurinn
**22.00** 1 á 1
**22.40** Everton - Watford
**00.20** Premier League Preview 2016/2017
**00.50** WBA - Chelsea

## STÖÐ 2 SPORT 2

**07.05** Barcelona - Villarreal
**08.45** Spænsku mörkin 2016/2017
**09.15** Football League Show 2016/17
**09.45** Bor. Mönchengladbach - Augsburg
**11.25** Þýsku mörkin 2016/2017
**11.55** Pepsímörk kvenna 2017
**12.55** Pepsídeild karla - FH og KA
**14.40** Síðustu 20
**15.05** Pepsídeild kvk- Breiðablik og Valur
**16.45** NBA 2016/2017 - Houston Rockets og San Antonio Spurs
**18.35** La Liga Report 2016/2017
**19.05** Inkasso deildin - Fram og Haukar
**21.15** Premier League Preview 2016/2017
**21.45** Búrið
**22.20** Bundesliga Weekly 2016-2017
**22.50** NBA - Dr. J - The Doctor
**00.00** NBA 2016/2017 - Washington Wizards og Boston Celtics

## STÖÐ 3

**17.30** Mike & Molly
**17.50** 2 Broke Girls
**18.15** Anger Management
**18.40** Modern Family
**19.05** Fóstbræður
**19.35** The New Adventures of Old Christine
**20.00** Gilmore Girls
**20.45** Silicon Valley
**21.15** Izombie
**22.00** Fóstbræður
**22.25** The New Adventures of Old Christine
**22.50** Entourage
**23.20** Gilmore Girls
**00.00** Fresh Off The Boat
**00.25** Silicon Valley
**00.55** Tónlist

## KRAKKASTÖÐIN

**07.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar
**07.47** Doddi litli og Eyrnastór
**08.00** Áfram Diego, áfram!
**08.24** Svampur Sveinsson
**08.49** Lalli
**08.55** Rasmus Klumpur og félagar
**09.00** Strumparnir
**09.25** Hvellur keppnisbíll
**09.37** Ævintýraferðin
**09.49** Gulla og grænjaxlarnir
**10.00** Víkingurinn Viggó
**10.11** Zigby
**10.25** Stóri og litli
**10.38** Latibær
**11.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar
**11.47** Doddi litli og Eyrnastór
**12.00** Áfram Diego, áfram!
**12.24** Svampur Sveinsson
**12.49** Lalli
**12.55** Rasmus Klumpur og félagar
**13.00** Strumparnir
**13.25** Hvellur keppnisbíll
**13.37** Ævintýraferðin
**13.49** Gulla og grænjaxlarnir
**14.00** Víkingurinn Viggó
**14.11** Zigby
**14.25** Stóri og Litli
**14.38** Latibær
**15.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar
**15.47** Doddi litli og Eyrnastór
**16.00** Áfram Diego, áfram!
**16.24** Svampur Sveinsson
**16.49** Lalli
**16.55** Rasmus Klumpur og félagar
**17.00** Strumparnir
**17.25** Hvellur keppnisbíll
**17.37** Ævintýraferðin
**17.49** Gulla og grænjaxlarnir
**18.00** Víkingurinn Viggó
**18.11** Zigby
**18.25** Stóri og Litli
**18.38** Latibær
**19.00** Alpha og Omega



Doddi litli og Eyrnastór kl. 07.47, 11.47 og 15.47

## GOLFSTÖÐIN

**08.00** The Players Championship
**14.00** Inside the PGA Tour 2017
**14.25** Golfing World 2017
**15.15** Estrella Damm Mediterranean
**17.00** The Players Championship
**23.00** Golfing World 2017

## BÍÓSTÖÐIN

**08.40** Phantom of the Opera
**11.00** Out of Africa
**13.40** How To Train Your Dragon Sequel
**15.20** **Phantom of the Opera** Rómantískur söngleikur með Gerard Butler og Emmy Rossum í aðalhlutverkum. Bitur maður sem hefur verið vanskapaður frá fæðingu, og þekktur einungis sem the Phantom, eða Óperudraugurinn, býr í ræsinu undir óperuhúsinu í París í Frakklandi. Hann verður ástfanginn af sópransöngkonunni Christine, og kennir henni í einkatímum, á milli þess sem hann hrellir aðra starfsmenn óperuhússins, og krefst þess að Christine fái aðalhlutverk. Það versnar í því þegar Christine hittir æskuástina Raoul og þau tvö verða ástfangin. Draugurinn ákveður að ræna henni og halda henni fanginni, svo hún verði hans að eilífu. Raoul er nú sá eini sem getur stöðvað hann.
**17.40** Out of Africa
**20.20** How To Train Your Dragon Sequel
**22.00** Mad Max. Fury Road
**00.00** Taken 3
**01.45** Everly
**03.20** Mad Max. Fury Road

## RÚV

**15.45** Eurovision 2017
**17.50** Táknmálsfréttir
**18.00** KrakkaRÚV
**18.01** Pósturinn Páll
**18.16** Kata og Mummi
**18.27** Molang
**18.28** Bláí jakkinn
**18.29** Kóðinn - Saga tölvunnar
**18.30** Jessie
**19.00** Fréttir
**19.25** Íþróttir
**19.30** Veður
**19.40** Saga af strák
**20.05** Eurovisions
**21.00** Jarðarför ömmu
**22.40** Vesalingarnir
**01.10** Útvarpsfréttir í dagskrárlok

## SJÓNVARP SÍMANS

**06.00** Síminn + Spotify
**08.00** Everybody Loves Raymond
**08.25** Dr. Phil
**09.05** Chasing Life
**09.50** Jane the Virgin
**10.35** Síminn + Spotify
**12.40** The Voice USA
**13.25** Dr. Phil
**14.05** Man With a Plan
**14.30** Ný sýn - Svala Björgvins
**15.05** The Biggest Loser
**16.35** The Tonight Show starring Jimmy Fallon
**17.15** The Late Late Show with James Corden
**17.55** Dr. Phil
**18.35** King of Queens
**19.00** Arrested Development
**19.25** How I Met Your Mother
**19.50** America's Funniest Home Videos
**20.15** The Voice USA
**21.45** The Bachelor
**23.55** The Tonight Show starring Jimmy Fallon
**00.35** Californication
**01.05** Prison Break
**01.50** Ray Donovan
**02.35** House of Lies
**03.05** Penny Dreadful
**03.50** Secrets and Lies
**04.35** Extant
**05.20** The Tonight Show starring Jimmy Fallon

## ÚTVARP

**FM 88,5** XA-Radíó
**FM 89,5** Retro
**FM 90,1** Rás 2
**FM 90,9** Gullbylgjan
**FM 93,5** Rás 1
**FM 95,7** FM957
**FM 96,3** FM Suðurland
**FM 96,7** Létt Bylgjan
**FM 97,7** X-ið
**FM 98,9** Bylgjan
**FM 99,4** Útvarp Saga
**FM 100,5** K100
**FM 102,9** Lindin

#PL #enski365

# Premier League

## 7 DAGA VEISLA FRAMUNDAN Í ENSKA BOLTANUM

| Dagur | Heimalið | Tími | Útilið | Myllumerki |
|---|---|---|---|---|
| Föstudagur 12. maí | West Brom | 18:50 | Chelsea | #WBACHE |
| Laugardagur 13. maí | Man. City | 11:20 | Leicester | #MCILEI |
| Laugardagur 13. maí | Sunderland | 13:50 | Swansea | #SUNSWA |
| Laugardagur 13. maí | Stoke | 16:20 | Arsenal | #STKARS |
| Sunnudagur 14. maí | Crystal Palace | 10:50 | Hull | #CRYHUL |
| Sunnudagur 14. maí | West Ham | 13:05 | Liverpool | #WHULIV |
| Sunnudagur 14. maí | Tottenham | 15:20 | Man. Utd | #TOTMUN |
| Mánudagur 15. maí | MESSAN | 18:00 | Uppgjör helgarinnar með Gumma Ben og félögum. | #messan |
| Mánudagur 15. maí | Chelsea | 19:00 | Watford | #CHEWAT |
| Þriðjudagur 16. maí | Man. City | 18:50 | West Brom | #MCIWBA |
| Miðvikudagur 17. maí | Southampton | 18:35 | Man. Utd | #SOUMUN |
| Fimmtudagur 18. maí | Leicester | 18:35 | Tottenham | #LEITOT |


KAUPTU STAKAN LEIK: 365 Síminn

Domino's · 10-11 · Coca-Cola · ICELANDAIR




Tryggðu þér áskrift á aðeins 399 kr. á dag*
11.990 kr. á mánuði

SPORT BESTA SÆTIÐ
SÍMI 1817 | 365.IS | 365



ALGJÖRLEGA GRILLUÐ VERÐ Á GRILLUM

VIÐ GERUM BARA GOTT ÚR ÞESSU!

# EUROVISIONPARTÍ

## HVAÐA LAG ER NÆSTBEST?

Leikur á facebook.com/byko.is

**MONARCH 320** gasgrill, yfirbreiðsla, grillaukahlutasett og 10kg gaskútur. Drögum út á laugardaginn fyrir lokakeppnina! Heildarandvirði vinnings er 89.980kr.





TRAVELQ PRO PORTABLE GAS GRILL

NAPOLEON

4,1kw | 2 brennarar

TILBOÐSVERÐ

**TRAVELQ PRO 285X** gasgrill 4,1 Kw, 2 brennarar, heildargrillflötur er 54 x 37 cm, JETFIRE™ kveikjukerfi, WAVE™ grillgrindur úr pottjárni, ACCU PROBE™ hitamælir.

**44.995kr.**

506600020
Almennt verð: 59.995 kr.



NAPOLEON ROGUE

10,6 kw | 3 brennarar

TILBOÐSVERÐ

**ROGUE R425** gasgrill, 10,6 kW 3 aðalbrennarar, grillgrind 60 x 45 cm Dual-Level ryðfríar hitadreifigrindur, JETFIRE™ kveikju-kerfi, WAVE™ grillgrindur úr pottjárni, ACCU PROBE™ hitamælir.

**79.995kr.**

506600036
Almennt verð: 99.995kr.



NAPOLEON TRIUMPH

18,4 kw | 4+1 brennarar

TILBOÐSVERÐ

**TRIUMPH 495** gasgrill, 18,4 kW, 4 aðalbrennarar og hliðarhella, heildargrillflötur er 73 x 43 cm, JETFIRE™ kveikjukerfi, WAVE™ grillgrindur úr pottjárni, ACCU PROBE™ hitamælir, áfastur flöskuopnari.

**99.995kr.**

506600034
Almennt verð: 119.995 kr.



NAPOLEON ROGUE

INFRARED SIZZLE ZONE

NÆR 980°C HITA

23,0 kw | 3+2 brennarar

TILBOÐSVERÐ

**ROGUE R425SIB** gasgrill 15,45 kW 3 aðalbrennarar, innrauður SIZZLE ZONE™ hliðarbrennari, grillgrind 64 x 44 cm Dual-Level ryðfríar hitadreifigrindur, JETFIRE™ kveikjukerfi, WAVE™ grillgrindur úr ryðfríu stáli, ACCU PROBE™ hitamælir.

**139.995kr.**

506600038
Almennt verð: 169.995 kr.

## KAUPAUKI

FYLGIR ÖLLUM SELDUM GRILLUM Í DAG OG Á MORGUN LAUGARDAG

4x2l. PEPSI eða PEPSI MAX, Cool American og Nacho Cheese DORITOS ásamt HARIBO hlaupoka.






NAPOLEON Prestige

INFRARED SIZZLE ZONE

NÆR 980°C HITA

23,0 kw | 4+2 brennarar

TILBOÐSVERÐ

**PRESTIGE P500** gasgrill, 23,0 kW, 4 aðalbrennarar, innrauður SIZZLE ZONE™ hliðarbrennari, innrauður bakbrennari, heildargrillflötur er 71 x 45 cm, LIFT EASE™ tækni í opnun á loki, Dual-Level ryðfríar hitadreifigrindur, 7,0 mm ryðfríar WAVE™ grillgrindur, innbyggð ljós.

**229.995kr.**

506600060
Almennt verð: 269.995 kr.

**Q1200** gasgrill, svart. 2,64 kW/h—8.500 BTU ryðfrír brennari. Meðfærilegt, frábært heima eða í ferðalagið, postulín-glerungshúðaðar grillgrindur úr pottjárni, grillflötur: 32 x 42 cm, slanga og þrýstijafnari fyrir venjulegan gaskút, rafstýrður kveikjurofi, innfellanleg hliðarborð, hitamælir í loki, álbakki fyrir fitu.

**34.995kr.**

2,64 kw | 1 brennari (hring)

50650007




FRÁBÆRT VERÐ!



weber

3,51 kw | 1 brennari (hring)

**Q2200** gasgrill, 3,51 kW, 12.000 BTU, frábært heima eða í ferðalagið, postulín-glerungshúðaðar grillgrindur úr pottjárni, 39 x 54 cm grillflötur, 10 x 34 cm efri grind, ryðfrír brennari, rafstýrður kveikjurofi, innfellanleg hliðarborð, hitamælir í loki, álbakki fyrir fitu, svart lok

**44.995kr.**

50650005

FRÁBÆRT VERÐ!



weber

3,51 kw | 1 brennari (hring)

**Q2200** meðfærilegt gasgrill á fótum, 3,51 kW, 12.000 BTU, Postulín-glerungshúðaðar grillgrindur úr pottjárni, 39 x 54 cm grillflötur, ryðfrír brennari, rafstýrður kveikjurofi, innfellanleg hliðarborð, hitamælir í loki, álbakki fyrir fitu, svart lok

**49.995kr.**

50650003



**TRAIL BLASER**
reiðhjól 24", grænt eða fjólublátt

**37.995kr.**

49620076-7



**STREET RACER EÐA TWINKLE** reiðhjól 12"

**18.995kr.**

49620059/61



**SUPER EÐA ROCK CANDY** reiðhjól 20", 7 gíra

**35.995kr.**

49620111-2

# SUMIR HAFA ENGAN ÁHUGA Á EUROVISION

## ...þá er fínt að kíkja út að hjóla!

**JOURNEY** reiðhjól 26", 21 gíra
Shimano diskabremsur.

**39.995kr.**

49620235







Aukahlutirnir fyrir hjólið fást líka hjá okkur





**KVEN- OG KARLHJÓL**
28" karla, 6 gíra með brettum og bögglabera eða 26" kvenhjól með körfu.

**28.995kr.**

49620200-1



Öll verð eru birt með fyrirvara um prentvillur og/ eða myndabrengl. Tilboð gilda út 17. maí.



6,9 kw
3 brennarar

Broil King
Great Barbecues Every Time

TILBOÐSVERÐ

**GEM 320** gasgrill, 6,9 kW, eldunarsvæði: 2774 cm². Mjög sterkar grillgrindur úr pottjárni. Ryðfrítt Flave-R-Wave™ eldunarkerfi. Þrír ryðfríir brennarar. Linear-Flow™ stillanlegir gaskranar. Sure-Lite™ elektrónískt kveikikerfi. Accu-Temp™ hitamælir í loki.

**34.995kr.**

50657521
Almennt verð: 42.895kr.



8,8 kw
3 brennarar

TILBOÐSVERÐ

**MONARCH 320** 8,8 kW, eldunarsvæði: 3350 cm². Mjög sterkar grillgrindur úr pottjárni. Ryðfrítt Flave-R-Wave™ eldunarkerfi. Þrír ryðfríir Dual-Tube™ brennarar. Linear-Flow™ stillanlegir gaskranar. Sure-Lite™ elektrónískt kveikikerfi. Deluxe Accu-Temp™ hitamælir í loki.

**52.895kr.**

50657510
Almennt verð: 62.895kr.

Broil King
Great Barbecues Every Time



11,4 kw
4+2 brennarar

TILBOÐSVERÐ

**BARON 490** gasgrill, fjórir 11,4 kW Dual-Tube™ aðalbrennarar, 2,7kW hliðarbrennari + 4,4kW aftari grillteinsbrennari, eldunarsvæði: 4155 cm². Mjög sterkar grillgrindur úr pottjárni. Ryðfrítt Flave-R-Wave™ eldunarkerfi. Linear-Flow™ stillanlegir gaskranar. Sure-Lite™ elektrónískt kveikikerfi. Deluxe Accu-Temp™ hitamælir í loki.

**89.895kr.**

50657488
Almennt verð: 105.895kr.



6,35 kw
2 brennarar

FRÁBÆRT VERÐ!

**Q3200** gasgrill grátt, létt og meðfærilegt gasgrill, 6,35 kW/h, 21.700 BTU, stór grillflötur, postulín-glerungshúðaðar grillgrindur úr pottjárni, hitamælir í loki, 63 x 45 cm grillflötur, efri grind: 40 x 11 cm, grill fast á hjólavagni, niðurfellanleg hliðarborð, kryddskúffa í hliðarborði, rafstýrður uppkveikjurofi, ljós í handfangi, álbakki fyrir fitu, gaskútagrind (hámark 5kg)

**69.995kr.**

50650021

AÐEINS TIL Í VERSLUN BREIDD OG VEFVERSLUN



TILBOÐSVERÐ

**RATTAN** sófasett í garðinn, sófi (157 x 82 x 86cm), borð (116 x 61 x 42 cm / 5mm gler) og tveir stólar (74 x 82 x 86 cm). Pullur í stóla og sófa fylgja. Svart plast og ál.

**99.995kr.**

41615995
Almennt verð: 125.995kr.




**AUÐVELT AÐ VERSLA Á BYKO.IS**
**SENDUM ÚT UM ALLT LAND**

BYKO
GERUM ÞETTA SAMAN



**Föstudags-playlisti** Lífsins

## Magnús Már Einarsson

RITSTJÓRI FÓTBOLTI.NET

„Listinn er bland í poka af nýjum og eldri lögum sem koma manni í góðan gír. EM lagið er þarna inni líka. Fínt að fara aftur til Frakklands í huganum,“ segir Magnús um lagalistann sinn.

Föstudagsplaylista Lífsins má einnig finna á Spotify undir notandanafninu Vísir.

PLAY FOLLOW

| LAG | FLYTJANDI |
|---|---|
| Despacito feat. Justin Bieber | Luis Fonsi, Daddy Yankee |
| Hún er alveg með'etta | Friðrik Dór |
| Love$ick | Mura Masa, A$AP Rocky |
| Friday I'm In Love | The Cure |
| Mosó | EthyOne, Dóri DNA |
| Occidentali's Karma | Francesco Gabbani |
| Swalla (feat. Nicki Minaj, Ty Dolla $ign) | Jason Derulo, Nicki Minaj |
| Rain over Me | Drake |
| Passionfruit | Drake |
| This One's For You | David Guetta, Zara Larsson |

# Sjálflærður og búinn að „meika það“

Þegar hönnuðurinn Rick Owens kynnti nýjustu línuna sína á tískuvikunni í París vöktu höfuðfötin sem fyrirsæturnar skörtuðu athygli enda um sérstaka hönnun að ræða. Sjálflærði hönnuðurinn Malakai ber ábyrgð á henni.

Guðný Hrönn
gudnyhronn@365.is



Hönnuðurinn Malakai hefur bæði unnið fyrir þekkt tískuhús og líka með fjöldanum öllum af stórstjörnum. Þar á meðal Beyoncé, FKA Twigs og Rihönnu.

Malakai fékk áhuga á tísku þegar hann var 13 ára og hann heillaðist einna helst af goth- og pönktísku. Hann fór snemma á unglingsárunum að sauma sín eigin föt og endurnýta gömul föt með því að breyta þeim.

Seinna meir hóf hann að starfa sem plötusnúður og gjörningalistamaður. Hann ferðaðist víða um Bandaríkin og lék listir sínar og það var þá sem hann fór að hanna og búa til höfuðskraut fyrir sjálfan sig. Hönnun hans vakti mikla athygli og ekki leið á löngu áður en fólk vildi kaupa hana.

### Algjörlega sjálflærður

Árið 2011 stofnaði Malakai svo tískuhúsið House of Malakai og síðan þá hefur leiðin legið upp á við hjá honum þrátt fyrir að hann sé algjörlega sjálflærður og hafi aldrei stundað listnám af neinu tagi.

Í dag vinnur hann með tískuhönnuðum og tónlistarfólki og býr til sannkölluð listaverk. Það er því óhætt að segja að hann sé búinn að „meika það“.

Þess má geta að eitt þekktasta verk Malakai er höfuðskrautið sem söngkonan Beyoncé var með á Grammy-verðlaunahátíðinni í febrúar á þessu ári en það skraut vann hann í samvinnu við stílista Beyoncé.



Beyoncé skartaði þessu einstaka höfuðskrauti á Grammy-hátíðinni í byrjun árs. NORDICPHOTOS/GETTY



Söngkonan FKA Twigs mun vera mikill aðdáandi hönnuðarins Malakai.



Hattur úr smiðju Malakai fyrir Rick Owens. NORDICPHOTOS/GETTY



Söngkonan Erykah Badu er hér með andlitsskart úr smiðju Malakai.

**» MALAKAI HEFUR UNNIÐ MEÐ STJÖRNUM Á BORÐ VIÐ BEYONCÉ, RIHÖNNU OG FKA TWIGS.**




# Blaðamaður The Guardian mælir með íslensku hátíðinni Secret Solstice

Íslenska tónlistarhátíðin Secret Solstice var nefnd í upptalningu í leiðarvísi The Guardian um bestu tónlistarhátíðir ársins. Það er blaðamaðurinn Kate Hutchinson sem mælir með Secret Solstice en margir blaðamenn koma að gerð listans.

Hún segir Secret Solstice hafa ákveðinn „wow-faktor“ sökum þess að íslenska náttúran og 5.000 ára gamalt hraun leiki þar stórt hlutverk. Þar á hún við að í ár verða sérstakir tónleikar haldnir í Raufarhólshelli.

Þetta mun vera hin fínasta auglýsing fyrir hátíðina sem haldin verður um miðjan júní. Þess má til gamans geta að aðrar hátíðir sem komust á listann eru meðal annars bresku hátíðirnar Field Day og Demon Dayz. – gha



Secret Solstice verður haldin frá 15. til 18. júní þetta árið.



netto
markhönnun ehf
7 TONN
SS LAMBABÓGUR
2 STK. SAMAN Í POKA. FROSIÐ.
798 KR KG
ÁÐUR: 998 KR/KG
-50%
FRAMPARTUR
GRILLSAGAÐUR.
549 KR KG
ÁÐUR: 1.098 KR/KG
-20%
Lambakjötsútsala
í samvinnu við sláturhúsin
LAMBAHRYGGUR FROSINN HEILL
1.778 KR KG
ÁÐUR: 2.279 KR/KG
-50%
SÚPUKJÖT
2. FLOKKUR.
399 KR KG
ÁÐUR: 798 KR/KG
11 TONN
-22%
-28%
SS LAMBALÆRI
FROSIÐ
999 KR KG
ÁÐUR: 1.387 KR/KG
FJALLALAMB
LAMBALEGGIR
FROSNIR FRÁ FJALLALAMBI
1.087 KR KG
ÁÐUR: 1.598 KR/KG
-32%
8 TONN
DILKALIFUR
FROSIN
299 KR KG
ÁÐUR: 598 KR/KG
-50%
GOÐI
LAMBASVIÐ
FRÁ GOÐA. FROSIN.
398 KR KG
ÁÐUR: 498 KR/KG
LAMBALÆRISSNEIÐAR Í RASPI
BLANDAÐAR FERSKT
1.495 KR KG
ÁÐUR: 2.769 KR/KG
-46%
Tilboðin gilda 11. - 14. maí 2017
Tilboðin gilda meðan birgðir endast • Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl • Vöruúrval getur verið breytilegt milli verslana.
Búðakór · Grandi · Mjódd · Salavegur · Hafnarfjörður · Hrísalundur · Glerártorg · Húsavík · Höfn · Iðavellir · Grindavík · Krossmói · Borgarnes · Egilsstaðir · Selfoss







**Berir hælar**
Þetta er heitasti skóstíllinn í sumar, hentugur fyrir íslenskt veðurfar.




**GLAMOUR**

Farðu inn á Glamour.is og fáðu daglegar fréttir úr heimi hönnunar, lífsstíls og tísku.
• Facebook • Instagram • Twitter











# Viðraðu hælana

Sumarskórnir í ár eru lokaðir að framan og opnir að aftan. Á ensku kallast þessi skóstíll „mules“ og er helst hægt að lýsa þessum skóbúnaði sem uppfærðri útgáfu af gömlu góðu klossunum. Bæði flott að vera í sokkum eða berfættur og smart við bæði kjóla, pils og buxur.

## Zoë Kravitz á forsíðu íslenska Glamour

Söng-og leikkonan Zoë Isabella Kravitz prýðir forsíðu 25. tölublaðs íslenska Glamour og er einnig í viðtali inn í blaðinu.

Kravitz er alin upp í sviðsljósinu og er gott dæmi um að sjaldan falli eplið langt frá eikinni. Hún er dóttir Lenny Kravitz og Lisu Bonet og ætlaði sér alltaf að vinna í skemmtanabransanum. Töffari fram í fingurgóma sem sló í gegn í sjónvarpsþáttunum vinsælu Big Little Lies í vetur við hlið feiknasterks leikarahóps. Glamour kynntist þessum töffara betur og enginn vafi leikur á að hún á eftir að láta meira að sér kveða í framtíðinni. Hér er brot úr viðtalinu.

„Ég held að vandamálið sé að pressan er svo mikil á konur að vera fullkomnar, hafa öll svörin á reiðum höndum, að hugsa um eiginmanninn og hugsa um börnin en við erum öll bara manneskjur,“ segir Kravitz meðal annars í viðtalinu og kemur einnig inn á foreldrana frægu og uppeldið í sviðsljósinu.




Auk viðtalsins við Zoë er að finna fjölbreytt efni í blaðinu en rómantíkin ræður ríkjum. 30 blaðsíðna brúðkaupskafli þar sem Glamour kemur með sína sýn á veisluna, kjólinn, skreytingarnar og förðunina. Leikkonan Heiða Rún Sigurðardóttir rifjar upp fyrirsætutaktana í blaðinu og opnar sig í viðtali um leiklistarharkið, framtíðina og flutninginn til Hollywood.

HÚSGAGNA BANKINN

# Lagersala

Opið frá 13.00 - 18.00 virka daga og 13 - 16 laugardaga

## Nýkomin sending af hægindastólum og sófum



**109.000**
Rafknúinn lyftistóll
Klæddur í sterkt áklæði



**285.000**
Chippendale stofuskápur
180 x 55 sm - h. 225 sm



**94.000**
Hornskápur
76 x 55 sm - h. 190 sm



**109.000**
Sjónvarpsskápur
135 x 45 sm - h. 55 sm



**129.000**
Sjónvarpsskápur
180 x 50 sm - h. 60 sm



**59.000**
Hægindastóll
Klæddur í sterkt áklæði



**89.000**
Hægindastóll
Alklæddur í ekta leður



**169.000**
Rafknúinn hægindastóll
Alklæddur í ekta leður



**279.000**
Rafknúinn hægindasófi
Alklæddur í ekta leður



**89.000**
Rafknúinn hægindastóll
Klæddur í sterkt áklæði



**175.000**
Rafknúinn hægindasófi
klæddur í sterkt áklæði



**149.000**
Rafknúinn hægindastóll
Alklæddur í ekta leður



**255.000**
Rafknúinn hægindasófi
Alklæddur í ekta leður




**www.husgagnabankinn.is - Faxafen 10, 108 Reykjavík - s. 511 0030**














Svíinn Robin Bengtsson er talinn líklegur sigurvegari í Eurovision með lagið sitt I Can't Go On. NORDICPHOTOS/GETTY

# Sænski sjarmörinn finnur ekki fyrir pressunni

**Robin Bengtsson** er talinn líklegur sigurvegari í Eurovision með lagið sitt I Can't Go On. Hann segist vera að njóta ferðalagsins og finnur meira fyrir gleði en pressu.

**Skrifa frá Eurovision í Kiev**



Benedikt Bóas Hinriksson
benediktboas@365.is
Stefán Árni Pálsson
stefanp@365.is

Ég er spenntur fyrir morgundeginum. Atriðið er gott og mér fannst ekkert mál að byrja í forkeppninni. Atriðið er þannig að það hentaði vel til að byrja," segir hjartaknúsarinn Robin Bengtsson frá Svíþjóð.

Eins og venjulega er Svíum spáð góðu gengi og þótt flestir spái Ítölum sigri er meðbyrinn með laginu hans, I Can't Go On, að aukast. Allavega hér í Kænugarði. Portúgalar eru einnig taldir líklegir til afreka.

Svíar eru þyrstir í fréttir af Eurovision og flestir fjölmiðlar þaðan eru hér og hafa ekkert nema gott um sjarmatröllið að segja. „Svíar eru mjög ánægðir með hann. Ég hef talað við hann nokkrum sinnum og hann er nokkuð bjartsýnn. Hann talaði reyndar um ítalska lagið og það spá því flestir sigri þannig að ég held að ítalska lagið taki þetta," segir Ellinor Svensson, blaðakona frá Expressen í Svíþjóð.

Sjálfur segist Robin vera pollrólegur yfir öllu fjölmiðlafárinu, bæði frá alþjóðlegum blaðamönnum og þeim sænsku. „Væntingarnar heima eru nokkuð miklar. Það eru margir sem horfa og vonast eftir góðum úrslitum. Ég finn að Svíþjóð fylgist vel með en ég finn ekki mikið fyrir pressunni. Ég er hér til að skemmta mér og vonandi öðrum og gera mitt besta í þessar þrjár mínútur sem ég hef á sviðinu."



Ellinor Svensson er blaðakona hjá Expressen í Svíþjóð.

> **ÉG LÍT Á ÞETTA FREKAR SEM MIKINN HEIÐUR EN EITTHVAÐ ANNAÐ AÐ VERA HÉR.**
>
> Robin Bengtsson

### Draumur að rætast

Robin varð þriðji í sænska Idolinu fyrir níu árum. Síðan hefur ferill hans verið að hefja sig hægt og rólega á flug. Hann tók fyrst þátt í sænsku undankeppninni, Melodifestival, í fyrra með lagið Constellation Prize og varð fimmti.

„Ég lít á þetta frekar sem mikinn heiður en eitthvað annað að vera hér. Þetta er ákveðinn draumur hjá mér að rætast og ég mun gera mitt allra besta. Ef Svíar sjá það þá vona ég að þeir verði stoltir af mér," segir hann en Melodifestival er trúlega ein flottasta undankeppni Evrópu.

Þar leggja Svíar allt í sölurnar og forkeppni þeirra hófst í febrúar og lauk um mánuði síðar. Fjórar forkeppnir eru haldnar og svo keppa lög sem fá annan séns. Um 13 milljón atkvæði voru send inn sem er met. Lag Robins varð þriðja í símaatkvæðagreiðslunni en dómararnir sendu lagið áfram með miklum meirihluta atkvæða. Fékk hann 96 stig en lagið Hold On 20 stigum minna.

Robin segir að öll Norðurlöndin hafi sent góð lög í keppnina í ár og er ánægður með Svölu og hennar lag þrátt fyrir að okkar kona hafi verið skilin eftir. „Allar Norðurlandaþjóðirnar sendu góð lög inn í ár að mínu mati. Þau eru nútímaleg lög, öll á sinn hátt. Lagið hennar Svölu, Paper, er líkt og mörg lög frá Íslandi með mikinn kraft og skemmtilegt og það var leiðinlegt að það skyldi ekki komast áfram."

**SÍMAR AUGLÝSINGADEILDIR – AUGLÝSINGASTJÓRI:** Svanur Valgeirsson *svanur@365.is* **ALMENNAR AUGLÝSINGAR: SÍMI 512-5401:** Gústaf Bjarnason *gustaf@365.is*, Hafsteinn Hafsteinsson *hafsteinn@365.is*, Hjördís Zoëga *hjordis@365.is*, Sigfús Örn Einarsson *sigfus@365.is*, Örn Geirsson *orn.geirsson@365.is* **FÓLK/SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5402:** Atli Bergmann atli.*bergmann@365.is*, Jóhann Waage *johannwaage@365.is*, Jón Ívar Vilhelmsson *jonivar@365.is*, Ólafur H. Hákonarson *olafurh@365.is*, **FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNI:** Sólveig Gísladóttir *solveig@365.is* og Vera Einarsdóttir *vera@365.is* **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason *hrannar@365.is*, Viðar Ingi Pétursson *vip@365.is* **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Arna Rut Kristinsdóttir *arnarut@365.is*, Sigrún Helga Guðmundsdóttir *sigrunh@365.is*


LEXUS OG EGILS APPELSÍN
kynna með stolti
Síðast seldist upp á ferna tónleika!
Sissel
ELDBORG HÖRPU 20. DESEMBER KL. 18.00 OG 20.30
PÓSTLISTAFORSALA SENU LIVE HEFST
Á MIÐVIKUDAGINN KL. 10!
ALMENN SALA HEFST Á FIMMTUDAGINN KL. 10 Á HARPA.IS/SISSEL OG Í SÍMA 528 5050.
NÁNARI UPPLÝSINGAR OG SKRÁNING Á PÓSTLISTANN: SENA.IS/SISSEL

# FRÉTTABLAÐIÐ

**Við segjum fréttir** Smáauglýsingasíminn og skiptiborð **512 5000** **Vísir**

**Ritstjórn** 512 5200 Fax: 512 5301 ritstjorn@frettabladid.is **Auglýsingadeild** auglysingar@frettabladid.is **Prentun** Ísafoldarprentsmiðja

ÞÚ GETUR NÁLGAST FRÍTT EINTAK AF FRÉTTABLAÐINU VÍÐSVEGAR UM LANDIÐ.
Óskir þú eftir því að fá blaðið í áskrift, hafðu samband við Póstdreifingu.
FRÉTTABLAÐIÐ mest lesna dagblað landsins.

Póst dreifing **Dreifing** dreifing@postdreifing.is
**Ef blaðið berst ekki** 800 1177


BAKÞANKAR


Maríu Bjarnadóttur




## Leikskólapólitík

Nú stendur yfir kosningabarátta í Bretlandi. Aðalkosningamálefnið er útgangan úr Evrópusambandinu og hvernig hagsmunir Breta verði tryggðir.

Önnur viðvarandi álitaefni eins og heilbrigðiskerfi og skólakerfi hafa þó fengið umfjöllun. Tilkynning forsætisráðherra um aukna áherslu á svokallaða Grammar-skóla, latínuskóla Viktoríutímans og aðgöngumiða efnaminni afburðanemenda að einkaskólamenntun, hefur vakið heitar umræður um skólakerfið sem er um margt ólíkt því íslenska. Hin ríka hefð fyrir einkaskólum og dýrum einkareknum heimavistarskólum er samofin hinni djúpu stéttaskiptingu í landinu.

Kerfin eru líka afar ólík í leikskólamálum. Í raun má segja að fyrirkomulag leikskólamála á Bretlandseyjum minni heldur á stöðuna á Íslandi árið 1987 en 2017. Leikskólapláss er í Bretlandi lúxus þeirra efnameiri eða þeirra sem tilheyra tilteknum hópum. „Venjulegar“ konur í millistétt hætta flestar að vinna þegar börnin fæðast. Launin duga ekki fyrir leikskólagjaldinu.

Tilkoma breska Kvennalistans hefur ýtt við umræðum um leikskóla og nú hefur Verkamannaflokkurinn tekið undir þau sjónarmið. Kvennalistinn hefur lagt upp með stefnu um aðgengilegan leikskóla sem svipar til stefnu R-listans undir forystu Ingibjargar Sólrúnar Gísladóttur sem tók við stjórn Reykjavíkurborgar árið 1994. Heilsdagsleikskóla aðgengilegan öllum börnum óháð stöðu foreldra þeirra.

Öfgafemínisminn sem birtist í uppbyggingu leikskóla fyrir rúmum tveimur áratugum hefur reynst skynsamleg pólitík og grundvallarforsenda þess árangurs sem Ísland hefur þó náð í jafnréttismálum.








